



## Maður klagar ekki skipstjóran

Heimir Mariuson sætti einelti af sama yfirmanni í fimmtán ár. Hann vill opna umræðu um einelti á sjó. ➔30

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Fannst ég hafa brugðist ➔36



Heimili með sál ➔34



Sköpun býr við virðingarleysi ➔38

PLÚS 3 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK • SUMAR OG BÖRN

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Góða helgi!

lyfja.is

### Opið alla hvítasunnuhelgina

Verslanir Lyfju í Lágmúla og Smáratorgi verða opnar frá kl. 8-24 alla helgina, bæði á hvítasunnudag og annan í hvítasunnu.

Kringlan  
Í DAG  
**GOLFDAGAR**  
GLÆSILEG TILBOÐ OG SPENNANDI  
GOLFHÁTÍÐ Í DAG

## Veður



Útlit fyrir vestlæga átt 3-10 m/s og fallett og bjart veður víða í dag, en þó verður að mestu skýjað vestantil. Hiti 6 til 17 stig, hlýjast á Suðausturlandi.

**SJÁ SÍÐU 52**

## Guðni enn með mikið forskot

**STJÓRN MÁL** Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur mælist enn með mest fylgi frambjóðenda til embættis forseta Íslands. Samkvæmt nýrri könnun Maskínu er hann með 67,2 prósentu fylgi. Könnunin var gerð 10. til 13. maí síðastliðinn.

Í könnuninni mældist Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, með 14,8 prósentu fylgi, Andri Snær Magnason með 12,1 prósent, en aðrir með mun minna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við könnun Fréttablaðsins sem birt var fyrr í vikunni. – sg



Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur

## Bauð Obama að koma til Íslands

**STJÓRN MÁL** Sigurður Ingi Jóhannesson forsætisráðherra bauð í gær Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, í heimsókn til Íslands. Sigurður Ingi og Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra sátu í gær leiðtogafund Norðurlandanna og Bandaríkjanna í Hvíta húsinu. Á fundinum var rætt um samvinnu Bandaríkjanna og Norðurlandanna á ýmsum sviðum.

Á meðal umræðuefna voru öryggis- og varnarmál, barátta gegn hryðjuverkum og aðgerðir gegn öfgahyggju, fólksflutninga- og flóttamannavandinn, loftslagsmál, samstarf í málefnum norðurslóða, viðskiptamál, auk þróunar- og mannúðarmála. – jhh

» Forsætisráðherra Íslands og utanríkisráðherra sátu fund með Bandaríkjaforseta.

## Davíð opnaði kosningaskrifstofu



Fjöldi fólks var samankominn á Grensásvegi í gær þegar Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra og núverandi forsetaframbjóðandi, opnaði kosningaskrifstofu. Þann sama dag skilaði hann, ásamt níu öðrum frambjóðendum, lista með tilskildum fjölda stuðningsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Útboð vegna listaskóla

**MENNTAMÁL** Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir í dag eftir þátttakendum í auglýstu ferli um rekstur listframhaldsskóla á sviði tónlistar. Miðað er við að skólastarf hefjist á skólaárinu 2016 til 2017.

Það eru Ríkiskaup sem óska eftir aðilum til þátttöku í ferlinu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Ekki verður um formlegt útboð að ræða heldur opið ferli samkvæmt lögum um opinber innkaup.

Skólanum er ætlað að bjóða upp á framhaldsskólanám með áherslu á hljóðfæraleik og söng samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla, þannig að nemendur geti lokið stúdentsprófi.

Gert er ráð fyrir að þeir sem taki þátt í þessu ferli, hafi að lágmarki tíu ára reynslu við rekstur tónlistarskóla. – sg

# Þróuðu tæki til baráttu gegn beinhimnubólgu

Á þremur vikum hefur hópur nemenda í Háskólanum í Reykjavík þróað vöru til meðhöndlunar á beinhimnubólgu á námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja. Einn nemendanna segir það drauminn að taka vöruna lengra.

**NÝSKÖPUN** „Þegar þú ert með beinhimnubólgu er gott að hita og kæla til skiptist til að minnka bólgu, en oft er þetta of mikið ferli fyrir fólk og það endar á því að nenna ekki að meðhöndla þetta. Við ákváðum því að þróa vöru sem myndi einfalda þetta fyrir alla,“ segir Olga Ýr Georgsdóttir, nemandi í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík.

Olga Ýr, ásamt Þorsteini Jónssyni, Kristjáni Svani Eymundssyni, Bergdís Maggy Bergsteinsdóttur, Jóni Garpi Fletcher og Jóhönnu Wium Pálmarsdóttur, stendur að baki vörunni Tumentes. Varan var þróuð af nemendum, sem eru á fyrsta ári en í mismundi deildum í HR, á námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja síðustu þrjár vikur.

„Þetta er púði sem er festur á þig með frönskum rennilás svo að þú getir ráðið þrýstingnum sjálfur. Svo stillirðu með fjarstýringu hversu lengi þú vilt hafa hitann og hversu háan þú vilt hafa hann,“ segir Olga Ýr. Varan verður lítil og með rafhlöðu þannig að notendur geti tekið hana með sér í göngu.

„Við erum ekki að koma með nýja leið til að tækla beinhimnubólgu, við erum bara að reyna að einfalda ferlið, þannig að það séu meiri líkur á að fólk geri eitthvað í þessu,“ segir Olga Ýr og bætir við að teymið hafi gert könnun sem sýndi að margir nenni einfaldlega ekki að meðhöndla beinhimnubólgu og hætti jafnvel að stunda hreyfingu út af bólgunni.

Teymið er komið með prótótýpu og með allt sem það þarf til að þróa vöruna frekar. „Við erum ekki búin að fara í neina áhættuvinnu, en við erum komin með það á hreint



Teymið sem stendur að baki Tumentes sýnir prótótýpuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við erum ekki að koma með nýja leið til að tækla beinhimnubólgu, við erum bara að reyna að einfalda ferlið, þannig að það séu meiri líkur á að fólk geri eitthvað í þessu.“

Olga Ýr Georgsdóttir nemandi við HR

hvernig þetta virkar og formúluna í kringum það,“ segir Olga Ýr.

Hún segir drauminn að taka verkefnið lengra. „Við erum háskólanemar á fyrsta ári þannig að þá þyrftum við að fara í eitthvað samstarf eins og staðan er núna og aðstæður eru, en það væri geggjað ef það væri hægt,“ segir Olga Ýr.

Fleiri verkefni verða kynnt í dag í lokahófi námskeiðsins í HR. Þá hefjast örkynningar kl. 15.30 og verðlaunaafhending fyrir bestu verkefni kl. 16.30.

saeunn@frettabladid.is

**NÝTT**  
LÍFRÆNT OFURFÆÐI

natures aid

Lífrænt  
rauðrófuduft  
í hylkjum



„Í kjölfar hjartaáfalls rauk kólesterólíð upp úr öllu valdi. Rauðrófuhylkin hjálpuðu mér að ná því niður í eðlilegt horf á örfáum mánuðum.“

Jóhannes S. Ólafsson, útgerðarmaður og skipstjóri

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

# SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

Opið hvítasunnudag í Blómavali Skútuvogi kl. 11-19

Opið annan í hvítasunnu í Húsasmiðjunni og Blómavali: Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi og Akureyri. Sjá nánar á husa.is

29%  
afsláttur

Margarita.

**1.199 kr**

~~1.590 kr~~

Sýpris hæð ca. 100 cm.

**999 kr**

~~2.490~~

33%  
afsláttur

Stjúpur 10 stk. í bakka.

**1.199 kr**

~~1.790 kr~~

blómaval



**99.990 kr**

~~109.990 kr~~

**Gasgrill Weber E310**  
3 ryðfrír brennarar: 9,4 kW/h – 32,000 BTU. Pottjárns grillgrindur, postulín glerungshúðað lok, skápur með sprautaðri svartri hurð. 3000311



**76.990 kr**

~~99.900 kr~~

**Gasgrill Weber Q3200**  
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur, Postulín glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Brennari: 6,35 kW/h – 21.700 BTU. 3000380



**49.990 kr**

~~59.990 kr~~

**Gasgrill Broil King Royal 320**  
3 ryðfrír brennarar: Dual tube 8,8kW/h, grillgrind úr pottjárni, postulínshúðuð vermigrind. 3000604

20%  
afsláttur

ÖLL  
GARÐHÚSGÖGN



SÚPER AFMÆLISTILBOÐ

**29.590 kr**

~~36.990 kr~~

Garðsett Hraun  
3899573

## SLÁTTUVÉLAR - MEIRA ÚRVAL - LÆGRA VERÐ!

15%  
afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ  
**38.245 kr**

~~44.995 kr~~



**Sláttuvél TEXAS Razor 4610 með drifi**  
139 cc, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1, 6 hæðastillingar. 5085301

FRÁBJERT VERÐ  
**29.995 kr**



**Sláttuvél Texas DS51**  
139 cc, sláttubreidd 51 cm, sláttukerfi 2in1, sex hæðastillingar. 5085300

19%  
afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ  
**21.995 kr**

~~26.995 kr~~



**ALKO Rafmagnssláttuvél ALKO Comfort 34E**  
1200W, 34 cm sláttubreidd, 6 hæðastillingar, 37 ltr., safnari. 5085138

23%  
afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ  
**19.995 kr**

~~25.995 kr~~



**BLACK & DECKER Rafmagnssláttuvél EMAX32**  
1200W, 35 cm sláttubreidd, E-Drive mótör sem eykur kraftinn við álag. 5085160

26%  
afsláttur

SÚPER AFMÆLISTILBOÐ  
**9.995 kr**

~~13.495 kr~~



**ALKO Handsláttuvél Comfort 38-5**  
38 cm sláttubreidd, hæðastillingar. 5085132




Byggjum á betra verði

www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirtæri um prentvillur og myndavæki. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

TÖLUR VIKUNNAR 08.05.2016 TIL 14.05.2016

**146** hestaleigur eru með leyfi frá Ferðamálastofu.



**13%** þeirra sem bjóða heimagistingu hafa til þess tilskilin leyfi.



**30%** aðspurðra í könnun Fréttablaðsins hafa áhyggjur af fjármálum heimilisins.




**487,7**

milljarðar er virði eignarhluta ríkisins af eigin fé stóru viðskiptabankanna.



**21,9%** hafa frestað því að sækja sér lækniþjónustu, sýnir rannsókn.

**3.440** erlendir ríkisborgarar fluttu til Íslands umfram brottflutta.



**3,5** milljarðar var hagnaður Haga á síðasta reikningsári



**120** íbúðir vantar á Húsavík vegna tilkomu verksmiðju PCC Silicon á Bakka.

## Þrír í fréttum Framboð, frelsi og hótanir

Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins, tilkynnti að hann ætlaði að sækjast eftir embætti forseta Íslands í komandi forsetakosningum. En hann sagðist ekki hafa voðalegan metnað til þess. „Ég er búinn að svara öllum mínum metnaði. Ég er búinn að koma í allar hallir heimsins. Ég er búinn að fara fimm eða sex sinnum í Hvíta húsið, hitta alla kónga og fimm forseta Bandaríkjanna og allt þetta.“

Hann gat þess að ef þjóðin vildi fá einhvern annan þá gæti hún alveg verið röleg gagnvart honum. Hann myndi taka því afskaplega vel.



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, dró framboð sitt til baka og sagðist ekki sjá eftir því. Hann sagði fréttir af því að nafn forsetafrúarinnar, Dorritar Moussaieff, væri að finna í Panama-skjölunum ekki eiga þátt í þeirri ákvörðun að draga framboðið til baka. Forsetinn sagði eiginkonu sína vera ánægða með ákvörðun hans og að þau gleddust bæði yfir frelsinu sem væri fram undan.



Skúli Þórðarson ríkisskattstjóri greindi frá því að starfsfólki embættisins hefði verið hótad persónulega vegna fyrirspurna um aflandsfélög. Embætti ríkisskattstjóra hefur opnað 180 mál vegna endurálagningar skatta á grundvelli upplýsinga um aflandsfélög í skattaskjólum.



# Panta pláss fyrir skemmtiferðaskip tíu ár fram í tímann

Þegar hefur ein útgerð pantað pláss fyrir skemmtiferðaskip við bryggju í Reykjavík vegna sólmyrkvans sem hér á að sjást árið 2026. Búist er við að 113 skip komi til landsins í ár með tæplega 109 þúsund farþega.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ein útgerð skemmtiferðaskipa hefur þegar pantað bryggjuhláss í Reykjavík eftir tíu ár, samkvæmt upplýsingum frá TVG-Zimsen. Árið 2026 er því spáð að næsti sólmyrkvi verði við Ísland.

Komum skemmtiferðaskipa hingað til lands hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár, en frá því á árunum fyrir hrun hefur tvöfaldast sá fjöldi ferðamanna sem hingað kemur með skemmtiferðaskipum.

Samkvæmt upplýsingum frá Faxaflóahöfnum er gert ráð fyrir að aukning frá síðasta ári nemi 4,6 prósentum, fari úr 108 skipum í fyrra í 113 skipakomur í ár.

Þá gera áætlanir ráð fyrir því að farþegar með skipunum verði á þessu ári 108.900 talsins, en það er aukning um 8,7 prósent frá fyrra ári.

„Segja má að árleg vertíð skemmtiferðaskipa sé að hefjast fyrir alvöru með komu Celebrity Eclipse,“ segir Jóhann Bogason, framkvæmdastjóri Gáru, dótturfélags TVG-Zimsen, en fyrirtækið þjónustar flest skemmtiferðaskip sem hingað koma.

Skipið er væntanlegt til Akureyrar á sunnudag, en þaðan siglir það vestur fyrir land með viðkomu á Ísafirði á mánudag. Til Reykjavíkur kemur skipið svo á þriðjudag.

Skipið er með þeim stærstu sem hingað koma, 122.000 brúttótonn alls og 300 metra langt. Með því koma 2.850 farþegar og 1.200 manna áhöfn.

Að sögn Jóhanns var skemmtiferðaskipið Magellan hins vegar fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins, en það hefur komið tvívegis til landsins í ár. „Við sjáum fram á mjög viðburðaríkt sumar,“ segir Jóhann.

olikr@frettabladid.is



Skemmtiferðaskipið Celebrity Eclipse er væntanlegt til Reykjavíkur á þriðjudag. Í skipinu eru meðal annars spilavíti, leikhús, kvikmyndasalur, listagalleri, bókasafn, sundlaugar og fjöldi veitingastaða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Skemmtiferðaskip og farþegar

Ár	Farþegar	Skip
2005	54.795	77
2006	55.223	74
2007	53.529	76
2008	59.308	83
2009	68.867	80
2010	70.133	74
2011	62.673	67
2012	91.954	81
2013	92.412	80
2014	104.816	91
2015	100.141	108
2016*	108.900	113

\*Skv. áætlun. Heimild: Faxaflóahafnir

**8,7%** aukning verður á komum skemmtiferðaskipa í ár.

» Celebrity Eclipse er 122 þúsund brúttótonn, 300 metra langt og með stærstu skemmtiferðaskipum sem hingað koma.

» Skipið er væntanlegt til Akureyrar á sunnudag en þaðan siglir það svo á þriðjudag.

## Ástandið við Mývatn tekið til skoðunar

**UMHVERFISMÁL** Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur skipað samstarfshóp sem ætlað er að taka saman lykilupplýsingar um ástand mála í Mývatni.

„Mývatn er ein af okkar dýrmætustu náttúruperlum og horfa þarf til sérstakrar verndarstöðu og verndargildis vatnsins og ástandsins nú varðandi bakteríublóma,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins.

Hlutverk hópsins er að draga saman bestu fánlegu þekkingu um ástand Mývatns og Laxár og lífríkis þess og þann vanda sem við blasir þar sérstaklega nú; hverjar séu helstu uppsprettur næringarefna sem berast í Mývatn og líklegar orsakir þess vanda sem nú er við að eiga og hvaða aðgerðir koma til greina til að reyna draga úr ofauðgun og bakteríublóma í vatninu. Þá verður einnig greint hvernig unnt sé að bæta vöktun og upplýsingagjöf um ástand vatnsins og lífríki þess.

Tilgangurinn er að aðstoða stjórn-



Ský hrannast upp yfir Mývatni. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

völd við ákvörðunartöku varðandi mögulegar aðgerðir sem gætu komið að gagni til að draga úr álagi af manna völdum á lífríki vatnsins og bæta úr þeim vanda sem nú er að

glíma við og lýsir sér helst í miklum blóma blábaktería í vatninu.

Gert er ráð fyrir að samstarfshópurinn skili samantekt til ráðherra fyrir 17. júní næstkomandi. – shá

**Flórens**  
Helgarferð 27. - 30. október

Verð frá:  
**105.700**  
og 12.500 Vildarpunktur  
Á mann m.v. 2 í herbergi á Albergo Firenze með morgunmat.  
Sjá nánar á VITA.IS

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS

„Í þessu trausti viljum vèr, háttvirtu félagsmenn! vinna ótrauðir, leitast við að auka mentun og fróðleik sjálfra vor og landa vorra, og reyna til að vinna félagi voru sem flesta félagsbræður, svo að því enn geti aukizt kraptar og það unnið sem mest gagn fyrir land og lýð.“

Hið íslenska bókmenntafélag fagnar um þessar mundir 200 ára afmæli sínu. Af því tilefni opnar glæsileg sýning í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni um sögu félagsins sem á sér ótal marga snertifleti við sögu þjóðarinnar.

**Rasmus Christian Rask**  
Upphafsmáður að stofnun Hins íslenska bókmenntafélags var danski málfræðingurinn Rasmus Christian Rask (1787-1832). Rask var mikill áhugamaður um íslenska tungu og menningu og var meðal þeirra sem töldu að æskilegt væri að stofna félag til að efla íslenska tungu því hún ætti á hættu að deyja út á næstu 100 til 300 árum.



**Skírnir**  
Bókmenntafélagið hóf öflugt útgáfustarf ári eftir stofnun og 1827 leit fyrsta tölublað Skírnis dagsins ljós.



Starfsemi félagsins var fyrstu öldina samofin sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

#### Útgáfa

Bókmenntafélagið er fræðafélag þótt það sé kennt við bókmenntir. Við stofnun félagsins merkti orðið bókmenntir hvers konar menntir sem bundnar voru við

Skírnir hefur komið út óslitið síðan og er elsta tímarit á Norðurlöndum.

Skírnir er sendur út til félagsmanna Hins íslenska bókmenntafélags tvisvar á ári, að vori og hausti.

bækur og þá ekki síður fræði en skáldskap. Félagið

hefur frá stofnun gefið út mikinn fjölda rita, bæði íslensk og erlend öndvegisverk. Þar á meðal má nefna


Lærdómsritin svonefndu, en þar er að finna nokkur „tíma-mótaverk í sögu mannglegrar



**Jón forseti**  
Jón Sigurðsson var kjörinn forseti Kaupmannahafnardeildar félagsins árið 1851. Þaðan er komið viðurnefnið „Jón forseti.“ Raunar var kosningin tvisýn og þurfti að kjósa tvisvar milli Jóns og Brynjólfs Péturssonar. Jón sat síðan sem forseti félagsins til dauðadags árið 1879 eða í tæp þrjátíu ár.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
Stofnfundur félagsins fór fram á lofti Prenningar-kirkju í Kaupmannahöfn 30. mars 1816 og í ágúst sama ár var annar stofnfundur haldinn á Íslandi. Árið 1818 tók Bókmenntafélagið formlega við búi Hins konunglega íslenska lærdómslistafélags sem starfað hafði frá 1779 og var fyrirrennari HÍB.

[www.hib.is](http://www.hib.is)




KLASSÍSKUR FRÓÐLEIKUR Í 200 ÁR

## Afmælissýning Hins íslenska bókmenntafélags í Þjóðarbókhöðunni frá 12. maí 2016

SÝNINGIN ER OPIN 9-17 VIRKA DAGA  
OG 10-14 Á LAUGARDÖGUM

hugsunar“ auk annarra fræðilegra rita sem þykja framúrskarandi góð.

#### Til framtíðar



Bókmenntafélagið fagnar 200 ára afmæli sínu með veglegri dagskrá, sem hófst með undirritun samstarfssamnings við GAMMA sem er þar með bakhjarl félagsins næstu fjögur ár. Við sama tækifæri kynnti Jón Sigurðsson, forseti félagsins, nýja Twitter-síðu Bókmenntafélagsins og ritaði fyrstu færslu félagsins á þeim vettvangi: „Hér hefjast næstu tvö hundruð ár í sögu Hins íslenska bókmenntafélags.“



„Hér hefjast næstu tvö hundruð ár í sögu Hins íslenska bókmenntafélags.“

**Öllum opið**  
Bókmenntafélagið er vitaskuld öllum opið. Um leið og við bjóðum alla velkomna á afmælissýninguna hvetjum við þá sem láta sig markmið félagsins varða að gerast félagar og njóta um leið glæsilegrar útgáfu félagsins á markverðum fræðiritum.



**GAMMA**  
styrkir HÍB  
á tveggja alda afmæli  
félagsins

## Ársfundur 2016

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar verður haldinn mánudaginn 30. maí kl. 16.30 í húsaýrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, Sigtúni 42, 2. hæð, Reykjavík.

### Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Kosning tveggja stjórnarmanna úr röðum sjóðfélaga
3. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

Kópavogi, 27. apríl 2016

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

## Yfirlit yfir afkomu ársins 2015

Efnahagsreikningur (í milljónum kr.)	2015	2014
Verðbréf með breytilegum tekjum	917	1.121
Verðbréf með föstum tekjum	2.759	2.710
Veðlán	361	46
Bankainnviðskipti	40	4
Kröfur	84	36
Aðrar eignir	26	8
Skuldir	(10)	(8)
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>4.177</b>	<b>3.917</b>

Breyting á hreinni eign (í milljónum kr.)	2015	2014
Iðgjöld	255	241
Lífeyrir	(336)	(305)
Fjárfestingatekjur	340	223
Fjárfestingagjöld	(12)	(11)
Rekstrarkostnaður	(15)	(12)
Aðrar tekjur	28	23
Hækkun á hreinni eign á árinu	260	159
Hrein eign frá fyrra ári	3.917	3.758
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>4.177</b>	<b>3.917</b>

Kennitölur	2015	2014
Nafnávöxtun	8%	5,4%
Raunávöxtun	5,9%	4,3%
Raunávöxtun 5 ára meðaltal	4,6%	4,1%
Skuldir umfram áfallnar skuldbindingar	-58,4%	-58,0%
Fjöldi sjóðfélaga	102	112
Fjöldi lífeyrisþega	285	289

### Starfsemi sjóðsins á árinu

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti. Raunávöxtun sjóðsins var góð á árinu 2015 eða 5,9% og meðalraunávöxtun síðastliðin fimm ár er 4,6%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var 4,2 milljarðar króna í árslok 2015 og hækkaði um 260 milljónir króna á milli ára. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur frá 1. apríl 2010 annast daglegan rekstur sjóðsins.

### Sjóðfélagar

Á árinu 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins á þeim tíma er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Þetta eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Kópavogsbæ, stofnunum bæjarins, sjálfseignastofnunum eða félögum skrásettum í Kópavogi sem bæjarfélagið á aðild að og voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins.

### Í stjórn sjóðsins eru:

Gunnlaugur Júlíusson, formaður, Ása Richardsdóttir, Helga E. Jónsdóttir Kristinn Sverrisson og Ragnar Snorri Magnússon.

Framkvæmdastjóri er: Gerður Guðjónsdóttir.



Lífeyrissjóður starfsmanna  
Kópavogsbæjar

## Frelsinu fegin



Íberiugaupan Mistral varð frelsinu fegin eftir að Joao Matos Fernandes, umhverfisráðherra Portúgals, lét hana lausa í Milhouro í Portúgal í gær. Allt frá árinu 2014 hefur fjórtán gaupum verið sleppt á villt svæði eftir að hafa verið aldar upp í búri. Íberiugaupan er í útrýmingarhættu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Samningur í hendi fyrir álver Norðurláls

Landsvirkjun og Norðurlál hafa náð saman um endurnýjaðan raforkusamning. Álverðstenging fer út og verð tengt markaði. Gefur Landsvirkjun umtalsvert meira en fyrri samningur sem er um margt tímamótasamningur.

**ORKUMÁL** Landsvirkjun og Norðurlál Grundartangi ehf. hafa náð samkomulagi um að endurnýja raforkusamning fyrirtækjanna fyrir 161 MW. Samningurinn felur í sér nokkur nýmæli en orkuverð verður tengt markaðsverðum í Norður Evrópu – í gegnum Nord Pool raforkumarkaðinn – og kemur það í stað álverðstengingar í gildandi samningi.

Samningurinn er til fjögurra ára og uppfyllir nærri þriðjung af orkuþörf álvers Norðurláls á Grundartanga. Endurnýjaður samningur tekur gildi í nóvember 2019 og gildir til loka árs 2023. Núgildandi samningur verður áfram í gildi til loka október 2019.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að samningurinn sé afrakstur mikillar vinnu, en fyrr í vetur kom fram í fréttum að hart var tekið á milli fyrirtækjanna um innihald samningsins, sem eðli málsins samkvæmt gerðu bæði sitt itrasta til að verja sína hagsmuni.

„Það eru miklir hagsmunir undir, og við þurftum að gæta hagsmuna

Miðað við okkar forsendur er um umtalsverða verðhækkun að ræða.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar



okkar eigenda og þeir sinna. Það var hart tekið á en menn náðu góðri lendingu,” segir Hörður en bætir við að nýr samningur sé gjörbreyttur frá þeim fyrri. Sá samningur hafi verið barn síns tíma en hann er frá árinu 1997.

„Þess vegna þurfti að gera veigamiklar breytingar á samningnum, með því að fella niður álverðstenginguna og tengja raforkuverðið mörkuðum sem hefur verið stefnt að lengi.“

Hörður segir að tenging raforkusamnings beint við markað séu viss vatnaskil, og eigi sér ekki fordæmi

hérlandis. Landsvirkjun hafi stefnt að þessum áfanga í mörg ár, og slík tenging hafi átt sér sína efasemdar-menn hérlandis. Hins vegar sé nú staðfest að Landsvirkjun sé að vinna á sama markaði og önnur orkufyrirtæki í Evrópu.

Samningurinn er til fjögurra ára eins og áður sagði, sem er stuttur tími samanborið við marga eldri samninga íslenskra orkufyrirtækja.

„Þetta er hefðbundið í Evrópu, en svo er einfaldlega stefnt á að semja að nýju. Sú vinna hefst löngu áður en þessi ný samningur rennur út,” segir Hörður og bætir við að árið 2009 voru 65% tekjuflokka Landsvirkjunar tengd álverði en nú er það aðeins um tuttugu prósent sem sé nálægt því að vera ásættanleg áhætta er varðar sölu á orku fyrirtækisins.

„Miðað við okkar forsendur er um umtalsverða verðhækkun að ræða. Það ræðst svo af orku- og álmörkuðum á næstu árum hve mikil hún verður,” segir Hörður.

svavar@frettabladid.is



# BÍTTIMARKAÐUR EM FÓTBOLTASPJÖLD



Í HAGKAUP KRINGLUNNI Í DAG KL. 13-17

KOMDU MEÐ EM SPJÖLDIN ÞÍN TIL AÐ BÍTTA.

HEIMIR HALLGRÍMSSON OG KOLBEINN SIGÞÓRSSON  
ÁRITA SPJÖLD FRÁ KL. 14-15.

ÞEIR ÆTLA EINNIG AÐ ÁRITA OG GEFA 200 SPJÖLD HVOR.

**FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ.**

*20% afsláttur  
af safnumöppum og gjafaöskjum*

ALLT UM EM 2016 OG STJÖRNURNAR!

Húfa  
1.499kr

Trefill  
1.499kr

Sólgleraugu  
1.999kr



Verð nú  
**3.119kr**  
v.á 3.899



**2.999kr**

Afsláttur gildir út 16. maí

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

## Trump reynir að borga sem minnstan skatt

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forsetaframbjóðandi flokks repúblikana í Bandaríkjunum, sagði í gær að upplýsingar um skattgreiðslur hans væru einkamál og kæmu engum við.

Mitt Romney, forsetaframbjóðandi flokksins fyrir fjórum árum, hefur undanfarið krafist þess að Trump upplýsi um skattamál sín. Romney, sætti sams konar þrýstingi fyrir fjórum árum en birti upplýsingar sínar í september þegar tveir mánuðir voru í kosningar. Þá kom í ljós að hann

» Romney þrýstir á Trump að upplýsa um skattgreiðslur.

greiddi hlutfallslega lægri skatta en meðalmaðurinn.

Aðspurður um skattamál sín í viðtali á sjónvarpsstöðinni NBC sagði Trump: „Það kemur þér ekki við. Þú munt sjá upplýsingarnar þegar ég geri þær opinberar, en ég berst af öllum kröftum fyrir því að borga eins lítið í skatt og hægt er.“ — þea

Frá kr. 9.900  
Aðra leið m/sköttum og tösku

**ALICANTE**

Flugsæti Netverð á mann frá kr. 9.900 aðra leið m/sköttum og tösku.

Heimsferðir

# Jafnréttisstofa vill vernd hinsegin fólks

Jafnréttisstofa segir skipta máli að samkynhneigðir og transfólk njóti sérstakrar verndar í nýjum útlendingalögum. Hóparnir séu ofsóttir víða í heimalöndum sínum og þurfi dvalarleyfi af mannúðarástæðum hér á landi.

**STJÓRNSÝSLA** Jafnréttisstofa gerir athugasemdir við að kynhneigð og kynvitund séu ekki talin upp sem ástæður til að hljóta dvalarleyfi af mannúðarástæðum í frumvarpi til nýrra heildarlaga um útlendinga. Áshildur Linnét, sérfræðingur hjá Rauða krossinum, tekur undir með Jafnréttisstofu.

Fyrir liggja á Alþingi ný heildarlög um útlendinga en um afar víðamikil frumvarp er að ræða. Til að skerpa á flóttamannahugtakinu segir Ingibjörg Elíasdóttir, lögfræðingur Jafnréttisstofu, nauðsynlegt að bæta inn hugtökunum. „Það er nauðsynlegt einmitt vegna þeirra ofsókna og mannréttindabrota sem fólk verður fyrir vegna kynhneigðar sinnar eða kynvitundar. Með því að nefna þetta í upptalningu í frumvarpinu um ástæður fyrir dvalarleyfi af mannúðarástæðum gerum við þessu aðeins hærra undir höfði og viðurkennum þennan vanda,“ segir Ingibjörg.

Áshildur Linnét hjá Rauða krossinum tekur undir þessi sjónarmið Jafnréttisstofu. „Við teljum það mjög til bóta að þessum atriðum verði bætt í upptalningu á dæmum um það hverjir geti talist í sérstaklega viðkvæmri stöðu.



Samkynhneigðir og transfólk eiga víða undir högg að sækja heimafyrir. Á Íslandi taka margir þátt í Gleðigöngunni til að styðja þessa hópa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Engin slík skilgreining er fyrir hendi í núverandi löggjöf og teljum við upptalninguna því til bóta. Að bæta við listann fólki sem er í viðkvæmri stöðu vegna kynhneigðar er því jákvætt,“ segir Áshildur.

Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 sóttu 134 einstaklingar frá 24 löndum um vernd á Íslandi. Á sama tíma á síðasta ári höfðu 39 einstaklingar sótt um vernd og er því um gríðarlega fjölgun að ræða. Niðurstaða fékkst í 147 málum

á fyrsta ársfjórðungi 2016. Alls voru 62 mál tekin til efnislegrar meðferðar, 53 mál voru afgreidd með endursendingu á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar, níu umsækjendur höfðu þegar fengið vernd annars staðar og 25 umsækjendur drógu umsóknir sínar til baka.

62 mál voru tekin til efnislegrar meðferðar. 25 einstaklingar fengu dvalarleyfi en 37 umsóknum var sýnað. sveinn@frettabladid.is

Síminn

## Risaafsláttur af Samsung um helgina

Gerðu góð kaup!

Hágaða kaupanki



S6 64 GB

**69.990 kr.**

Verð áður: 99.990 kr.

Samsung Level U heyrnartól að verðmæti 14.990 kr. fylgja öllum gerðum S6.

Hágaða kaupanki



S6 Edge 64 GB

**79.990 kr.**

Verð áður: 114.990 kr.

Samsung Level U heyrnartól að verðmæti 14.990 kr. fylgja öllum gerðum S6.

S5 Neo

**44.990 kr.**

Verð áður: 59.990 kr.



# NÓATÚN



**11%**  
afsláttur

**1599** kr./kg  
Grísahamborgarhyggur, verð áður **1799** kr./kg



**17%**  
afsláttur

**Bestir í kjöti**

**1399** kr./kg  
Úrbeinaður grísahnakki, verð áður **1699** kr./kg

## OPIÐ ALLA HVÍTASUNNUHELGINA

**8-20**



**21%**  
afsláttur

**299** kr./kg  
Ferskur ananas, verð áður **379** kr./kg



**679** kr./stk.  
MS Dala hringur

**539** kr./stk.  
Kjú Ljúflingur

**688** kr./stk.  
MS Ljótur



**14%**  
afsláttur

**4399** kr./kg  
Lambafille með fiturönd, verð áður **5129** kr./kg



**13%**  
afsláttur

**599** kr./stk.  
Maarud með papriku eða salt og pipar, verð áður **685** kr./stk.



**41%**  
afsláttur

**349** kr./pk.  
Jarðarber, askja 250g, verð áður **599** kr./pk.



**399** kr./stk.  
Nóa Kropp piparhúðað. Takmarkað magn.



**33%**  
afsláttur

**199** kr./stk.  
Egils kristall mexican lime 2L, verð áður **298** kr./stk.

Alla daga **8-20**

## Tjakkar á góðu verði



EP Pallettu-tjakkur  
2 tonna lyftigeta  
**38.900**

með PU hjólum kr 39.900

Galvaniseraður tjakkur  
**84.900**

Rafmagnstjakkur 1,5 tonn  
**345.900**

Kletthálsi Reykjavík  
Reykjanesbæ



**MURBUDIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Morgunverðarfundur Félags atvinnurekenda

## ER RÍKIÐ LÉLEGUR NEYTANDI?

Vannýtt tækifæri í innkaupum og útboðsmálum ríkisins.  
Opinn fundur þriðjudaginn 17. maí kl. 8:30–10:00.

Útboðsmál ríkisins hafa verið í brennidepli að undanförunu. Hægt er að spara skattgreiðendum háar fjárhæðir með skilvirkum útboðum. Útboð á vegum ríkisins þjóna jafnframt þeim tilgangi að ýta undir skilvirka samkeppni, neytendum til hagsbóta. Félag atvinnurekenda efnir til morgunverðarfundar um útboðsmál ríkisins þriðjudaginn 17. maí.

### Dagskrá:

#### Bruðl að bjóða ekki út

Guðlaugur Þór Þórðarson,  
varaformaður fjárlaganefndar Alþingis.

#### Hvar er pottur brotinn?

##### Litið yfir úrskurðarfrákvæmd kærunefndar

Skúli Magnússon, héraðsdómari og  
formaður kærunefndar útboðsmála.

#### Topp tíu listinn – hvaða opinberar stofnanir fá flestar kærur vegna innkaupa?

Inga Skarphéðinsdóttir, lögfræðingur Félags atvinnurekenda.

Fundarstjóri er Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.



Fundurinn er haldinn í fundarsal Félags atvinnurekenda á 9. hæð í Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7. Léttur morgunverður er í boði á fundinum, sem er öllum opin á meðan húsrúm leyfir.  
**Skráning á vef Félags atvinnurekenda, [www.atvinnurekendur.is](http://www.atvinnurekendur.is)**

FÉLAG  ATVINNUREKENDA

# Sautján þúsund íbúar í sameinuðu Árneshreppi

Oddviti Grimsnes- og Grafningshrepps kallar eftir sameiningu allra sveitarfélaga í Árneshreppi. Með henni yrði til fimmta stærsta sveitarfélag landsins. Hann horfir meðal annars á mikilvægi sameiginlegrar stefnu í ferðaþjónustu.

**SVEITARSTJÓRNIR** „Sjálfur held ég að sóknarfærin séu miklu meiri en það sem við töpum á því,“ segir Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grimsnes- og Grafningshrepps, sem óskar nú eftir því að öll sveitarfélög í Árneshreppi tilnefni fyrir haustið tvo fulltrúa hvert til að skoða kosti og galla þess að sameina Árneshreppi í eitt sveitarfélag. „Jarðvegurinn var mjög jákvæður,“ segir Gunnar um viðtökur sem hann fékk er hann reifaði sameiningarhugmyndina á fundi héraðsnefndar Árneshrepps í lok apríl. Sveitarfélögin hafi með sér mikinn samrekstur í verkefnum á borð við Tónlistarskóla Árneshrepps, Brunavarnir í Árneshreppum og byggðasafn.

„Eftir því sem við höfum viðrað þetta meira, bæði formlega og óformlega, þá tel ég nú skynsamlegt að Árneshreppi ætti að skoða hver væri í raun og veru kosturinn við að sameina öll sveitarfélögin í eitt sveitarfélag,“ segir Gunnar.

Íbúar sameinaða sveitarfélagsins yrðu um sautján þúsund. Sameinuðu Árneshreppi yrði fimmta fjölmennasta sveitarfélag landsins á undan Reykjanesbæ þar sem búa ríflega 15.200 manns og á eftir Akureyri með um 18.300 íbúa. „Þetta yrði eitt af öflugustu sveitarfélögum landsins,“ segir Gunnar.

Um kosti sameiningar nefnir Gunnar að fækka myndi öllum hliðarsamningum og draga úr byggðasamlagsrekstri. „Það er svo sem ágætt til síns brúks en það verður ekki mikil framþróun í þessu og það er mikið af einyrkjastörfum í svona byggðasamlagskerfi,“ segir hann.

Þá bendir Gunnar á að í sveitarfélagi af slíkrri stærðargráðu yrði horft allt öðru vísi á markaðssetningu á sveitarfélaginu.



„Við munum veita betri þjónustu fyrir það fjármagn sem við erum með,“ segir Gunnar Þorgeirsson, oddviti Grimsnes- og Grafningshrepps, um kosti sameiningar í Árneshreppi.

FRÉTTABLAÐID/MAGNÚS HLYNUR

**En nafnið er til; sveitarfélagið myndi væntanlega heita Árneshreppur og þjóðsöngurinn er til og heitir Árneshreppur. Þannig að þetta er ekki mjög flókið.**

Gunnar Þorgeirsson,  
oddviti Grimsnes- og Grafningshrepps

### Sveitarfélög í Árneshreppi

Ölfus.  
Hveragerði.  
Árborg.  
Flóahreppur.  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur.  
Grimsnes- og Grafningshreppur.  
Hrunamannahreppur.  
Bláskógabyggð.

„Við erum náttúrliga með allflestar náttúruperlur Suðurlands í boði fyrir ferðamennina og samþætt ferðamálastefna fyrir svæðið í heild sinni væri mjög skynsamleg,“ segir Gunnar. Hann er formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og kveður einmitt hafa verið rætt um sameiginlega ferðamálastefnu á þeim vettvangi.

Gunnar rifjar upp að lengi hafi verið rætt um að sameina upp sveitir Árneshrepps. „En miðað við þau verkefni sem við erum komin með í dag þykir það orðin hálfgerð millilending. Þá velta menn því fyrir sér hvort það sé ekki skynsamlegt að skoða þann kost að fara bara alla leið,“ segir hann.

Aðspurður kveðst Gunnar ekki eiga von á öðru en að öll sveitarfélögin tilnefni fulltrúa. „Auðvitað getur niðurstaðan verið sú að þetta sé ekki skynsamlegt en það er þá bara niðurstaðan. En nafnið er til; sveitarfélagið myndi væntanlega heita Árneshreppur og þjóðsöngurinn er til og heitir Árneshreppur. Þannig að þetta er ekki mjög flókið og svo er bara smotterið eftir,“ segir oddvittinn og hlær. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)

## Fertugur þriggja sæta sófi óskar eftir rólegri innivinnu

Hef mikla reynslu af kúri, sjónvarpsglápi og flutningum. Er barngóður en gjörsamlega hata að láta hoppa á mér. Góður við dýr — meira að segja þau sem naga á mér bakið.

En semsagt, nú er ég á milli heimila. Og bara til í eitthvað nýtt.



Þar sem notað er nýtt

góði hirðirinn



**7 manna fjölskyldubíll með  
SYNC II samskiptakerfi,  
8" snertiskjá og íslensku  
leiðsögukerfi**



## NÝR FORD GALAXY

› Ef þú ert að leita að rúmgóðum 7 manna bíl sem hentar erilsömu lífi fjölskyldunnar þá er Ford með bílinn fyrir þig. Glæsilegur staðalbúnaður, mikill öryggisbúnaður og framúrskarandi aksturseiginleikar gera Ford Galaxy að draumabíl fjölskyldunnar.

Meðal staðalbúnaður er SYNC II samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu í 112, 8" snertiskjár í miðjustökk, íslenskt leiðsögukerfi, tvískipt tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, upphitanleg framrúða og 17" álfelgur. Veglínuskynjari með umferðaskiltalesara og árekstrarvari með neyðarbremsu eru einnig hluti af staðalbúnaði Ford Galaxy.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford Galaxy  
- komdu og prófaðu**

### FORD GALAXY

BEINSKIPTUR

FRÁ **5.590.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **6.150.000** KR.

FÁANLEGUR FJÓRHJÓLADRIFINN



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sóludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

[ford.is](http://ford.is)

Gerðu samanburð og þú munt sjá að Ford Galaxy er snidinn fyrir fjölskylduna og ferðalagið. Til viðbótar við ofantalið er eftirfarandi einnig staðalbúnaður: 10,1" TFT skjár í mælaborði, starthnappur, Ford MyKey öryggislykill, þakbogur, Auto-Start-Stop eldsneytisparnaðarkerfi og Easy Fuel. Öryggi Ford Galaxy er framúrskarandi enda fékk hann fimm stjörnur af fimm mögulegum í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP. ♦ Ford Galaxy 2,0 TDCi dísil 120/150 hó. 6 gíra beinsk. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 129 g/km. ♦ Ford Galaxy 2,0 TDCi dísil 150 hó. sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,4 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 139 g/km. ♦ Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Útsala

## 50-70% afsláttur

Útsala á erlendum bókum og völdum kaupfélagsvörum út maí í Bóksölu stúdentna á Háskólatorgi.



**KAUPFÉLAG stúdentna**

**bóksala stúdentna**

Háskólatorgi www.boksala.is s. 5 700 777  
www.facebook.com/boksala



Nýjasta sýndarveruleikatekni prófuð á Slush Asia-ráðstefnunni í Tókýó í Japan. MYND/SLUSH MEDIA-PETRI ANTILA

## Íslensk tæknifyrirtæki á Slush Asia í Japan

Japanar horfa til Norðurlanda sem fyrirmyndar hvað sprotafyrirtæki varðar.

**UPPLÝSINGATÆKNI** Japanar vilja taka upp umbúnað við sprotafyrirtæki að norrænni fyrirmynd. Tækniráðstefnan Slush Asia í Tókýó í Japan hófst í gær og lýkur í dag. Ráðstefnan er nú haldin í Japan í annað sinn.

Meðal þátttakenda er íslenska frumkvöðlasettrið Icelandic Startups (Klak-Innovit) og svo Nordic Innovation, sem starfar undir hatti Norræna ráðherraráðsins.

Þá eru tvö íslensk frumkvöðlafyrirtæki á meðal þeirra tíu sem kynna starfsemi sína á ráðstefnunni, leikjafyrirtækið Solid Clouds og sýndarveruleikafyrirtækið Aldin Dynamics.

„Japanar geta lært mikið af norrænu fyrirtækjunum, bæði þegar kemur að nýsköpun og líka þegar kemur að fjármögnun, sérstaklega á alþjóðlega vísu, sökum smæðar skandinávíska markaðarins,“ segir Kolbeinn Björnsson, ráðgjafi hjá Coori.

Kolbeinn hefur unnið í Japan í meira en 15 ár og komið að stofnun margra fyrirtækja.

„Norrænu sprotafyrirtækin sem kynntu sig hér í gærkvöldi höfðu margt fram að færa. Þetta var mjög tilkomumikið,“ segir Kolbeinn um sýninguna.

Í kynningarefni Slush Asia kemur fram að á síðasta ári hafi

### Slush Asia

**3.000** manns sóttu ráðstefnuna á síðasta ári.

#### Þar á meðal

- fulltrúar 250 sprotafyrirtækja
- 100 fjárfestar
- 200 blaðamenn

Í ár eru þátttakendur um **4.000 talsins.**

3.000 manns sótt ráðstefnuna, þar á meðal fulltrúar 250 sprotafyrirtækja, 100 fjárfestar og 200 blaðamenn. Í ár eru þátttakendur um 4.000 talsins. [olkr@frettabladid.is](mailto:olkr@frettabladid.is)



- Lífið heil

## Lægra verð í Lyfju

**Nicorette**  
nikótínlyfjatyggjúmmi

lyfja.is

**15%**  
afsláttur



15% afsláttur af öllum bragðtegundum í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg  
Tilboðið gildir til 17. júní 2016

## Eignarhlutur Landsbankans í Eyri Invest til sölu

Landsbankinn hf. býður til sölu allt að 23,3% af útgefnum A-hlutum í fjárfestingafélaginu Eyri Invest hf. Eignarhluturinn er boðinn til sölu í heild eða að hluta.

Eyri Invest er fjárfestingafélag sem stofnað var árið 2000. Helstu fjárfestingar félagsins eru 29,3% eignarhlutur í Marel hf. og 33,7% eignarhlutur í Eyri Sprotum slhf., fjárfestingafélagi sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum. Eiginfjárlutfall Eyris var 54,5% um síðustu áramót samkvæmt ársreikningi.

Söluferlið fer fram í samræmi við stefnu Landsbankans um sölu eigna í eigu bankans og er öllum opið sem teljast vera hæfir fjárfestar samkvæmt skilgreiningu í 9. tölulíðu 43. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Áhugasamir fjárfestar geta haft samband við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans með því að senda tölvupóst á netfangið [eyrir@landsbankinn.is](mailto:eyrir@landsbankinn.is), auk þess sem nálgast má stutta sölukynningu, trúnaðaryfirlýsingu, eyðublað vegna hæfismats og upplýsingar um hugsanlega hagsmunaárekstra á vef bankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).

Þeir fjárfestar sem uppfylla hæfismat fyrir þátttöku í söluferlinu fá afhent ítarlegri kynningargögn um Eyri Invest og gera tilboð á grundvelli þeirra gagna. Eingöngu verður tekið við tilboðum sem berast á stöðluðu tilboðsformi og samkvæmt þeim skilmálum sem þar koma fram og fjárfestar munu fá afhent hjá umsjónaraðila söluferlisins, Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans.

Fjárfestum er bent á að frestur til að skila inn trúnaðaryfirlýsingu og hæfismati vegna þátttöku í söluferlinu hefur verið framlengdur, frá því sem áður var auglýst, til kl. 12:00 föstudaginn 20. maí 2016.

Frestur til að skila tilboðum rennur út kl. 12:00 miðvikudaginn 1. júní 2016.



## Aðeins þrjú skip í karfa

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það er búin að vera finasta veiði þessa fyrstu tvo daga vertíðarinnar,“ segir Trausti Egilsson, skipstjóri á Örfirisey RE, í viðtali á heimasíðu HB Granda.

Tausti segir Rússa hafa verið að veiðum í einhvern tíma fyrir utan 200 mílna línuna og Örfiriseyinn hafi mætt nokkrum þeirra á útleiðinni.

„Ætli þeir hafi ekki verið að fara inn til löndunar,“ bætir Trausti Egilsson við. Þar er greint frá því að íslensk skip máttu hefja úthafskarfaveiðar á Reykjanes hryggnum á þriðjudag.

Karfakvótinn hefur verið skorinn mikið niður undanfarin ár og þannig nemur kvóti skipa HB Granda ekki nema þriðjungur þess magns sem félagið fékk úthlutað fyrir þremur árum.

Tausti segir að harkalegur niðurskurður kvótans sé trúlega ástæðan fyrir því að aðeins þrjú íslensk skip hófu veiðar þegar þær máttu hefjast. Auk Örfiriseyjar voru það Þerney RE og Mánaberg ÖF.

Úthafskarfaqvóti HB Granda er um 760 tonn á vertíðinni. Hann var 850 tonn í fyrra og 2.388 tonn fyrir þremur árum. – **shá**

## Sólarfilmur!

Xprent er með lausnina fyrir bæði heimili og fyrirtæki. Sólarfilmurnar eru frá SunTek og eru til í mismunandi tegundum og styrkleikum.



**XPRENT**  
- hönnun og merkingar

PRENTUN

HÖNNUN

MERKINGAR

xprent.is

Xprent ehf - Sundaborg 1 - 104 Reykjavík - Sími 777-2700 - email: [konn@xprent.is](mailto:konn@xprent.is)



# Fyrirtæki ársins fimmta árið í röð

Til hamingju starfsfólk Johan Rönning

Við fögnum með stolti efsta sætinu í flokki stórra fyrirtækja í vinnumarkaðskönnun VR 2016. Þennan árangur þökkum við starfsfólki okkar.

Johan Rönning er einnig meðal fyrstu fyrirtækja til að hljóta jafnlaunavottun VR.





Hátindar á ferli Helga – San Francisco ballettinn  
@ Harpa, Eldborg – 5 sýningar – KR. 5.500–12.900




UR – Kammerópera eftir Önnu Þorvaldsdóttur  
@ Harpa, Norðurljós – 4. júní, KL. 20:00  
KR. 5.500



Berlinde De Bruyckere  
@ Listasafn Íslands – 21. maí–4. september



Ashkenazy ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands  
& verðlaunapíanistanum Jean-Efflam Bavouzet  
@ Harpa, Eldborg – 25. maí, KL. 19:30 – KR. 2.400–6.900




Sími látins manns  
@ Tjarnarbíó – 4 sýningar – KR. 4.400



Play – Sidi Larbi Cherkaoui & Shantala Shivalingappa  
@ Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið – 31. maí, KL. 19:30 – KR. 5.500



The Mosaic Project – Terri Lyne Carrington  
@ Harpa, Eldborg – 5. júní, KL. 20:00  
KR. 6.900–7.900



Nº30  
2016

Reykjavík  
Arts Festival

# TVG–Zimsen

## Stoltur bakhjarl Listahátíðar

21. maí – 5. júní

Miðasala og dagskrá  
á [www.listahatid.is](http://www.listahatid.is)



Commissioned  
and produced  
by Manchester  
International Festival

FlexN Iceland  
@ Brim-húsið – 21. maí, KL. 20:00 – KR. 5.500

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

TVG-ZIMSEN  
FÉLÞRINGSMBLUN

Icelandair Hotels

GAMMA



## Ársfundur LSR og LH

Ársfundur LSR og LH verður haldinn þriðjudaginn 17. maí nk. kl. 15:00 í húsnæði LSR við Engjateig 11. Fundurinn er opinur öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

### Dagskrá:

- Skýrslur stjórnar LSR og LH
- Ársreikningar 2015
- Fjárfestingarstefna
- Tryggingafræðilegar úttektir
- Skuldbindingar launagreiðenda
- Önnur mál



Lífeyrissjóður  
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11  
105 Reykjavík  
Sími: 510 6100  
lsr@lsr.is

[www.lsr.is](http://www.lsr.is)



Þýskir hermenn bjarga flóttafólki úr sjávarháská á Miðjarðarhafinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Umhverfisstyrkir Landsbankans

**Samfélagssjóður Landsbankans** veitir árlega fimm milljónir króna í umhverfisstyrki. Markmið umhverfisstyrkja er að styðja við einstaklinga og félagasamtök sem starfa á sviði umhverfismála og náttúruverndar.

### Verkefni sem einkum koma til greina:

- » Verkefni á sviði náttúruverndar, t.a.m. skógrækt, landgræðsla og hreinsun landsvæða.
- » Verkefni er nýttast til verndar landsvæðum, t.d. vegna ágangs búfænaðar eða ferðamanna.
- » Verkefni er styðja betra aðgengi fólks að náttúru landsins.
- » Verkefni er auka þekkingu almennings á umhverfismálum.
- » Verkefni er hvetja til umhverfsvæns hátternis.

Umsóknarfrestur vegna umhverfisstyrkja er til og með þriðjudeginum **17. maí 2016**. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).

Landsbankinn

[landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)

410 4000



# Aðgerðir ESB eru sagðar misheppnaðar

Bresk þingnefnd segir hernaðaraðgerðir gegn smyglurum beinast að afleiðingum en ekki rótum vandans. Flóttafólkið sjálft er í meiri hættu fyrir vikið. ESB eigi að leggja mesta áherslu á að bregðast við ólöglegu peningaflæði sem tengist smygli.

**BRETLAND** Bresk þingnefnd segir hernaðaraðgerðir Evrópusambandsins gegn smygli með flóttafólk yfir Miðjarðarhafið ekki virka sem skyldi.

Að visu hafi tekist að bjarga lífi fjölda fólks, en ekki sé ráðist að orsökum vandans heldur aðeins reynt að bregðast við afleiðingunum.

Ekki hafi tekist að hafa hendur í hári þeirra, sem standa að baki smyglinu. Þeir sem hafa verið handteknir hafi ekki gegnt stóru hlutverki.

Þá hafi flóttafólki verið stefnt í enn meiri hættu með því að eyðileggja trébáta, sem notaðir hafa verið til að flytja fólk yfir hafið. Þetta hafi einfaldlega orðið til þess að fólkið hefur verið sent út á haf á gúmmibátum, sem eru enn ótryggari fleytur.

Evrópusambandið kallar þessar hernaðaraðgerðir á Miðjarðarhafinu Operation Sophia. Þær voru samþykktar í maí á síðasta ári, nokkrum vikum eftir að 800 flóttamenn fórust þegar yfirfullum bát hvolfði út af strönd Libíu.

Herskip frá Evrópuríkjum fylgjast nú með stóru svæði fyrir miðju Miðjarðarhafsins, einkum út af ströndum Libíu og þaðan til Ítalíu. Upplýsingum er safnað, fólk er bjargað og smyglbátar eru teknir til eyðileggingar.

Niðurstaða nefndarinnar er samt sú, að hernaðaraðgerðir einar geti aldrei leyst þann vanda sem við er að etja.

Til skamms tíma eigi Evrópusambandið að leggja mesta áherslu á að leita uppi og bregðast við ólöglegu

# 9.000

manns var bjargað úr nauðum á Miðjarðarhafinu á síðasta ári.

» Herskip frá Evrópuríkjum fylgjast nú með stóru svæði fyrir miðju Miðjarðarhafsins, einkum út af ströndum Libíu og þaðan til Ítalíu.

peningaflæði sem tengist smygli á fólk: Smyglferðir með fólk yfir Miðjarðarhafið séu hins vegar fjármagnaðar með óformlegum hætti, oft án þess að flóttafólkið sjálft komi þar nærri.

Til lengri tíma lítið þurfi svo að hafa í huga að flóttamannastraumurinn til Evrópu sé aðeins partur af fólksflutningum á heimsvísu.

Þessar hernaðaraðgerðir gegn smyglurum eru einn af nokkrum meginþáttum í þeirri stefnu Evrópusambandsins í að hindra að flóttafólk komist til aðildarríkanna í stórum stíl. Annar liður í þessari vidleitni er samningurinn við Tyrkland um að taka aftur við flóttafólki, sem fer yfir hafið frá Tyrklandi til Grikklands.

Flóttafólkinu er nú safnað saman á grísku eyjunni Lesbos, þar sem það bíður eftir því að verða sent aftur yfir til Tyrklands.

[gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)





Umsóknarfrestur er til 15. maí

# Spennandi og framsækið meistaránám á Bifröst

Háskólinn á Bifröst býður upp á spennandi meistaránám þar sem áhersla er lögð á frumkvæði nemenda og möguleika þeirra til að takast á við áskoranir framtíðar. Kennsluhættir taka mið af nýjustu tækni og rík áhersla er lögð á gagnrýna hugsun og raunverkefni, sem oft eru unnin í tengslum við atvinnulífið. Markmið skólans er að mennta samfélagslega ábyrga leiðtoga fyrir fjölbreytt atvinnulíf og samfélag.

- Alþjóðaviðskipti – MS / MIB
- Forysta og stjórnun – MS / MLM
- Menningarstjórnun – MA / MCM

Námið er kennt í fjarnámi.  
Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2016 er til 15. maí.  
Nánari upplýsingar á [bifrost.is](http://bifrost.is)

  
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
- hvar sem þú ert og hvert sem þú stefnir

# Ekki aftur



Þorbjörn Þórðarson  
thorbjorn@frettabladid.is

**E**rlendir fjárfestingarsjóðir hafa keypt óverðtryggt ríkisskuldabréf fyrir 80 milljarða króna á innan við ári með það fyrir augum að hagnast á vaxtamun Íslands við útlönd. Það er ný snjóhengja að byggjast upp. Hvað ætla stjórnmöld að gera til að bregðast við?

Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varaði í síðasta mánuði við því að mesta áhættan í íslensku efnahagslífi gæti verið önnur kollsteypa eftir ofpenslu. AGS telur að ef aukin ríkisútgjöld myndu bætast við riflegar launahækkanir myndi það kynda undir innlenda eftirspurn. Það myndi síðan kalla á enn meiri vaxtahækkanir og hærri vextir gætu laðað hingað aukin vaxtamunarviðskipti sem gætu grafið undan fjármálastöðugleika.

Ísland var vinsælt hjá spákaupmönnum sem vildu hagnast á vaxtamunarviðskiptum fyrir banka- og gjald-eyrishrunið 2008. Vaxtamunarviðskipti felast í því að tekið er lán í gjaldmiðli þar sem vextir eru lágir. Lánsupphæðinni er síðan skipt yfir í gjaldmiðil sem greiðir háa vexti. Gjalddeyrisskiptasamningar voru ein tegund vaxtamunarviðskipta. Annar farvegur þessara sömu viðskipta voru skuldabréf í íslenskum krónum gefin út í útlöndum af erlendum aðilum, hin svokölluðu jöklabréf. Þessi krónueign útlendinga myndaði snjóhengjuna sem Íslendingar eru enn að bita úr nálinni með.

Ástæður þess vanda sem Ísland lenti í skrifast að miklu leyti á frjálst flæði fjármagns enda voru ekki innleidd nauðsynleg stjórntæki til að verja fjármálastöðugleika. Til dæmis með takmörkunum á innflæði fjár. Það er fullkomin óskhyggja að halda að hægt sé að vera með íslenska krónu samtímis fullkomlega frjálsum fjármagnsflutningum. Einhvers konar takmarkanir á frjálsu flæði fjár eru þau stjórntæki sem við þurfum til að vernda fjármálastöðugleika og lífskjör almennings. Gjalddeyrishöftin, sem komið var á með lögum í nóvember 2008, hafa ekki bitnað á venjulegu launafólki enda eru vöru- og þjónustuviðskipti undanþegin höftunum. Höftin hafa fyrst og fremst bitnað á útflutningsfyrirtækjum, fjármagnseigendum og efnamiklu fólki sem hefur þurft að flytja fé milli landa. Hins vegar hefur almenn- ingur orðið fyrir afleiðdu tjóni af völdum haftanna vegna minni fjárfestingar. Umfang þess er hins vegar undiorpið ónákvæmum, huglægum spádómum.

Aðalhafnæðingur Seðlabankans sagði í fréttum Stöðvar 2 á fimmtudag að Seðlabankinn myndi bregðast við áður en vaxtamunarviðskiptin yrðu vandamál. Það er samt áhyggjuefni að þau stjórntæki sem eru nauðsynleg til að taka á vaxtamunarviðskiptum hafa ekki verið innleidd. Þessum úrræðum var lýst í ritinu Var- úðarreglur eftir fjármagnshöft sem Seðlabankinn gaf út í ágúst 2012. Hægt er að skattleggja fjármagnshreyfingar sérstaklega eða setja bindiskyldu á erlenda fjármögnun, svo dæmi sé tekið. Hvort tveggja krefst sérstakrar laga- setningar.

Það hvaða leið stjórnmöld velja að lokum til að verja fjármálastöðugleika er ekki aðalatriðið. En það er mikil- vægt að stjórnmendur Seðlabankans séu á tánum og lög- gjafinn útvegi Seðlabankanum nauðsynleg stjórntæki til að bregðast við. Við megum ekki sofna á verðinum og endurtaka mistökin frá síðasta góðæri.



**Ástæður þess vanda sem Ísland lenti í skrifast að miklu leyti á frjálst flæði fjármagns enda voru ekki innleidd nauðsynleg stjórntæki til að verja fjármálastöðugleika.**



## Tour du Mont Blanc

Ævintýrleg gönguferð umhverfis hæsta fjall Evrópu  
Brottför 12. og 26. júlí.

Nánari upplýsingar hjá:  
birna@multo.is

MUNDO  
www.mundo.is



## Gunnar



## Mín skoðun Logi Bergmann

### Ég er frábær



**S**umir vinir mínir hafa stundum gefið í skyn að ég sé góður með mig. Ég hef alltaf svarað því að þeir séu vitleysingar, en ég skil samt aðeins hvað þeir eiga við. Ég held að allir þurfi að vera með góðan skammt af sjálfsöruggi og sjálfsáliti enda er sennilega erfitt að fara í gegnum lífið í einu stóru efasemdar- kasti um sjálfan sig. Það gæti samt verið góð hugmynd að stiga aðeins á bremsuna þegar maður er farinn að nálgast Pál Óskar og Bubba.

Mér finnst líka eðlilegt að fólk bjóðist til að gera eitthvað fyrir aðra. Það er fallett og gott. Samt er fínt að hafa í huga hér að það getur líka verið óþolandi þegar fólk er alltaf að bjóðast til að gera eitthvað fyrir hvern sem er. Þá koma allir aðrir svo illa út.

Fáir eru búnir þessum kostum báðum, sjálfsöruggi og fórnfýsi, en við, sem þjóð, erum svo heppin að eiga að minnsta kosti fjórtán svona eintök. Sem eru til í að bjóða sig fram til forseta.

#### Að velja ofurmenni

Við hin, þessi eðlilegu, þurfum svo að gera upp við okkur hvert af þessum ofurmennum við ætlum að kjósa. Og það er einhvern veginn alltaf þannig að það koma kannski ekki alveg allir til greina. Sem er svo sem í fina lagi og, bara svo það sé tekið fram, þá er ég mjög mikið fyrir lýðræði og kosningar og frelsi fólks til að bjóða sig fram og allt það.

En ég get ekki hætt að hugsa um það hvernig þetta gerist. Hvað verður til þess að sumir telja sig eiga svo brýnt erindi við þjóðina, sem nennir ekki endilega að tala við allt þetta fólk. Mig langar að vita: Voru allir vinir þeirra svona meðvirkir?

Reyndar er ég ekki alveg saklaus sjálfur. Vinur minn kom eitt sinn í heimsókn og spurði okkur hjónin ráða. Hvort hann ætti að sækjast eftir tilteknu embætti. Ég svaraði því að maður sæi frekar eftir því sem maður gerði ekki en því sem maður gerði. Eftir á að hyggja hefði ég kannski átt að hugsa þetta aðeins betur. Vinur minn er í það minnsta akkúrat núna í frekar óvæntu sumarfrii.



**Hvað verður til þess að sumir telji sig eiga svo brýnt erindi við þjóðina – sem nennir ekki endilega að tala við allt þetta fólk. Mig langar að vita: Voru allir vinir þeirra svona meðvirkir?**

#### Einsmálsfólkið

Sumir segja ef til vill sem svo: Hann/hún vill kannski nota framboðið til að tala um það sem honum/henni finnst skipta máli og sín hugðarefni. Það getur gerio ágætt. Öh, nei. Það er ekki góð hugmynd. Einsmáls- menn eru sennilega ein mest óþolandi tegund fólks í heiminum. Fólk sem getur bara talað um einn hlut og tekst einhvern veginn að snúa öllum samræðum upp í þetta tiltekna áhugamál. Til dæmis fólk sem er nýorðið vegan eða er í Liverpool-klúbbnum. Það er algjörlega óþolandi.

Þetta fólk má auðvitað alveg bjóða sig fram. En mér finnst þínu dapurlegt að það er eins og það haldi í alvöru að það eigi möguleika. Vinirnir á Facebook hafa hvatt fólk til dáða og jafnvel att því út í þetta. En þá er mikilvægt að hafa í huga að Facebook er ekki þverskurður af þjóðinni, heldur útpældur algóritmi sem lýsir sér oft í risastóru skjallbandalagi. Og það er líka ástæða fyrir því að þeir sem þú tengist eru einmitt kallaðir vinir. Ekki ráðgjafar eða álitsgjafar.

Stundum held ég að þetta fólk sé eins og Steve Martin í The man with two brains (frábær mynd) þegar hann spurði látna konu sína hvort hann ætti að byrja með Kathleen Turner. Húsið lék á reiðiskjálfi en hann tók ekki eftir því, svo ákveðinn var hann.

Einhver hlýtur að hafa sagt við einhvern frambjóð- endanna: Ertu alveg viss um að þetta sé góð hugmynd? Og bara, svo einhver boðskapur fylgi þessum fyrsta og síðasta pistli mínum: Þegar vinur þinn segir eitthvað svona, þá er alveg þægling að hlusta á hann frekar en þá sem segja: Why not? Það gæti verið gott flipp.

P.s.: Konan mín las þetta yfir og fannst ég frábær.

# Nýjar sendingar af húsgögnum!



## KAK 1281 sófasett í leðri 3+1+1

Litir: svart og kastaníubrónt

Verð kr. 798.800,-, nú (-20%) kr. 639.040,-

Stakur 3ja sæta sófi kr. 384.000,-, nú kr. 307.200,-

## Camerich domo sófaborð

Verð kr. 127.000,-. Tilboðsverð (-20%) kr. 101.600,-



## Camerich max sjónvarpsskápar

Verð frá kr. 225.000,-. Tilboðsverð (-20%) frá kr. 180.000,-



## Camerich Crescent sófar

Stærð: 3ja 228 x 93 cm., stóll

Tilboðsverð í áklæði (-20%): 3ja sæta verð frá 379.000,-, nú frá 303.200,-

Sófasett 3+1+1. Verð í áklæði frá kr. 775.000,-, nú frá 620.000,-



## Asiama tungusófi í leðri

Stærð: 250 x 158 cm

Litir: svart, ljóst og brúnt

Verð: 398.000,- (-25%), nú kr. 298.500,-



Day home kaffibollar, kr. 1.450,- stk.

# HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - [www.heimahusid.is](http://www.heimahusid.is). Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.

# Opið bréf til formanns skóla- og frístundaráðs



**Inga Hanna Dagbjartsdóttir**  
félagi í Barninu,  
sem er félag  
dagforeldra í  
Reykjavík

Sæll Skúli.

Eftir lestur greinar sem þú birtir í Fréttablaðinu þann 9. maí get ég ekki lengur orða bundist. Eg er starfandi dagforeldri og hef haft leyfi frá borginni

til þrjátíu ára. Í ritum þínum virðist þú ekki vita af þeirri þjónustu sem dagforeldrar hafa upp á að bjóða og virðist ekki vita af þeirri stétt. Alla vega erum við aldrei nefnd þegar verið er að ræða um vistun barna undir tveggja ára aldri. Gott dæmi um hvernig þið vinnid hjá leikskólasviði er þegar dagforeldrar lesa í blöðum eða heyra í fjölmiðlum um það að 18 mánaða börn fara í leikskóla í ágúst án þess svo mikið að kynna það fyrir dagforeldrum. Á þessum tíma hafa dagforeldrar verið að skipuleggja starfið fyrir haustið og reikna með

þeim börnum sem áætlað er að taka inn á leikskólana.

Enn og aftur lesum við um breytingar í blöðum. Þú talar um að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði og að börn verði tekin inn á leikskóla undir 18 mánaða aldri ef pláss gefst. Félög dagforeldra hafa itrekað krafið Reykjavíkurborg um hærri niðurgreiðslur til foreldra með börn í vistun hjá dagforeldrum en ávallt fengið þau svör að engir peningar væru til. Þarna er ekki verið að hlúa að barnafjölskyldum eins og fram kemur í pistlinum í Fréttablaðinu. Einarður vilji er hins vegar til staðar

hjá ykkur í meirihluta borgarinnar að setja ómálga og ósjálfbjarga börn inn á stofnun, þar sem hætturarnar bíða þeirra, ef tekið er mið af því öryggi sem þau búa við í heimilislegu umhverfi hjá dagforeldrum.

Nú var borgin (skóla- og frístundasvið) að senda dagforeldrum könnun sem þeir eiga svara m.a. um meira samstarf. Með þessu er verið að draga dagforeldra á asnaeyrunum með því að borgin vill fara að gæðastýra starfsemi og ekki vantar að alltaf er verið að tala um meira og meira samstarf. Finnst þér Skúli þetta boðlegt heilli starf-

stétt, sem telur yfir 200 manns hér í Reykjavík og þú virðist ekki vita um.

Ég skora á þig Skúli að bjóða dagforeldrum til fundar við þig, þar sem þú skýrir út fyrir þeim hvar þeir peningar séu til, sem hægt er að nota í þessar breytingar sem þú hefur í hyggju að gera á vistun ungbarna.

Það kæmi mér ekki á óvart að dagforeldrar færu að skila inn leyfum sínum til að finna öruggara starfsumhverfi og leyfðu þér að fá í fangið þau börn sem annars yrðu vistuð hjá þeim.

## „Aumingi vikunnar“



**Magnús Lyngdal Magnússon**  
sagnfræðingur

legt viðvarandi ástand, jafnvel þó að Íslendingar hafi kynslóð fram af kynslóð alið með sér hugsunina: Lærðu að hlakka aldrei til, þá verða vonbrigðin minni.

Ég er fertugur og þegar ég var að alast upp var aldrei talað um kvíða sem sjúkdóm, a.m.k. ekki við börn. Þeim börnum sem leið illa var sagt að hressa sig við og fara út að leika sér; hreina loftið gerði þeim gott. Vissulega var fólk kvíðið þá eins og nú en öll umræða, hvað þá opinber umræða, um geðheilbrigði var bara svo stutt á veg komin. Og þessari tegund veikinda, andlegum veikindum, hefur líka alltaf fylgt ótti við að vera álitinn einstaklingur sem ekki gengur á öllum; dæmdur klepptækur af samfélaginu og hafður í flimtingum sem slíkur.

Kvíði er hins vegar eitthvað sem mörg okkar glíma við á hverjum degi. Og við – þessi kvíðnu – erum miklu fleiri en við höldum. Woody Allen sagði eitt sinn að sín mesta sorg í lífinu væri sú að hafa ekki verið einhver annar. Sjálfsagt hugsa margir kvíðasjúklingar þannig þegar þeim líður sem verst en hætt er við að manneskjinni þér við hlið líði ekkert betur, enda er talið að um 10.000 Íslendingar beri einkenni þessa sjúkdóms. Kvíði er vissulega misjafn (oft flokkaður sem eðlilegur, óeðlilegur eða sjúklegur) en burtséð frá flokkunarfræðinni er einfaldast að segja að þeir sem þjást af kvíða glími almennt við mikla vanlíðan.

**Ekkert til að skammast sín fyrir**  
Orsakir kvíða eru margvislegar og

flóknar (geta m.a. verið erfðafræðilegar). Við erum hins vegar jafnólik og við erum mörg og kvíði eins getur átt sér allt aðrar orsakir en kvíði annars, þó svo að einkennin séu svipuð og báðir einstaklingar hafi það um það bil jafnskitt á meðan það versta gengur yfir. Kvíði er hins vegar ekkert til þess að skammast sín fyrir og hann á ekkert skylt við einhvers konar vesaldóm.

Það að reyna að leyna kvíða gerir illt verra. Mér hefur alltaf reynt best að tala við þá sem ég treysti og segja bara nákvæmlega hvernig mér líður og oft felst mikill léttir í að segja það upphátt. Það kann líka að hljóma undarlega fyrir þann sem ekki þekkir til en óttinn við kvíða getur einn og sér valdið kvíða. Þannig er mikilvægt að vera

heidarlegur við sjálfan sig og hafa hugfast að það að leita sér aðstoðar er styrkleikamerki og það er góð hjálp í boði. Maður sigrar ekki heiminn einn.

Kvíði þarf svo sannarlega ekki að koma í veg fyrir að maður nái árangri í lífinu og með því að læra að lifa með honum og takast á við hann verður maður sterkari einstaklingur. Þannig er hægt að ná tókum á því sem maður sjálfur taldi áður óyfirstíganlegt og gott að muna að „ógn í raun er minni en skelfing ímyndunarafslis“, eins og stendur skrifað á gamalli bók. Oft er þetta bara spurning um fyrsta skrefið sem kann þó í mörgum tilvikum að vera það erfiðasta; að viðurkenna fyrir sjálfum sér að maður sé ekki fullkominn. En það er það hvort sem er enginn!

## Örugg búseta með þriggja ára leigusamningi

Við gerum leigu að raunhæfum valkosti

Við leigjum út um 500 íbúðir af öllum stærðum á höfuðborgarsvæðinu og bjóðum leigjendum upp á leigusamninga til allt að þriggja ára. Þannig tryggjum við leigjendum örugga búsetu, aðgang að öflugri þjónustu og sveigjanleika til að stækka eða minnka við sig þegar hagar fólks breytist.

**ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ**

almennaleigufelagid.is



Langtíma leigusamningur



Sveigjanleiki



24/7 þjónusta

# Ný stjórnarskrá Íslands skiptir miklu máli fyrir Evrópu (og heimsbyggð alla)



**Arne Hintz** blaðamaður og doktor í stjórnmálafræði, kennari við Cardiff háskóla í Bretlandi

Frá sjónarhóli Evrópubúa er Ísland tákn lýðræðis og framfara, nú þegar heimsálfan er nánast öll þjökud af efnahagslegri óvissu, einræðistilburðum og ótta. Ný stjórnarskrá Íslands, stjórnarskrá þjóðarinnar, vísar heimsbyggðinni leið út úr kreppunni og til nýrrar uppbyggingar. Brýnt er að hún verði samþykkt – ekki bara vegna Íslendinga, heldur líka fyrir Evrópubúa og aðra.

Senn líður að því að Bretar greiði atkvæði um áframhaldandi veru sína í Evrópusambandinu, og það hefur sjaldan verið svona erfitt að vera meðmæltur því að halda aðild áfram. Heimsálfan situr föst í varanlegri efnahagskreppu, hægri öfgaöflum vex fiskur um hrygg í mörgum aðildarríkjunna, og landamærin sem heyrðu fortíðinni til hafa verið dregin upp að nýju. Samstæða og valdajafnvægi Evrópusambandsins hefur verið vefengt, ekki síst vegna þess hvernig gríska stjórnin var þvinguð til þess að taka upp aðhaldsstefnu þvert á vilja þjóðarinnar, og sjálfur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur sagt að slík stefna væri ekki tæk. Á Twitter má slá upp #thisisacoup, þræði sem spratt fram eftir að deila Grikkja og ESB hafði verið leyst til bráðabirgða í júní í fyrra. Þar má sjá dæmi um það hvað lýðræðið er orðið brothætt í Evrópu.

Þó eru rökkin í þágu „Brexít“ (brothvarf Breta úr ESB) ekki mjög sannfærandi heldur. Lífskjör breskrar alþýðu versna með hverri hrinu aðhaldsaðgerða, og aðgerðir hins opinbera til þess að sporna fæti við „öfgastefnum“ hafa haft hrollvekjandi áhrif á fjölbreytta, lýðræðislega umræðu. Seinna á árinu verða líklega samþykkt lög um rétt til rannsóknna, og þar með verður almennt eftirlit, sem Snowden gagnrýndi með uppljóstrunum sínum, útfært og lögfest.

**Það, hvernig nýja stjórnarskráin var samin og samþykkt með þjóðaratkvæðagreiðslu, hefur orðið mörgum hvatning út fyrir landsteinana, og nú vona þeir að Alþingi hætti að teffa framgang þessa sögulega verkefnis.**

Skilyrðin til þess að styrkja og efla lýðræðið eru ef til vill ekki sem best á tímum efnahagskreppu og ótta við hryðjuverk. Á slíkum tímum er þó einmitt hvað brýnust þörfin á opinni umræðu og almennum skodanaskiptum, og þá er líka þörf á nýbreytni, róttækum lausnum og raunverulegum breytingum. Þess vegna hefur mörgum verið það hvatning að líta til Íslands. Þar leiddi efnahagskreppan til verulegra breytinga á vettvangi stjórnmála og efnahags. Tillögur að stefnubreytingum á borð við þær, sem kynntar eru hjá Alþjóðlegri stofnun um upplýsinga- & tjáningarfrelsi (IMMI) gerðu ráð fyrir nýjum, heildrænum leiðum til framfara fyrir landið, og ný stjórnarskrá var samin í opnu og heildrænu grasrótferli, stjórnarskrá þjóðarinnar, fyrir þjóðina. Nefnd íslenskra ríkisborgara, stjórnlagaráð, samdi textann, almenningur lagði til þúsundir athugasemda,

og árangurinn var samþykktur með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þannig hefur íslenska þjóðin valið sér sérstaklega lýðræðislega leið út úr kreppunni og á vit framtíðarinnar. Hún hefur sýnt að andlaus kyrrstaðan, sem nú einkennir stjórnmál í Evrópu, ásamt einræðis- og útilokunartilburðum, er ekki sjálfgefið viðbragð við öryggisógnum

og erfiðum efnahag. Þvert á móti hefur hún sýnt fram á að lýðræðið er lifandi, þrátt fyrir allt og á þessum tímum, og að við, borgararnir, getum skapað okkur nýjan grundvöll fyrir því ríki sem við viljum, og því lífi sem við kjósum okkur.

Nú ríkir mikil óvissa í allri Evrópu að því er varðar þessi mál. Íslenska þjóðin sýndi mikið hugrekki þegar

hún réðst í það verkefni að semja sér nýja stjórnarskrá, og hefur það haft áhrif langt út fyrir eylandið. Þetta er vísbending um þá leið sem kann að vera fær til þess að takast á við vandann sem við er að etja, og um allan heim fylgjast menn grannt með framhaldinu. Það, hvernig nýja stjórnarskráin var samin og samþykkt með þjóðaratkvæðagreiðslu,

hefur orðið mörgum hvatning út fyrir landsteinana, og nú vona þeir að Alþingi hætti að teffa framgang þessa sögulega verkefnis. Það yrði ekki aðeins til vitnis um það, hvað lýðræðið stendur traustum fótum á Íslandi, heldur yrði það líka mikilvægt dæmi til eftirbreytni, um lýðræðislega leið út úr kreppu og óvissu.

## HVERNIG TÖKUM VIÐ Á MÓTI FERÐAMÖNNUM Í SUMAR?

— MORGUNFUNDUR ISAVIA



Isavia býður til morgunfundar miðvikudaginn 18. maí kl. 9–10.15 á Hotel Reykjavík Natura

Framundan er stærsta sumar frá upphafi fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Miklar áskoranir felast í því fyrir alla þá sem starfa innan greinarinnar. Hvernig erum við á Keflavíkurflugvelli undirbúin? Hvernig getum við samstillt skilaboðin til ferðamanna þannig að ferðalag þeirra um flugvöllinn gangi sem best? Hversu ánægðir eru ferðamenn með dvöl sína á Íslandi?

### Dagskrá

Húsið opnar 8.30 og fundur hefst kl. 9

Elín Árnadóttir aðstoðarforstjóri Isavia býður gesti velkomna.

#### Hvernig tökum við á móti ferðamönnum í sumar?

Hlynur Sigurðsson framkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar fjallar um það hvernig Isavia og aðrir rekstraraðilar á flugvöllum munu takast á við mikinn fjölda ferðamanna í sumar.

#### Hversu ánægðir eru ferðamenn með dvöl sína á Íslandi?

Einar Einarsson framkvæmdastjóri Gallup kynnir Ferðamannapúls Isavia, Ferðamálastofu og Gallup.

#### Umræður í lok fundar

Við hvetjum alla þá sem starfa í ferðaþjónustunni og aðra áhugasama til að mæta og kynna sér það sem framundan er á Keflavíkurflugvelli.

Boðið verður upp á kaffi og léttan morgunverð

SKRÁÐU ÞIG Á [WWW.ISAVIA.IS/MORGUNFUNDUR](http://WWW.ISAVIA.IS/MORGUNFUNDUR)



ISAVIA

**Nýjast****Olísdeild kvenna, lokaúrslit****Gróttá - Stjarnan 20-22**

**Mörk Gróttu (skot):** Lovísa Thompson 6 (8), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4 (7), Eva Björk Davíðsdóttir 3 (5), Unnur Ómarsdóttir 3 (5), Sunna María Einarisdóttir 2/1 (3/1), Þórey Anna Ásgeirsdóttir 1 (3), Laufey Ásta Guðmundsdóttir 1 (3). **Varin skot:** Íris Björk Simonardóttir 13 (35/4, 37%).

**Mörk Stjörnunnar (skot):** Helena Rut Örvarsdóttir 7 (20), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 5/4 (6/4), Stefania Theodórsdóttir 4 (5), Þórhildur Gunnarsdóttir 3 (5), Esther Viktoria Ragnarsdóttir 2 (3), Sólveig Lára Kjærnested 1 (5). **Varin skot:** Heiða Ingólfsdóttir 11 (31/1, 35%).

**Staðan í einvignu er 2-1 fyrir Gróttu og næsti leikur er í Mýrinni á morgun sunnudaginn klukkan 16.00.**

**Pepsi-deild karla****Breiðablik - Víkingur 1-0**

1-0 Atli Sigurjónsson (15.).

Viktor Bjarki Arnarsson, fyrirliði Víkinga, fékk tvö óþarfa gul spjöld með tveggja mínútna millibili í fyrri hálfleik og Blikar voru manni fleiri í meira en 50 mínútur. Eina mark leiksins kom þá þegar jafnt var í liðum. Víkingar eru enn án sigurs en Blikarnir hafa unnið tvo leiki í röð.

Efst	Neðst		
Stjarnan	9	ÍA	3
Víkingur Ó.	7	Víkingur R.	1
FH	6	Þróttur	1
Fjölnir	6	Fylkir	0

**Stjörnukonur spilltu sigurveislu Gróttu á Seltjarnarnesi í gærkvöldi**

**Ekki á leiðinni í sumarfrí alveg strax** Hanna Guðrún Stefánsdóttir og Helena Rut Örvarsdóttir, tveir markahæstu leikmenn Stjörnuliðsins á Nesinu í gærkvöldi, fagna hér sigri í lok leiksins. Stjörnukonur tryggðu sér fjórða leikinn sem verður á heimavelli þeirra í Mýrinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Unun að spila fyrir fullu húsi

Haukar og Afturelding eigast við í þriðja leik lokaúrslitanna í Olísdeild karla í dag. Davíð Svansson, markvörður Aftureldingar, biður um aga og skipulag á erfiðum útivelli en Mosfellingar reyna þar að vinna annan leikinn í röð, á Ásvöllum, og komast aftur yfir.

**HANDBOLTI** Það verður mikið undir á Ásvöllum í dag þegar Haukar taka á móti Aftureldingu í þriðja leik lokaúrslitanna í Olísdeild karla. Staðan í ríminni er 1-1 eftir að Mosfellingum mistókst að fylgja eftir góðum útsigrum í fyrsta leik einvígisins og komast í 2-0 á heimavelli.

„Það hefði vissulega komið okkur í afar góða stöðu,“ segir Davíð Svansson, markvörður Aftureldingar, sem hefur átt frábæra úrslitakeppni til þessa í marki Mosfellinga. „Nú er það okkar að vakna til lífsins. Menn verða átta sig á því að það er aldrei hægt að ætla að labba yfir lið eins og Hauka.“

Davíð segir að varnarleikurinn þurfi að vera betri en í fyrstu tveimur leikjunum og mikilvægt sé að halda einbeitingu frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu.

„Haukar hafa skorað mikið úr opnum færum og við þurfum að passa okkur á því að varnarskipulagið okkar sé í lagi. Við þurfum að spila agaðan leik, fyrst og fremst.“

**Betra með hverjum leiknum** Mikki Pinnonen, Eistlendingurinn sem kom í lið Aftureldingar um áramótin, átti stórleik í fyrsta leik ríminunnar og hefur skorað alls fimmtán

mörk í leikjunum tveimur gegn Haukum.

„Þetta er allt að koma hjá honum. Þetta var erfitt í fyrstu þegar hann þurfti að aðlagast leik okkar. Hann var nokkuð frábrugðinn skyttunni sem var áður og því þurfti að breyta ýmsu í okkar sóknarleik til að nýta hann sem best,“ segir Davíð.

„Hann, Jóhann Gunnar og Guðni Már mynda öflugt þríeyki fyrir utan hjá okkur og þeir skilja hver annan betur með hverjum leiknum,“ segir Davíð. Haukar urðu fyrir áfalli þegar Tjörvi Þorgeirsson leikstjórnandi sleit krossband í miðri úrslita-

keppni en sóknarleikur liðsins hefur staðið og fallið með Janusi Daða Smárasyni.

**Förna ekki allri vörninni**

„Það er auðvitað lykilatriði fyrir okkur að stöðva hann en við verðum að gæta þess að förna ekki allri vörninni til þess. Janus er duglegur að losa boltann og koma honum á næsta mann. Þetta snýst allt um að halda okkar skipulagi góðu,“ segir Davíð.

Það hefur verið mikil og góð stemning á þöllunum og Rothöggið, stuðningsmannasveit Aftureldingar, hefur látið vel í sér heyra.

Það er lykilatriði að stöðva Janus en við verðum að gæta þess að förna ekki allri vörninni.

Davíð Svansson, Aftureldingur



„Það er unun að spila fyrir fullu húsi eins og í síðasta leik. Ég vona að Rothöggið sé ekki hætt og láti vel í sér heyra í dag. Við leikmenn erum svo sannarlega ekki hættir.“ eirikur@365.is

## Styrkið matarsjóðinn með því að versla gæðavörur í styrktarverslunum Fjölskylduhjálpar Íslands




**Allir bolir á kr. 990**  
litir- svart, grátt og hvítt.

**Boxer kr. 690**  
litir- svart, grátt og hvítt.

**Hnébuxur kr. 990**  
blandaðir litir.



**Sendum í póströfu**



**Styrktarverslanir Fjölskylduhjálpar Íslands eru:**

**Íðufell 14, Breiðholti, sími 551-3360, opið virka daga frá kl. 13 til 17**

**Baldursgötu 14 Reykjanesbæ, sími 421-1200, opið virka daga frá kl. 13 til 18.**

**Hamraborg 9, Kópavogi, sími 553-3360, opið virka daga frá kl. 13 til 18**



**Aðalstræti 6** 275 m<sup>2</sup> með útsýni.  
Endurnýjað skrifstofuhúsnæði á 7. hæð

Til leigu nýstandsett skrifstofuhúsnæði á 7. hæð með miklu útsýni yfir Ingólfstorg og miðbæinn. Rýmið skiptist í opið rými, 2-3 fundarherbergi, góða kaffistofu og salerniskjarna með starfsmannasturtu. Vönduð og snyrtileg sameign.



**Dalshraun 3** 400 m<sup>2</sup> á jarðhæð  
Skrifstofu- eða þjónustuhúsnæði

Bjart og rúmgott húsnæði sem er tilbúið til innréttingar í samræmi við þarfir nýrra leigutaka. Næg bílastæði og aðgangur að sameiginlegum bílakjallara.



**Hátún 2b** 365 m<sup>2</sup> á 2. hæð  
Endurnýjað skrifstofuhúsnæði

Vandaðar endurnýjaðar skrifstofur með parketi og gólfsíðum gluggum. Rúmgóð rými í kjallara bjóða upp á ýmsa nýtingarmöguleika.

## TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á [www.reitir.is](http://www.reitir.is) og hjá **Haldóri Jenssini** sölustjóra í **840 2100** eða [halldor@reitir.is](mailto:halldor@reitir.is).

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

[www.reitir.is](http://www.reitir.is)

575 9000

# REITIR

*Velkomin til starfa*

# Mikilvægi sigurmarks Pálma Rafns

KR-ingar unnu fyrsta sigur sumarsins á fimmtudagskvöld þegar Vesturbæingar urðu á undan öllum að vinna Íslandsmeistara FH í Pepsi-deildinni í sumar.

**FÓTBOLTI** FH og KR hafa unnið tíu af síðustu þrettán Íslandsmeistaratitlum í karlafótboltanum og leikir liðanna hafa ráðið miklu um þróun mála það sumarið.

Fylgni úrslita þeirra leikja og árangur liðanna það sumarið er þó við fyrri leikinn en ekki þann síðari. Mark Pálma Rafns P á l m a s o n a r réð úrslitum á KR-vellinum í fyrirakvöld og ef marka má

þróun mála frá uppkomu Hafnfirðinga fyrir þrettán árum þá boðar þessi sigur afar gott fyrir KR-liðið.

Á undanförunum þrettán tímabilum hefur sigurvegari fyrri leiks KR og FH endað tólf sinnum ofar í töflunni um haustið og níu sinnum hefur sigurvegari fyrri leiks FH og KR farið alla leið og unnið sjálfan Íslandsmeistaratitilinn nokkrum mánuðum síðar.

Knattspyrnan var oft í aukahlutverki á vetrarlegum fótbolta-velli þeirra KR-inga á fimmtudagskvöldið en það mátti vel greina það á baráttunni að mikið var undir í þessum fyrsta risaleik tímabilsins.

Undantekningin frá reglunni er sumarið 2012 þegar KR vann 2-0 sigur í fyrri leik liðanna og reyndar báða innbyrðisleiki liðanna en það voru hins vegar FH-ingar sem fengu fjórtán stigum meira en Vesturbæjarliðið og tryggðu sér titilinn í september.

Það eru enn 19 af 22 umferðum eftir af mótinu og því á vissulega mikið eftir að gerast. KR-ingar stimpluðu sig hins vegar inn í mótið með þessum sigri og þó að sigurinn hafi hjálpað Stjörnumönnum mest eins og staðan er í dag þá segir hefð síðustu ára okkur það að KR-ingar eiga að enda ofar en FH í töflunni. ooj@frettabladid.is

## Hvað boða úrslitin í fyrri leik KR og FH á Íslandsmótinu?

2003	KR vann 2-1	KR Íslandsmeistari	FH 2. sæti	
2004	FH vann 1-0	FH Íslandsmeistari	KR 6. sæti	
2005	FH vann 1-0	FH Íslandsmeistari	KR 6. sæti	
2006	FH vann 3-0	FH Íslandsmeistari	KR 2. sæti	
2007	FH vann 2-0	FH 2. sæti	KR 8. sæti	Valur Íslandsmeistari
2008	FH vann 2-0	FH Íslandsmeistari	KR 4. sæti	
2009	FH vann 2-1	FH Íslandsmeistari	KR 2. sæti	
2010	FH vann 3-2	FH 2. sæti	KR 4. sæti	Breiðablik Íslandsmeistari
2011	KR vann 2-0	KR Íslandsmeistari	FH 2. sæti	
2012	KR vann 2-0	FH Íslandsmeistari	KR 2. sæti	Undantekning reglunnar
2013	KR vann 4-2	KR Íslandsmeistari	FH 2. sæti	
2014	FH vann 1-0	FH 2. sæti	KR 3. sæti	Stjarnan Íslandsmeistari
2015	FH vann 3-1	FH Íslandsmeistari	KR 4. sæti	
2016	KR vann 1-0	???		

## Laugardagur

11.00	Demantamótaröðin	Sport 3
11.25	Derby - Hull	Sport 2
11.50	F1 Tímataka á Spáni	Sport
13.25	Augsburg - Hamburg	Sport 3
13.25	Bayern - Hannover	Sport 5
14.55	Juventus - Sampdoria	Sport 4
14.55	Deportivo - Real M.	Sport 2
14.55	Granada - Barcelona	Sport
17.05	Haukar - KA	Sport
18.00	The Players ch.	Golfstöðin
18.40	AC Milan - Roma	Sport 2
18.40	Napoli - Frosinone	Sport 3

14.00	ÍA - FH	Norðurlv.
14.00	Keflavík - Selfoss	Nettölvullur
14.00	Leiknir F. - Fjarðab.	Fjarðab.h.
14.00	Leiknir R. - HK	Leiknisvöllur
16.00	Þór - Fram	Þórsvöllur
16.00	Haukar - Afturelding	Ásvellir
17.15	Haukar - KA	Ásvellir

## Sunnudagur

11.30	Formúla 1 á Spáni	Sport
12.30	Messan	Sport 2
13.50	Southampton - C. Palace	Bravó
13.50	Swansea - Man. City	Sport 3
13.50	Arsenal - Aston Villa	Sport 5
13.50	Newcas. - Tottenham	Sport 6
13.50	Man. Utd. - Bournemouth	Sport 2
13.50	Stoke - West Ham	Stöð 3
13.50	WBA - Liverpool	Stöð 2
13.50	Chelsea - Leicester	Sport 4
13.50	Watford - Sunderland	Vísir
13.50	Everton - Norwich	Vísir
18.00	The Players ch.	Golfstöðin


## Mánudagur

16.50	Fylkir - ÍBV	Sport
18.40	Brighton - Sheff. Wed.	Sport 2
19.30	Víkingur Ó. - ÍA	Sport

15.00	Afturelding - Haukar	Varmá
17.00	Fylkir - ÍBV	Floridanav.
19.15	FH - Fjölnir	Kaplakrikav.
20.00	Víkingur Ó. - ÍA	Ólafsvikurv.

# FRÁ TEIKNINGU AÐ FALLEGUM GARÐI

Fáðu ráðgjöf landslagsarkitekta okkar og aðstoð við efnisval



Frí ráðgjöf til 1. júní

Pantaðu tíma í ráðgjöf í s. 412 5050 eða á sala@bmvalla.is.

Kynntu þér úrvalið af fallegum hellum og garðeiningum á [bmvalla.is](http://bmvalla.is)





## DANSKIR DAGAR 12. - 22 maí

Verðsprensjá

20%  
AFSLÁTTUR

KJÖTBORD

GRÍSARIF  
VERÐ ÁÐUR  
998 KR/KG

798 KR/KG



GRILLPYLSUR 800 G  
CHILI/PEPPERONI  
998 KR/ PK



25%  
AFSLÁTTUR

KJÚKLINGALUNDIR  
DANSKAR - 700 G  
VERÐ ÁÐUR  
1.689 KR/ PK  
1.267 KR/ PK



25%  
AFSLÁTTUR

KJÚKLINGABRINGUR  
DANSKAR - 900 G  
VERÐ ÁÐUR  
1.798 KR/ PK  
1.349 KR/ PK



X-TRA SNAKK  
3 TEGUNDIR  
VERÐ ÁÐUR  
369 KR/ PK  
295 KR/ PK



COOP FLÖGUR  
3 TEGUNDIR  
VERÐ ÁÐUR  
399 KR/ PK  
339 KR/ PK



30%  
AFSLÁTTUR

BÖKUNARKARTÖFLUR  
VERÐ ÁÐUR  
199 KR/ KG  
139 KR/ KG

SÆTAR KARTÖFLUR  
VERÐ ÁÐUR  
349 KR/ KG  
244 KR/ KG



SALTSTANGIR - 250 G  
VERÐ ÁÐUR:  
189 KR/ PK  
295 KR/ PK



XTRA SÆLGÆTISBLANDA  
VERÐ ÁÐUR: 398 KR/ PK  
338 KR/ PK

SALTHNETUR 300 G  
VERÐ ÁÐUR: 399 KR/ PK  
339 KR/ PK

XTRA HLAUP 300 G  
VERÐ ÁÐUR: 349 KR/ PK  
297 KR/ PK

CHILLI HNETUR 500 G  
VERÐ ÁÐUR: 529 KR/ PK  
450 KR/ PK



20%  
AFSLÁTTUR

CIDER - 2 L  
EPLA/PERU  
VERÐ ÁÐUR 399 KR/ KG  
319 KR/ KG

Opnunartímar yfir hvítasunnuna

Danskir dagar

Glerártorgi, Borgarnesi, Egilsstöðum,  
Grindavík, Búðakór, Hrísalundi, Húsavík,  
Höfn, Salavegi, Krossmóa.  
Lokað á hvítasunnudag  
Annar í hvítasunnu: 10:00 - 18:00

Selfoss  
Lokað á hvítasunnudag  
Annar í hvítasunnu: 10:00 - 21:00

Íðavellir  
Hvítasunnudag: 10:00 - 21:00  
Annar í hvítasunnu: 10:00 - 21:00

Grandi og Mjódd.  
Lokað á hvítasunnudag  
Annar í hvítasunnu:  
opið 24. klst

Tilboðin gilda 12. - 22. maí

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.  
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



## Dalakollur

Þéttur og bragðgóður hvítmygluostur

Dalakollur minnr á Brie í útliti en er þéttari og því skeranlegur með ostaskera. Hann er tilvalinn ofan á ristað brauð með ávaxtamauki.

Osturinn er nefndur eftir hersinum Kolli sem kom til Íslands með Auði djúpúðgu, settist að í Dölunum og fékk viðurnefnið Dala-Kollur. Hann var föðurafi Hallgerðar langbrókar.



15-1937-HVITA HUSID / SIA



Gunnar Ásgeir hefur alltaf haft gaman af því að fylgjast með keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eurovision-partí í Bíói Paradís

**Gunnar Ásgeir Ásgeirsson**, tæknistjóri Bíós Paradísar, er mikill Eurovision-aðdáandi. Bíó Paradís mun sýna söngvakeppnina í beinni útsendingu í frábærum hljóð- og myndgæðum.

„Ég sjálfur er mikill áhugamaður um Eurovision og hef alltaf haft gaman af því að fylgjast með keppninni. Þegar margir koma saman og horfa, myndast einfaldlega frábær stemming, það eru allir hjartanlega velkomnir,“ segir Gunnar Ásgeir Ásgeirsson, tæknistjóri Bíós Paradísar, spurður út í Eurovision-partí sem Bíó Paradís stendur fyrir í kvöld.

Þess má geta að Bíó Paradís festi kaup á nýrri stafrænni sýningarvél árið 2015.

„Við erum með bestu mögulegu hljóð- og myndgæði sem völ er á, þetta getur bara ekki klikkað,“ segir Gunnar og bætir við að best sé að mæta tímanlega til að fá góð sæti.

Keppnin sjálf hefst klukkan sjö en opið verður fyrir veitingasölu á staðnum þar sem ýmis Eurovision-tilboð verða á barnum ásamt því að bestu Eurovision-lögin fá að hljóma í anddyrinu.


„Það er alveg á hreinu að það þýðir ekki að sitja heima í fýlu, þó Greta okkar Salóme hafi ekki komist áfram upp úr undankeppninni. Þetta er stærsti sjónvarpsviðburður í heimi og gleðin verður allsráðandi hjá okkur. Sjálfur kem ég til með að halda með Svium þar sem þeir senda frábært lag sem ég hef mikla trú á,“ segir Gunnar Ásgeir. [gudrunjona@frettabladid.is](mailto:gudrunjona@frettabladid.is)



Áhugafólk um Eurovision ætlar að horfa saman á keppnina í Bíó Paradís á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÞAÐ ER ALVEG Á HREINU AÐ ÞAÐ ÞÝÐIR EKKI AÐ SITJA HEIMA Í FÝLU, ÞÓ GRETA OKKAR SALÓME HAFI EKKI KOMIST ÁFRAM UPP ÚR UN DANKEPPNINI. ÞETTA ER STÆRSTI SJÓNVARPSVIÐBURÐUR Í HEIMI OG GLEÐIN VERÐUR ALLSRÁÐANDI HJÁ OKKUR.**



ALLA DAGA KL. 19:00

GULLSTÖÐIN

365.is | Sími 1817

365

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA

SÍÐAN 1962

## HELGARTILBOÐ



barbecook

**SIESTA 310** gasgrill, 14,9 kW,  
Grillflötur: 35x43 + 2x(13,5x43) cm,  
emileraðar grillgrindur úr pottjárni,  
emilerað efri grind, 3 brennarar,  
hitamælir í loki.

**64.995** kr.

50689231 - Almennt verð: 84.995kr.



Broil King  
Great Barbecues Every Time

**SIGNET 20** 11,7 kW Ryðfrítt  
brennakerfi, mjög sterkar  
grillgrindur úr pottjárni, ryðfrítt  
eldunakerfi, þrjú ryðfrír brennarar,  
gaskranar með 180° tökkum,  
elektrónískt kveikikerfi,  
hitamælir í loki.

**79.995** kr.

50657504 - Almennt verð: 99.995kr



NAPOLEON

**TRIUMPH 495 4B**  
Kraftur: 18,4 kW, 5 brennarar  
(4 aðalbrennarar), JETFIRE™  
Kveikjakerfi, WAVE™ grillgrindur  
úr pottjárni, ACCU PROBE™,  
hitamælir, áfastur flöskuopnari.

**119.995** kr.

50660034 - Almennt verð: 139.995kr.

## SKOÐADU GRILLÚRVALIÐ Á BYKO.IS

-20%

**Sláttuvél OY510S**, 163cc /  
2,6kW, fjórgengis, sjálfdrifin  
bensínláttuvél, 51cm sláttu-  
breidd, sláttuhæð 25-75mm,  
60L safnpoki.

**39.995** kr.

53323140 - Almennt verð: 49.995kr.



OUYAO



**Stafrænn** kjóthitamælir, þröðlaus

**4.995** kr.

506670006 - Almennt verð: 5.995 kr.



**PRO Pizzasteinn** með pizzaskera.

**4.995** kr.

506670001 - Almennt verð: 6.995 kr.



**Grillsett**, 3 stk

**2.995** kr.

506670019 - Almennt verð: 3.995 kr.



**Sláttuorfi GH-BC 25 A**,  
tvígangsmotor, 0,75kW,  
23 cm sláttubreidd með hníf,  
42cm með þræði.

**22.995** kr.

74830073 - Almennt verð: 26.995kr.

Einhell®

-15%

## HELGARTILBOÐ Á VÖLDUM RAFMAGNSVERKFERUM



**Multisög**  
200W 1470AA.

-30%

**8.395** kr.

74092390 - Almennt verð: 11.995kr.



**Rafhjóðuborvél**  
10,8V, 2X1,3A.

-30%

**11.895** kr.

74867055 - Almennt verð: 16.995kr.



**Málningarsprauta**  
PFS 55, 280W, 0,6l.

-30%

**11.895** kr.

74867055 - Almennt verð: 16.995kr.



**Borvél**  
PSB 500-RE, 500W.

-30%

**6.925** kr.

74860500 - Almennt verð: 9.895kr.



**Rafhjóðuskrúfjám**  
GDR 10,8 V-Li, 1,3A.

-30%

**25.495** kr.

74874107 - Almennt verð: 36.595kr.



**Rafhjóðuborvél**  
GSR 14,4, 2 Li, 2X1,5A.

-30%

**24.495** kr.

74874094 - Almennt verð: 34.995kr.

## OPNUNARTÍMI UM HVÍTASUNNU

15. MAÍ - HVÍTASUNNU DAGUR  
LOKAÐ

16. MAÍ - ANNAR Í HVÍTASUNNU

BREIDD / GRANDI 11-17

TIMBUR / LAGNAVERSLUN /

LEIGUMARKAÐUR 11-16

AKUREYRI / SELFOSS / SUÐURNES

REYÐARFJÖRÐUR LOKAÐ

20%  
AFSLÁTTUR  
AF RAFMAGNSVERKFERUM 12.-17. MAÍ



BOSCH



SKIL

Einhell®

## GARÐA- HÖNNUN

Í sumar mun Björn Jóhannsson,  
landslagsarkitekt, veita  
viðskiptavinum ráðgjöf vegna  
frankvæmda í garðinum.



3D MYNDIR  
AF GARÐINUM

HÁLFTÍMA  
RÁÐGJÖF KOSTAR  
4.995KR.

Sú upphæð nýttist sem inneign  
þegar keypt er efni í garðinn í BYKO.  
Skráning á netfangið  
gudrunhalla@byko.is  
eða í síma 5154144.



byko.is

AUDVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS  
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

VERTU KLÁR Á FYRSTA TEIG

# GOLFHÁTÍÐ Í DAG

## KOMDU OG GERÐU ALLT KLÁRT FYRIR GOLFSUMARIÐ

Fjölbreyttar golfkynningar, ráðgjöf og keppnir í göngugötu. PGA golfkennarar verða á svæðinu og afrekskylfingar GSI stýra spennandi keppnum. Golfklúbbar kynna starfsemi sína.

Taktu þátt og þú gætir unnið glæsileg verðlaun!

### NÁNDARKEPPNI KL. 11-13

Keppt verður í golfhermi í göngugötu um að slá bolta sem næst holu

Verðlaun:  
20.000 kr. gjafakort  
frá Kringlunni  
Gjafabréf í golfhermi  
hjá GKG

### DRIVE-KEPPNI KL. 13-16

Keppt verður í karla- og kvennaflokki í golfhermi um lengsta upphafshöggið

1. verðlaun:  
Verðlaunabikar frá Meba  
Golfpoki frá BOSS  
10.000 kr. gjafakort  
frá Kringlunni

2. verðlaun:  
Golfskór frá Ecco

3. verðlaun:  
20.000 kr. gjafabréf  
frá ZO-ON

### PÚTTKEPPNI KL. 10-18

Keppt verður á tveimur púttbrautum í göngugötu

1. verðlaun:  
50.000 kr. gjafabréf  
frá Trans-Atlantic  
ferðaskrifstofu

2. verðlaun:  
Golfpoki frá Ecco

3. verðlaun:  
15.000 kr. gjafabréf  
frá Kringlunni

ÍSLANDSMÓT Í  
AÐ HALDA BOLTA  
Á LOFTI KL. 14

SPENNANDI KEPPNI  
AFREKSKYLFINA  
SIGGI HLÖ KYNNIR

Fjóldi vinninga dreginn úr þáttökuskráningu.

Fjóldi vinninga dreginn úr skortortum.

Kringlan



GERÐU GÓÐAN  
HRING BETRI Í KRINGLUNNI

# FRÁBÆR TILBOÐ

Í Kringlunni er mikið og fjölbreytt vöruúrval fyrir kylfinga.  
Í tilefni golfdaga verða eftirtaldar verslanir með glæsileg tilboð í dag.

**20%**

af öllum  
golffatnaði

**ZO•ON**  
ICELAND

**15%**

af golffatnaði

**BOSS**  
HUGO BOSS

**15%**

af golffatnaði

**Mathílda**  
Kringlunni

**20-50%**

af flottum  
golffatnaði

**COMPANYS**

**20%**

af öllum buxum

**66**  
NORDUR

**15%**

af öllum  
golffatnaði

**fierra**  
GARDURINN  
-klæðir þig vel

**20%**

af Alcatel One  
Touch Watch  
snjallúrinu

**vodafone**

**20%**

af vatnsheldum  
Catalyst hulstrum  
fyrir iPhone

**iStore**

**20%**

af völdum  
vörum

**Galla**  
BUXNABÚÐIN

**15%**

af öllum  
golfskóm

**ECCO**

**20%**

af golfglerjum  
með styrkleika

**augað**

**20%**

af buxum

**JNDISKA**

**20%**

af Nike  
golfaukahlutum

**ÚTILÍF**

**15%**

af ferðamálum frá  
Stelton og Sveinbjörgu

**epal**  
DESIGN

**20%**

af Gentlemen's  
Hardware vörum

**hrím**  
www.hrim.is

**20%**

af J. Lindeberg  
golffatnaði

**Kultúr**  
menn

**20%**

af Oakley

**prooptik**  
glæraugu

**23%**

af léttum úlpum  
20% af skóm  
50% af golfpílsum

**ZIKZAK**  
TAKUÐUR

**20%**

af öllum  
kaffibrúsum

**byggto&búið**  
Kringlunni

**20%**

af pólóbolum

**Dressmann**

**30%**

af golf tímaritum  
Bættu boltaflugið  
á 1.499 kr.  
Golfminnisblokk  
á 1.939 kr.

**DENNIS**

**Tilboð**

á völdum  
bætiefnum  
og sólarvörn

**Heilsuhúsið**

**20%**

af úlpum  
og vestum

**kello**

Fitbit Charge  
HR á **19.990 kr.**  
Verð áður 24.990 kr.  
Fitbit Blaze  
á **27.990 kr.**  
Verð áður 34.990 kr.

**Síminn**

**20%**

af völdum  
vörum

**Eirberg**

OPIÐ LAUGARDAG 10-18  
LOKAÐ HVÍTASUNNUÐAG  
OPIÐ ANNAN Í HVÍTASUNNU 13-18



Heimir Mariuson kvartaði undan einelti í starfsmannakönnun og segir það ekki hafa verið auðvelt skref. Það var þó erfiðara að fá engin viðbrögð frá fyrirtækinu við kvörtuninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Var lagður í einelti á sjó í fimmtán ár

**Heimir Mariuson** sætti einelti á sjó í fimmtán ár af hálfu sama yfirmannsins. Hann er ósáttur við úrræðaleysi útgerðarinnar sem hann starfaði hjá og vill opna umræðu um einelti á sjónum. Það er samkvæmt hans reynslu og nýlegri rannsókn ansi algengt.

Nanna Elísa Jakobsdóttir  
nanna@365.is



Heimir Mariuson er gláðbeittur, orkumikill og skrafhreifinn maður á sextugsaldri. Hann starfar um þessar mundir á dekkjaverkstæði eftir að hafa kvatt sjóinn um áramótin.

„Mér fannst forréttindi að vera á sjó. Það er ekkert sem toppar það að sigla í kringum landið og horfa á það frá sjó. Ég hef aldrei kviðið því að stunda sjómennskuna sem slíka eða leiðst hún,“ segir Heimir, fyrrverandi sjómaður til margra ára. Starfsgreinin hefur verið flokkuð með þeim hættulegustu í heimi sökum þess að vinnuáðstæður eru erfiðar og mikil hætta er á slysum.

Sjómennskan hefur frá öndverðu verið táknað karlmennsku á Íslandi. Allt tal sem túlka má sem viðkvæmni hefur verið afgreitt sem væl á altari karlmennskunnar. Í því samhengi má nefna að Heimir hefur engan áhuga á að frásögn sín komi út eins og kvart eins og hann orðar það.

Heimir starfaði lengst af sem kokkur á uppsjávarskipi hjá HB Granda en missti starfið í skipulagsbreytingum.

„Ég vissi að ég færi ekki í gegnum síðasta niðurskurð hjá útgerðinni, maður vissi það og var búinn að sætta sig við það. Meira að segja þegar ég fékk það loks staðfest þá hljóp ég bara um gólf og sagði við konuna: „Jess.“ Ég var tilbúinn að hætta þessu.“

Ástæðan fyrir létti Heimis var viðmót yfirmanna á skipinu, bæði skipstjóra og stýrimanns, sem hafði



**EF HANN HEFÐI VERIÐ SVONA VIÐ ALLA ÞÁ HEFÐI ÞETTA VERIÐ ALLT ÖÐRUVÍSI. EN ÞAD VORU ALLTAF SÖMU MENNIRNIR SEM FENGU EKKI SVÖRIN, ÁKVEÐNIR SEM VORU EKKI Í NÁÐINNI HJÁ HONUM.**

djúpstæð áhrif á Heimi og lífsgleði hans. Heimir er einn fjölmargra sjómanna sem hafa upplifað einelti á vinnustað en nýleg rannsókn um lífsánægju sjómanna leiðir í ljós að einelti virðist algengara meðal sjómanna en hjá öðrum starfsstéttum. Könnunin var hluti af lokaverkefni Salóme Rutar Harðardóttur, íþrótta- og heilsufræðings, í meistaranámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. 38,9 prósent þeirra sjómanna sem tóku þátt sögðust hafa orðið fyrir eða upplifað einelti eða áreitni um borð á fiskveiðiskipi hálfu ári áður en könnunin var gerð.

**Fálæti, útilokun og niðurlæging**  
„Það er mikið um einelti, þar sem það getur þrífist þar er það,“ staðfestir Heimir. „Ef skipstjórinn tekur á því strax þá er hægt að koma í veg fyrir það en ef skipstjórinn og stýrimaðurinn eru gerendur þá er engin leið út. Nema bara að segja upp. Ekki klagar maður skipstjóran, hvað þá stýrimanninn í skipstjóran. Það þýddi ekkert, ég ætlaði ekki að missa vinnuna.“

Eineltið sem Heimir varð fyrir af hálfu skipstjórans lýsti sér í fálæti, útilokun og í því að skipstjórinn talaði títt niður til hans. Þá segir hann að erfitt hafi verið að fá svör við einföldum spurningum, til að mynda um hvenær maður yrði boðaður til skips eða hvenær skipið kæmi í höfn. Nokkrir samstarfsmenn Heimis segja sömu sögu.

„Manni var ekki svarað og ekki heilsað. En ef maður var við þriðja mann þá gat hann verið hrókur alls fagnaðar, blaðað og blaðað. Hann fór í svo mikið manngreinarálit. Ef hann hefði verið svona við alla þá hefði þetta verið allt öðruvísi. En það voru alltaf sömu mennirnir sem fengu ekki svörin, ákveðnir sem voru ekki í náðinni hjá honum.“

Heimir lærði hvernig rétt væri að haga sér til þess að þóknast

yfirmanninum. „Þegar maður veit hvernig hann hugsar þá veistu hvað þú mátt gera og hvað þú mátt ekki gera. Þú bara lærir. Ég var alltaf kurteis því ég vildi ekki að hann sæi að ég væri fúll, þá hefði hann kannski eitthvað á mig. Reif aldrei kjaft og reyndi að virka alltaf hress og kátur og bjóða brosandí góðan daginn þó ég fengi ekki svar. Ég reyndi stundum að forðast að vera nálægt honum en samt ekki sýna að ég væri hræddur við að tala við hann.“

Stýrimaðurinn var aftur á móti dónalegri, gerði grín að mönnum og ógnaði þeim. „Skipstjórinn hélt hlífiskildi yfir honum og hló með honum. Hann var kannski að rakka einhvern niður með látum og það var bara þannig, svo gat hann hlegið með skipstjóranum. Stýrimaðurinn var miklu meiri ruddi.“

**Starfsfélagi rekinn án ástæðu**  
Framkoma skipstjórans olli starfs- og afkomuóryggi hjá Heimi sem var stöðugt hræddur um að verða rekinn. Sá ótti jókst eftir að skipstjórinn rak einn skipverja að því er virtist án ástæðu. „Hann rak einn bara skyndilega. Hringdi í hann og sagði að útgerðin væri að skera niður hjá sér, en þegar sá maður hafði samband við útgerðina þá var það ekkert rétt. Eftir það stirðnaði ég. Maður er með heimili og þurfti að standa við sínar skuldir,“ útskýrir Heimir en hann var afar sáttur við þau laun sem hann fékk sem sjómaður. Það hafði áhrif á það hversu lengi hann lét framkomu manna yfir sig ganga.

„Maður var alltaf skíthæddur um hvort maður fengi að fara með í næstu ferð. Þetta niðir mann niður sálarlega. Manni fannst maður í rauninni bara ekki vera neitt. Það var alltaf eins og hann væri að spá í hvort hann ætti nokkuð að vera að hafa mann áfram.“

Heimir segir frá því að til að ➔

# HÁTÍÐARTILBOÐ Í TÍLEFNI HVÍTASUNNUNAR



IDdesign

**30%**  
AFSLÁTTUR

**DC 5000**

Þriggja sæta sófi.  
Grátt slitsterkt áklæði.  
Einnig fáanlegur tveggja sæta.  
Stærð: 3ja 203 x 79 H: 81 cm.

**153.993 kr.**  
~~219.990 kr.~~



**PINTO**

Hornsófi. 2H3 eða 3H2.  
Slitsterkt áklæði, grátt eða svart.  
Hátt bak og þægilegur.  
Stærð: 260 x 210 x 88 cm.

**20%**  
AFSLÁTTUR

**159.992 kr.** ~~199.990 kr.~~

L A Z B O Y®

*Live life Comfortably.*

**PINNACLE**

Klæddur svörtu leðri  
á slitflötum.  
Stærð: 84 x 90 x 100 cm

**30%**  
AFSLÁTTUR

**125.993 kr.**  
~~179.990 kr.~~



**MAGAN**

Borðstofustóll í fjórum  
útfærslum. Dökkgrár  
eða dökkrauður  
með dökkum  
eða ljósum  
viðarfótum.

**19.990 kr.**  
~~27.990 kr.~~



**ANDREW**

Sterkbyggðir stólar  
fyrir eldhúsið eða  
borðstofuna.  
Svart bundið leður.

**13.990 kr.**  
~~19.990 kr.~~



SMÁVARA FRÁ  
SALT&PEPPER

**50%**  
AFSLÁTTUR



Reykjavík  
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardag

Akureyri  
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100



HÚSGAGNA  
HÖLLIN

Lokað á Hvítasunnudag og annan í Hvítasunnu

→ mynda hafi skipstjórinn ákveðið að fara einum starfskrafti færri í loðnutúr þegar einn forfallaðist. „Bara svo ég fengi ekki að fara með. Mér fannst það alveg skelfilegt því að það þýddi beina tekjurýrnun fyrir mig. Menn voru að fá lausátúra og hoppa inn í. Svo gat hann látið þveröfugt við þá sem voru vel inn undir hjá honum. Einu sinni vorum við að fara í hrognatúr, vorum fjórtán menn, en þá bætti hann einum við sem rýrði okkar hlut.“

**Kvörtun um einelti talin nöldur**  
Heimir gagnrýnir harðlega við-bragðsleysi HB Granda. Hann kvartaði í þremur formlegum könnunum yfir viðmóti yfirmanna sinna en heyrði aldrei frá yfirstjórn útgerðarinnar. Þá fundaði hann með starfsmannastjóra nýlega að eigin frumkvæði, skýrði sína hlið og í kjölfarið fékk hann þau skilaboð að unnið yrði með málið í framtíðinni. „Það er það sem ég er að hjálpa þeim með núna með því að segja mína sögu. Það var ekki auðvelt að vera sá sem kvartaði í þessum könnunum en ég hugsaði bara: „Skítt með það, ég segi bara hreint út hvernig mér líður.“ En svo heyri ég ekkert frá þeim. Þetta er í raun og veru bara talið nöldur. Þó að manni líði eins og andskotunum. Þú tapar svo mikilli gleði úr lífinu, kóðnar allur niður og ferð inn í þína kúlu.“ Upplifun Heimis var sú að það skipti útgerðina ekki máli hvernig honum líði í vinnunni. Sérstaklega sárt þykir Heimi að hugsa til félaga síns á sama skipi sem fór í þriggja mánaða veikindaleyfi eftir að hafa lent sérstaklega illa í skipstjóranum. Sá starfaði meira með skipstjóranum, uppi á dekki, en Heimir vann í skjóli eldhússins. Samstarfsfélaginn sneri ekki aftur fyrr en hann fékk pláss á skipi með öðrum skipstjóra.

„Þegar hann lendir í þessu þá var ég búinn að láta vita af eineltinu. Það hefði verið hægt að koma í veg fyrir þetta. En það var ekkert gert, enginn sem talaði við mig eða reynt að fara ofan í kjölinn á þessu. Það hefði þurft að koma mönnum saman og reyna að ná sáttum. Það er það sem stingur, að það hefði verið hægt að koma í veg fyrir áfallið sem hann varð fyrir. Það vissu allir á skipinu af þessu og svo var þetta farið að kvisast út



**ÞAÐ ER ALLS EKKI NÆG UMRÆÐA UM EINELTI SJÓMANNA Í SAMFÉLAGINU. ÞETTA HEFUR**

**VERIÐ FELUMÁL Í FLEIRI ÁR. ÉG VIL OPNA MIG UM MÍNA**

**SÖGU ÞVÍ AÐ ÞAÐ ER ENGINN AÐ FARA AÐ SEGJA MÉR AÐ**

**ÞAÐ SÉ EKKI AÐ MINNSTA KOSTI EINN SJÓMAÐUR ÞARNA**

**ÚTI SEM HEFUR UPPLIFAÐ ÞAÐ SAMA OG ÉG.**



um flotann. Að maður hefði orðið fyrir alvarlegu einelti. Þetta er eins og lítil fjölskylda, við sofum þétt hver upp við annan og vitum allt sem er í gangi. Ef maður prumpar þá verðurðu var við það. Þess vegna finnst mér að fyrirtækið eigi að gera eitthvað. Það er svo gjörsamlega glórulaust að hunsað það að staðan sé svona. Þeir virðast ekki gera sér nokkra grein fyrir því hvað þetta fer illa með menn eða þá að þeim er alveg sama. Ég upplifi það þannig, að þeim sé bara skítsama.“

#### Fleiri í sömu sporum

Sem fyrr segir var Heimir feginn að losna úr félagsskapnum nú um áramótin, hann hafði lagst yfir sín mál, farið til sálfræðings og opnað augun fyrir því að framkoma skipstjórans væri ekki hans sök. Hann segir hins vegar erfitt að sætta sig við að ekkert hafi verið rætt við yfirmennina.

„Ég var alveg tilbúinn að labba þarna burt sáttur. Ég hefði viljað fá staðfestingu á að það hefði verið tekið á þessu. En mér finnst vanvirðingin halda áfram í skeytingarleysi fyrirtækisins.“

Heimir er allur annar maður í dag. „Ég var byrjaður að vinna í mér áður en ég hætti en svo lagaðist þetta helling þegar ég losnaði frá honum. Það bara léttir yfir manni. Ég var alltaf svo lífs-glaður og það er að koma aftur.“ Astæðan fyrir að Heimir ákvað að stíga fram var umfjöllun Fréttablaðsins í síðasta mánuði um það hversu algengt það er að sjómenn glími við vanlíðan í starfi vegna eineltismála. Tíðarandinn hefur breyst á undanföllum árum og karlmenn hvattir til þess að tjá tilfinningar ekki síður en konur.

„Það er alls ekki næg umræða um einelti sjómanna í samfélaginu. Þetta hefur verið felumál í fleiri ár. Ég vil opna mig um mína sögu því að það er enginn að fara að segja mér að það sé ekki að minnst kosti einn sjómaður þarna úti sem hefur upplifað það sama og ég. Og ég vil að fyrirtækið beri ábyrgð. Það eru ekki rétt skilaboð fyrir þá sem starfa enn hjá fyrirtækinu að það þýði ekki að kvarta. Hver mun kvarta ef það er greinilega ekki tekið á málunum? Ef ég get breytt ástandinu, þó ekki sé nema fyrir einn eða tvo eða þrjá, þá er það nóg fyrir mig.“

## Mikilvægi heilsuefningar á íslenskum vinnumarkaði

Málþing á Grand hóteli í Reykjavík 19. maí kl. 13.00 - 16.30

Dagskrá:

**Valdimar Guðmundsson, söngvari, flytur nokkur lög**

Setning, Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra  
**Ráðherranefnd um lýðheilsu**

Frummælendur:

Jóhann Friðrik Friðriksson, heilbrigðis- og lýðheilsufræðingur  
**Heilsuefning - Tækifæri, hindranir og áskoranir**


Dr. Ásta Snorradóttir, Vinnueftirlitinu  
**Vinnuvernd og heilsuefning á vinnustöðum**

Guðmundur F. Jóhannsson, læknir  
**Frá sjónarhóli læknis, má gera betur?**

Jenný Ingudóttir, Embætti landlæknis  
**Heilsuefning á vinnustöðum, þverfaglegar nálganir Embættis landlæknis**

Ólöf Kristín Sívertsen, hjá Skólum ehf.  
**Allir saman nú! Árangur af virkri heilsuhvatningu á vinnustaðnum**

Fundarstjóri, Pétur Reimarsson, forstöðumaður samkeppnishæfnissviðs  
hjá Samtökum atvinnulífsins



Valdimar Guðmundsson



Ólöf Kristín Sívertsen



Ásta Snorradóttir



Jenný Ingudóttir



Jóhann Fr. Friðriksson



Guðmundur F. Jóhannsson

• Markmiðið með málþinginu er að auka umræðuna um ávinninginn af heilsuefningu á vinnustað fyrir atvinnurekendur, starfsmenn og samfélagið. Þátttaka í málþinginu er án endurgjalds og léttar kaffiveitingar í boði

**- Skráning fer fram á heilsuefning.is -**



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ



## HB Grandi fagnar umræðu um einelti

HB Grandi hefur síðan 2013 unnið samkvæmt metnaðarfullri starfsmannastefnu. Blaðamaður heimsótti fyrirtækið á Granda og fundaði með starfsmannastjóra, deildarstjóra Uppsývardeildar og fulltrúa frá Attentus, sem sér um kannanirnar meðal starfsmanna. Þau taka eineltismál alvarlega en viðurkenna að stefnuleysi hafi ríkt í málaflokknum fyrir 2013.

„Okkur þykir miður að starfsmáður frá okkur lendi í þessu. En gott að umræða eigi sér stað,“ segir Garðar Svavarsson, deildarstjóri Uppsývardeildar hjá HB Grandi. „Það hefur orðið vakning um þessi mál. Á síðustu árum hefur verið lögð rík áhersla á starfsmannamál.“ HB Grandi vinnur starfsmannamál sín í samstarfi við Attentus, fyrirtæki sem sér um mannaúð og ráðgjöf. Inga Hjaltadóttir hjá Attentus segir að hún telji fyrirtækið taka á öllum málum sem koma upp.

„Við viljum fá svona mál til meðferðar og viljum ekki hafa svona aðstæður á vinnustaðnum. Við tökum öll mál alvarlega.“ Starfsmannastefnan er kynnt starfsmönnum og þá liggja fyrir verkferlar sem taka við ef upp kemur grunur um eineltismál. Verkferlarnir eiga að vera starfsmönnum kunnir skv. Garðari og Ingu. Þá hafa þau undanfarin ár unnið forvarnarstarf þegar kemur að eineltismálum.





## VMA býður upp á öflugar bóknámsbrautir og listnámsbraut auk fjölmargra brauta í starfs- og tækninámi. VMA er eini skólinn utan höfuðborgarsvæðisins sem býður upp á fullnaðarnám í vélstjórn.



Verkmenntaskólinn er áfangaskóli sem gefur nemendum sveigjanleika í námi og námshraða.

Verkmenntaskólinn er góður undirbúningur fyrir sérhæfð störf, háskólanám, sérskólanám og daglegt líf. Í skólanum er öflugt og fjölbreytt félagslíf nemenda - leiksýningar, söngkeppni, árshátíð, nýnemahátíð og klúbbastarf.

Í Verkmenntaskólanum er boðið upp á góða þjónustu fyrir nemendur, t.d. gott bókasafn, námsráðgjöf, skólahjúkrunaræðing, sálfræðing, mötuneyti og fleira.



Við skólann er heimavist. Nánari upplýsingar og umsóknir á [www.heimavist.is](http://www.heimavist.is).


VMA er í nánú samstarfi við háskóla, bæði innanlands og utan, enda mikilvægt að nemendur sem útskrifast með stúdentspróf, eða önnur lokapróf, uppfylli þær kröfur sem mismunandi háskólar og háskóla-deildir gera til þeirra.



Nemendur hafa tækifæri til að taka þátt í erlendum nemaskipta- og samstarfsverkefnum.



Gott samstarf VMA við fyrirtæki og samtök á vinnu- markaði í iðn- og tæknigreinum tryggir að höfð sé hliðsjón af þörfum atvinnulífsins. Nemendur VMA hafa náð framúrskarandi árangri á sveinsprófi og í nema- keppnum.



VMA hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun samkvæmt ISO 9001 staðli. Öll prófskírteini skarta þeim stimpli.



Sótt er um nám á [menntagatt.is](http://menntagatt.is) - nánari upplýsingar á [www.vma.is](http://www.vma.is)

### Nám til stúdentsprófs

Félags- og hugvísindabraut  
Náttúruvísindabraut  
Viðskipta- og hagfræðibraut  
Íþrótt- og lýðheilsabraut

Listnámsbraut  
-Hönnunar-og textillína  
-Myndlistarlína

Viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi

### Starfsnámsbrautir

Sjúkraliðabraut

### Hársnyrtinám

Hársnyrtiðn

### Brautabré

### Starfsbraut

### Iðn- og tækninám

### Byggingagreinar

Grunndeild að hausti  
Húsasmíði  
Húsgagnasmíði\*

### Málaraiðn - Vor 2018

Múrsmíði\*

### Pípulagnir - Vor 2017

### Rafiðngreinar

Grunndeild að hausti  
Rafvirkjun  
Rafeindavirkjun

### Málmiðngreinar

Grunndeild að hausti  
Bífvélavirkjun  
Blikksmíði\*  
Stálsmíði\*  
Vélvirkjun  
Vélstjórn  
A stig  
B stig  
C stig  
D stig

### Matvæla- og ferðagreinar

Grunndeild að hausti

### Matreiðsla -2. bekkur haust 2016, lotunám

Matartæknir, lotunám  
Kjötiðn, lotunám  
Framreiðsla

\*Þessar námsbrautir eru háðar nemandafjölda.

### Styrktaraðilar





„Svo er það þessi forláta útilegupottur sem við fengum í Góða hirðinum fyrir stuttu síðan. Hann er holdgervingur tjaldvagnsins okkar, sem við getum ekki beðið eftir að hengja aftan í bílinn og húrta af stað. Við köllum hann Gullvagninn, en hann er appelsinugulur og frekar gamall. Við tókum syrpu á honum í fyrra og fórum hringferð um landið og spiluðum saman á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Þá bjuggum við í honum í þrjátíu daga og vorum alls ekki reiðubúin að klára þann túr,“ segir Ása uppveðruð.




Plötuspilarann fékk Ása í jólagjöf frá pabba sínum fyrir nokkrum árum og hefur staðið sína plikt með sérlegum sóma, en maskinan er mikið notuð. „Hann stendur alltaf fyrir sínu. Plötusafnið okkar er algjört sálarfóður en við erum bæði miklir plötuhugamenn. Tómas jaðrar við eitthvað klikkað í því samhengi, en þegar hann hætti að reykja fór hann að eyða í plötur. Þannig hleðst þetta upp og svo er fólk mikið að gefa okkur plötur.“ Skyldi einhver ein plata verða öðrum meira í upphaldi? „Það kom sjö mánaða tímabil þar sem Þorgerður, sex ára, vildi bara hlusta á sömu plötuna, og það var gömul plata með Ellý Vilhljálms.“



Píanóið stendur í stofunni, býsna tignarlegt á að líta. „Það er mikið notað. Tómas er pianóleikari og ég sest stundum við það. Ég gaf honum það í jólagjöf, mikil sál og fegurð í því en það er fengið úr gömlu félagsheimili,“ segir Ása ánægð með gripinn, enda ærin ástæða til.

Trompetið stendur reisulegt ofan á döðranti merktum Megasi. „Trompet hefur leitt mig í min stærstu ævintýr. Ef ég hef farið út fyrir leiðina mína, þá togar það mig alltaf einhvern veginn á rétta braut aftur. Flestar af mínum skemmtilegustu stundum eru með trompetinu,“ segir Ása.



Borðstofuborðið er á sömu bylgjulengd og annað innbú parsins, það nánast svignar af sál. „Amma og afi fóru á hjúkrunarheimili og þótti óskaplega vænt um að einhver í fjölskyldunni vildi eiga það,“ segir Tómas. „Algjör draumur fyrir okkur,“ skýtur Ása að og segir bráðskemmtilegt að áklæði stólanna sé nákvæmlega það sama og sé á stól sem þau hafi eignast fyrir löngu. Ef vel er að gáð má svo sjá glytta í saumavélarborð sem langamma Ásu átti og notaði mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Tómas og Ása Berglind hafa það huggulegt í liflegri stofunni. Móðir Tómasar, María Ólafs málaði verkið í bakgrunni.

## Íbúð full af músík, sál og sögu

Ása Berglind Hjálmarsdóttir verkefnis- og markaðsstjóri Gamla bíós og tónlistarmaðurinn Tómas Jónsson hafa komið sér býsna notalega fyrir á níutíu fermetrum á Ránargötunni. Þar hafa þau búið síðasta eitt og hálf árið. Heimilin verða sennilega ekki mikið persónulegri en Ása og Tómas prisa sig sæl með að deila smekk þegar kemur að hreiðurgerð. Þeim mun meiri sál og saga, því betra.

Við viljum bæði hafa hluti með sál í kringum okkur. Það var þannig mjög auðvelt fyrir okkur að byrja að búa saman. Við kaupum ódýra hluti og eyðum ekki peningum að óþörfu, heldur veljum hluti sem okkur

finnst tala til okkar,“ segir Ása. Hún segir þau ekki síður yfir sig hrifin af staðsetningunni.

„Mér finnst einhver skemmtileg þorpsstemning hérna. Maður labbar með stelpuna í skólann og heilsar fólki á leiðinni, það eru allir kammó. Pétursbúðin er svo í miklu upphaldi og þar grípur maður það sem vantar hverju sinni. Svo er stutt í vinnuna og bæinn. Hér er einfaldlega mikið af góðu fólki, rólegt og gott þrátt fyrir að vera í miðbænum,“ útskýrir hún og neyðist til að draga fram einhverja ókosti. „Það er þá rútutrafíkin hérna helst, enda mikið af gistiheimilum hérna allt um kring.“

Óhætt er að fullyrða að heimilið iði af tónlist þó allt sé hljótt, en engin tilviljun ræður því svo sem að upphaldshlutir skótu hjúanna eru að megninu til hljóðfæri eða beinlínis tónlist.

### Innlit

Guðrún Ansnes  
gudrun@frettabladid.is



Reynsluaktu  
nújum Hyundai

**VIP PAKKI**  
FYRIR TVO Á EM

Vinnur þú ferð?



# Aktu Hyundai til sigurs!

Þú gætir unnið VIP ferð á EM

Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir EM og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nújum Hyundai og þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð með öllu á leik Íslands og Ungverjalands í Marseille þann 18. júní. Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Marseille. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

**Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum UEFA EURO 2016**



**HYUNDAI**

NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.



Hyundai Tucson, verð frá: 4.790.000 kr. / Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km\* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km\*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai / Kaupþúni 1 / Sími 575 1200 / [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

# Fyrstu dagarnir eftir keppnina erfiðir

**Mariu Ólafsdóttir** fannst eins og hún hefði brugðist þjóðinni eftir undanúrslitakvöld Eurovision í fyrra. Hún segir þetta hafa verið skemmtilega en erfiða reynslu.

Viktoria  
Hermannsdóttir  
viktoria@frettabladid.is



Þetta var mjög skemmtileg reynsla, mjög þroskandi en líka ótrúlega erfið,“ segir söngkonan María Ólafsdóttir sem keppti fyrir Íslands hönd í Eurovision-söngvakeppninni í fyrra.

María skaut upp á stjörnuhimininn í söngvakeppni Sjónvarpsins í fyrra. Þar kom hún, sá og sigraði með laginu Litil skref. „Ég kom nánast alveg óreind inn í þetta en þurfti að læra hratt á allt saman,“ segir María sem hafði litið komið fram opinberlega áður en hún tók þátt í undankeppninni og var tiltölulega óþekkt. Hún hafði þó sungið frá blautu barnsbeini og alltaf stefnt að því að verða söng- og leikkona.

## Stressuð á sviðinu

María fór út fyrir Íslands hönd til Vínarborgar þar sem hún flutti lagði á ensku. Ísland komst ekki upp úr undankeppninni og María var víða gagnrýnd fyrir flutning sinn um kvöldið. Létu margir í ljós skoðun sína á samskiptamiðlum og kommentakerfum fréttamiðlanna.

„Ég veit alveg að ég var mjög stressuð og hef sungið þetta lag betur. Þetta var mjög skrytið vegna þess að æfingin fyrir um daginn gekk svo ótrúlega vel. Þá hugsaði ég, þetta er komið núna, ég þarf ekki að hafa áhyggjur af þessu. Það voru allir í skýjunum með æfinguna. Þegar þetta var svo að byrja þá byrjaði að hellast yfir mig rosalegt stress. Allt í einu var ég byrjuð að þæla í fánlegum hlutum sem ég var ekkert búin að vera spá í eins og hvort ég myndi muna textann. Þetta er samt ekki bara ábyrgð söngvarans. Það þarf allt að smella saman, það eru allir í hópnum með hlutverk. Núna er ég farin að átta mig á að þetta var ekki bara mér að kenna, það var ýmislegt sem spilaði inn í,“ segir María.

Nefnir hún sem dæmi að hljóðið í svokölluðum inneryrum þar sem hún heyrir í tónlistinni á sviðinu hafi verið að stríða henni. „Það spilaði inn í, þetta var samt aðallega stressið en þetta hjálpaði ekki til. Við vorum búin að vera í vesni með þetta og vorum búin að biðja um að láta laga þetta. Á æfingunum heyrði ég of lítið í mér en svo á lokakvöldinu heyrði ég allt of hátt í mér og of lágt í tónlistinni. Eftir á þegar ég var búin með flutninginn þá vissi ég nákvæmlega á hvaða stöðum ég hafði verið off af því þar hafði ég ekkert heyrð í tónlistinni. Það var óþægilegt, ég er með smá fullkomunaráráttu þegar kemur að þessu,“ segir hún brosandí.

Hún tekur þó fram að hún sé ekki að afsaka frammistöðu sína, það sé bara margt sem spili inn í sem fólk átti sig þó ekki endilega á.

Myndi fara aftur

Hún segist þó ekki sjá eftir að hafa tekið þátt. Þetta hafi verið góð reynsla. „Ég myndi fara aftur ef ég fengi tækifæri til en myndi þá gera það á allt öðrum forsendum. Ég var svolítið eins og dúkka, sem gerði það sem mér var sagt. Af því ég hafði aldrei farið þarna áður, var ný í bransanum og vissi ekkert hvernig þetta virkaði allt.“

Eftir keppnina birtust fréttir þar sem var sagt að María vildi ekki veita viðtöl. „Það var reyndar mjög fyndið þarna um kvöldið, þá var allt í einu komið inn á DV og einhverja miðla: María neitaði viðtali. Ég hafði ekkert um það að segja. Það voru bara Valli og RÚV sem ákváðu að viðtalið yrði tekið á morgun,“ segir hún og vísar þar í Valgeir Magnússon eða Valla sport eins og hann er gjarnan kallaður. Valli sá um keppnishópinn.

„Þau vildu að ég myndi taka kvöldið í að jafna mig og svo yrði það tekið á morgun. Ég hefði auðvitað farið í viðtal ef mér hefði verið sagt að gera það. Þá hrúguðust inn kommentin undir, hvað væri mikill hroki í mér og allt þetta,“ segir hún. „Valli var samt algjörlega mín stoð og stytta þarna úti. Hann þekkir þetta út og inn og ég hefði ekki getað gert þetta án hans.“

Eurovision-heimurinn er nokkuð sérstök veröld og líklega fáir sem átta sig á hversu stórt fyrirbærið er hafi þeir ekki kynnst þessum heimi sjálfir. „Það voru margir búnir að segja frá þessu, að þetta væri bara sápuvíla sem maður færir inn í en þetta var samt svo miklu stærra en ég bjóst við. Það var fólk að biða eftir manni með myndir til að fá áritun á þegar maður kom út úr rútunni eða vildu fá myndir af sér með manni,“ segir hún hlæjandi og lýsir upplifuninni sem nokkuð surrealistiskri reynslu.

## Erfiðir dagar eftir keppnina

Það sem hún segist þó alls ekki hafa búið sig undir voru viðbrögðin á netinu eftir keppnina.

„Ég tók þetta mjög mikið inn á mig til að byrja með. Maður hefði kannski ekkert átt að vera að lesa þetta en eins og þegar þetta kemur á „news feedið“ manns á Facebook þá fer þetta ekki fram hjá manni,“ segir hún og heldur áfram: „Það kom samt einhver smá púki í mig dagana á eftir. Þegar ég sá ljót komment hjá fólkum sem var að kommenta undir eitthvað sem mínir Facebook-vinir höfðu deilt þá fór ég að hugsa hvort þetta væri eitthvað sem það myndi þora að segja við mig augliti til auglitis. Þannig að ég prófaði að læka kommentin og þá bara hurfu þau,“ segir hún hlæjandi. „Mér finnst ótrúlega merkilegt að fólk geti bara



María var tiltölulega óþekkt áður en hún tók þátt í keppninni. Það voru því nokkur viðbrögð fyrir hana þegar börn voru farin að banka upp á hjá henni að spyrja eftir henni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## FYRSTU DAGANA VAR ÉG

### MJÖG SÁR OG FANNST

### ÞETTA BARA HRÆÐILEGT.

### MÉR FANNST EINS OG ÉG

### HEFÐI BRUGÐIST BARA

### ÖLLUM. ÉG VAR ALVEG SMÁ

### TÍMA AÐ NÁ MÉR UPP ÚR

### ÞVÍ. ÉG TÓK ÞETTA ROSA-

### LEGA PERSÓNULEGA

skrifað hvað sem er á netið en getur svo ekki staðið undir því í raunveruleikanum.“

María segir fyrstu dagana eftir að hún kom heim hafa verið erfiða. „Fyrstu dagana var ég mjög sár og fannst þetta bara hræðilegt. Mér fannst eins og ég hefði brugðist bara öllum. Ég var alveg smá tíma að ná mér upp úr því. Ég tók þetta rosalega persónulega. Það er líka bara

hluti af því að vera nýr í bransanum og kunna ekkert á svona komment og þannig. Auðvitað má fólk hafa skoðanir. Ég veit alveg nákvæmlega hvað ég hefði getað gert betur. Ég er mikill fullkomunarsinni og það fer ógeðslega í taugarnar á mér þegar mér mistekst,“ segir hún.

## Neikvæðnin tekur meira pláss

„Núna er ég samt komin á allt annan stað í hausnum á mér varðandi keppnina. Ég er búin að hugsa þetta mikið. Svona er bara Eurovision og þetta getur gerst. Þó svo þetta hefði verið fullkominn flutningur þá hefði hann ekkert endilega farið áfram. Fólk var líka að setja út á kjólinn sem ég var í. Ég held að það skipti engu máli hvað þú gerir, það er alltaf einhver sem tuðar yfir því.“ Hún segist þó hætt að velta sér upp úr þessu. „Ég fann líka fyrir ótrúlega miklum stuðning. Mikið af jákvæðni en þetta neikvæða tekur bara miklu stærra pláss hjá manni. Á heildina litið voru miklu fleiri jákvæðar raddir en maður tekur meira eftir þeim neikvæðu. En ég fékk fullt af góðum skilaboðum frá alls konar fólk.“

Þegar María vann keppnina stóð hún allt í einu frammi fyrir því að vera orðin þekkt á Íslandi. „Þetta var mjög fyndið. Allt í einu voru börn farin að koma upp að mér að spjalla eða biðja um mynd. Það voru krakkar að koma heim og spyrja eftir mér. Þetta var mjög skemmtilegt,“ segir

hún hlæjandi.

María fylgdist að sjálfsgöðu með Gretu Salóme í undankeppni Eurovision á þriðjudag. „Miðað við frammistöðu Gretu á þriðjudaginn þá hefði hún átt að fljúga í úrslit, það var ekkert sem hefði verið hægt að gera betur. Þetta sýnir bara og sannar að það er ekki hægt að taka þessa keppni alvarlega. Gengi í Eurovision er ekki mælikvarði á hæfileika, þetta snýst um eitthvað allt annað.“

## Mörg tækifæri

Í kjölfar Eurovision hefur María fengið fjölmörg tækifæri. Hún leikur Sollu stírðu og spilar víða um land, meðal annars með kærasta sínum, Gunnari Leó Pálssyni, sem er tónlistarmaður. María var einnig að senda frá sér nýtt lag og vonast til þess að geta unnið meira í tónlist. „Þegar ég kom heim eftir keppnina þá þurfti ég svolítið að uppgötva bransann, ég var fyrst með umbodsmenn meðan ég var að læra á þetta en sé núna um þetta sjálf. Mér finnst samt enn mjög erfitt að ákveða upp-hæðir þegar fólk er að biðja mig um að syngja,“ segir hún hlæjandi.

María stefnir líka á að gefa út fleiri lög og jafnvel semja sjálf. „Ég hef alltaf verið að syngja, frá því ég var pínulítill. Gunnar Leó hefur verið að semja tónlist og ég er að búa til laglínur við. Ég hef líka aðeins verið að semja og langar að gera meira af því.“

# Summar & börn

14. maí 2016

KYNNINGARBLAÐ

## Gómsætt og girnilegt nesti

Nesti getur orðið einhæft og stundum er innihald nestisboxins það sama dag eftir dag. Þá er gott að fá hugmyndir frá öðrum og gefur Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir hér uppskriftir að gómsætu nesti. Hún er einn höfunda nýútkominnar bókar, Nesti fyrir alla.

Ásthildur Margrét Jóhannsdóttir, nemi í Verzlunarskóla Íslands, hélt sitt fyrsta matarboð ellefu ára gömul. Þá rak hún fjölskylduna út, sauð pasta fyrir fjórar vinkonur sínar og bar það fram með tómatsósu og hvítlauksbrauði í ofni. Ásthildur segist hafa haft mikinn áhuga á því að borða mat síðan hún man eftir sér og þaðan komi líklega áhuginn á því að útbúa gómsæta rétti sjálf. „Ég lærði snemma að gera pönnukökur og skellti í pönnukökur nánast hverja helgi á tímabili sem vakti mikla lukku á heimilinu. Í dag hef ég lúmskt gaman af því að baka kökur og einnig er linsubaunalaसानja vinsæll réttur í matarboðum hjá mér um þessar mundir.“

Á dögnum kom út bókinn Nesti fyrir alla sem Ásthildur gaf út ásamt fimm vinkonum sínum en bókinn er hluti af frumkvöðlaverkefni sem þær tóku þátt í í Versló þar sem þær stunda nám. „Hugmyndin kemur út frá nestismenningu innan hópsins en við erum virkar í því að koma með nesti í skólann og kíkja í boxin hver hjá annarri. Bókinn er því nokkurs konar samansafn af uppáhalds-nestinu okkar,“ útskýrir Ásthildur.

Hún gefur lesendum hér nokkrar hugmyndir að gómsætu en fljótgerðu nesti. „Uppskriftirnar eru allar úr 5-10 mínútna kaflanum í bókinni og það er svolítið lýsandi fyrir mig, ég vil helst hafa réttina eins einfalda og fljótlega og völ er á, en jafnframt góða. Súkkulaðibúðinginn þróaði ég sjálf en hugmyndina að leynivöflunum fékk ég hjá vinkonu minni og fékk leyfi til að setja hana í bókina. Uppskriftin að ávöxtum í sparifötum er svo uppskrift sem Þórdís, ein af höfundum bókarinnar, á heiðurinn af.“

### Leynivöflur

- 1 banani
- 1 egg
- 2 dl hafrar
- 1 tsk. lyftiduft
- kanill eða kakó eftir smekk

Stingið vöflujárninu í samband og smyrjið vel með olíu. Stappið bananann og hrærið öllum hráefnunum saman við. Vöflujárnið ætti þá að vera orðið heitt og má þá steikja vöflurnar. Úr þessari uppskrift fékk ég tvær vöflur og eina litla. Ég setti hnetusmjör, kókosskyr og bláber á vöflurnar en þær eru einnig góðar með smjöri og osti.



### Ávextir í sparifötum

- 1 dl hörfræ
- 1 dl sesamfræ
- 2 dl möndlur
- 1 tsk. kardimommduft
- 2 tsk. kanilduft
- 2 tsk. vanilluduft

Setjið hörfræ, sesamfræ og möndlur í kaffivörn og malið. Blandið öllu saman í skál. Stráið yfir niðurskorna ávexti að eigin vali. Gott er að geyma þetta í lokuðu boxi.



### Chia-súkkulaðibúðingur

- 2 msk. chia-fræ
- 2 dl mjólk (hvernig sem er)
- 1 tsk. agave-síróp
- 2 tsk. kakó
- 2 dödlur, smátt skornar

Hrærið saman chia-fræin, agave-sírópið og kakóið. Hell-ið mjólkinni saman við. Sker-ið döðlurnar og setjið út í. Bland-ið öllu saman og látið standa í um það bil tíu mínútur (má vera lengur, til dæmis yfir nótt). Mjög gott með ávöxtum eða kókos-flögum.



Ásthildur hefur gaman af því að búa til mat og kökur. MYND/STEFÁN

## Við ♥ lífrænt



♥ án rotvarnarefna

♥ enginn viðbættur sykur



hipp.is · facebook

**PRODERM**  
TECHNOLOGY

LANGVIRK  
SÓLARVÖRN.

PRODERM  
SUNSCREEN  
MOUSSE  
DURABLE  
KIDS

30

ÁÐEINS ÞAÐ BESTA FYRIR BÖRNIN  
SÓLARVÖRNIN SEM HÚÐLÆKNAR MÆLA MEÐ

★★★★★

Sölustaði má finna á [celsus.is](http://celsus.is)

UVA

Mini Drops  
natures aid

NÝ VÍTAMÍNLÍNA FYRIR BÖRN

Inniheldur EKKI: sykur, glútein, ger, laktósa eða gerviefni.

Sölustaðir: Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum.

NÁTTÚRULEGT  
VERKJAGEL

SORE NO MORE  
Natural Pain Relieving Gel  
WARM THERAPY

SORE NO MORE  
Natural Pain Relieving Gel  
COOL THERAPY

Öflug hita- og kælimeðferð

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir, Fjarðarkaup og Þín verslun Seljabraut

Endalaus 365

ENDALAUS  
GSM

1817 | 365.is

365



Kennarar eru sammála um að börn sem lesa lítið eða ekkert í sumarfríinu tapi niður þeim lestrarhraða sem náðist yfir veturinn. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Virkja lestrargleðina yfir sumartímann

Heimalestur ætti ekki að detta niður þó fjölskyldan fari í sumarfrí. Kennarar eru sammála um að mörg börn tapi þeim lestrarhraða sem náðst hefur yfir veturinn ef lítið eða ekkert er lesið í fríinu. Mikilvægt sé að virkja áhugann.

„Ég held að allir sem koma að lestrarkennslu séu sammála um að það er mikilvægt að börn lesi á sumrin. Við lestrarprófum börnin í skólanum áður en þau fara í sumarfrí og síðan aftur að hausti. Þá kemur oft í ljós að börn lesa hægar að hausti ef þau hafa ekki lesið yfir sumarið. Börn sem hafa ekki náð góðum tókum á lestrinum og lesa ekki yfir sumarið ná jafnvel ekki upp fyrri hraða fyrir en í nóvember,“ segir Bjarnveig Guðbjörnsdóttir, kennari við Hlíðaskóla.

Ebba Áslaug Kristjánsdóttir, kennari við Ísaksskóla, tekur í sama streng. „Kennarar kannast vel við það að krakkar sem voru komnir vel á veg að vori hafa týnt miklu niður yfir sumarið,“ segir hún. Það sé því mikilvægt að viðhalda lestrinum í sumarfríinu en með öðrum áherslum.

### Lesi á eigin forsendum

„Á veturna eru þau send heim með skólabækur til að lesa en á sumrin ættu þau að fá að velja sjálf lestrarefni sem vekur áhuga þeirra og hæfir lestrargetu þeirra. Það er líka vel hægt að nýta tækifæri til lestrar í hversdagslífinu, lesa á skilti á ferðalögum, skoða stafi á bílnúmerum og fara á bókasafn,“ segir Ebba. „Það má gera lesturinn að góðri samverustund með fjölskyldunni með því að skoða saman bækur og skiptast á að lesa einstök orð, setningar eða blaðsíður í bókinni.“

### Foreldrar taki þátt

Bjarnveig bendir á að foreldrar séu fyrirmyndir og ef börn sjái foreldra sína lesa verði það



Ebba Áslaug Kristjánsdóttir, kennari við Ísaksskóla, segir mikilvægt að börn lesi á eigin forsendum í fríinu. MYND/STEFÁN

„Á veturna eru þau send heim með skólabækur til að lesa en á sumrin ættu þau að fá að velja sjálf lestrarefni sem vekur áhuga þeirra og hæfir lestrargetu.“

Ebba Áslaug Kristjánsdóttir

þeim hvatning til að lesa sjálf. „Ef foreldrum finnst sjálfsagt að taka með sér bók í sumarfríinu finnst börnunum það líklega líka,“ segir Bjarnveig. „Til að viðhalda áhuga barna á lestri

er mjög mikilvægt að foreldrar sýni áhuga, forvitnist um bækurnar sem börnin eru að lesa, séu á einhvern hátt þátttakendur, lesi fyrir þau og með þeim. Það er líka mikilvægt að festast ekki í að lesa alltaf á ákveðnum stað, það ætti enginn staður að vera heilagur fyrir heimalestur,“ segir Bjarnveig og bendir á ýmiss konar samninga sem hægt sé að útbúa með börnunum, til dæmis plan þar sem lesa á við óvenjulegar aðstæður, í svefnpoka, á trampólíni, með sólgleraugu, eða fá krakkana til að gefa bókunum stjörnu eftir lesturinn.

Þá segir Ebba að mikilvægt sé að halda áfram að lesa fyrir börn þó að þau séu farin að lesa sjálf. „Það er undirstaðan fyrir þeirra lestur seinna meir. En fyrst og fremst þarf að virkja gleðina við lesturinn.“

Fylgstu með á Facebook  
– Lindex Iceland  
#LindexIceland

Stuttbuxur,  
1915,-

*Love your Summer*

**LINDEX**

we make fashion feel good

# VARÚÐ! BARN




## VARÚÐ!

Í ÞESSARI BÓK ERU BRJÁLUÐ VÉLMENNI!



## Vill einhver kaupa litla bróður minn?

Nýjar sögur af hinum uppátækjasama Skúla. Hlátur er smitandi!



## SKOÐUM RISAÆDLUR

Skýr myndræn framsetning gerir heim risaeðlanna aðgengilegan og spennandi



## KOMDU MEÐ Í ÆVINTÝRALEGA FERÐ

Gátur, þrautir og verkefni á hverri opnu



\* Lestur er ávanabindandi og getur skapað fjörugar umræður. Getur valdið auknum orðaforða og víðsýni. Takist inn í skömmtum sem hæfa hverjum og einum. Má deila með öðrum að vild. Bráðsmitandi!





## STUÐLAR AÐ LÍFLEGRA HÁRI

**Icecare kynnr** Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra og þykkara. Þær Selma og Margrét mæla báðar með Hair Volume og segja hár sitt fallegra með því.

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurr og slitið. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljá á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég,“ segir Selma.

Fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljá á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume.

Selma Björk Grétarsdóttir

### FÉKK HÁRLOS

Margrét Viðarsdóttir hefur einnig notað Hair Volume-töflur og mælir hiklaust með þeim. „Ég fór í aðgerð og þurfti að nota



Selma Björk er komin með þykkara og líflegra hár eftir að hún fór að nota Hair Volume. MYND/VILHELM



lyf í kjölfarið, sem varð til þess að hárið á mér varð líflaust og rytjulegt. Einnig var ég með töluvert hárlos vegna lyfjanna og þurfti ég til dæmis alltaf að tæma niðurfallið í sturtunni eftir hvert skipti í sturtu, svo mikið var hárlosið. Ég og hárgreislukonan mín höfum tekið eftir því hve miklu líflegra hárið er, það glansar meira og hárvöxturinn hefur aukist mikið. Annar


hárvöxtur á líkamanum hefur samt ekki aukist og finnst mér það mikill munur. Ég tók líka eftir því að neglurnar eru sterkari og húðin mun betri, þannig að það er svo margt gott við að nota Hair Volume-töflurnar. Frábærar töflur sem ég mæli hiklaust með,“ segir Margrét ánægð.

### NÝ UPPFINNING

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með biótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit – hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsí, kísli og B-vítamínum.



Margréti finnst Hair Volume-töflurnar frábærar og mælir hiklaust með þeim.



**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR** Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is)

**IceCare**  
Þín heilsa

## AUKAKÍLÓIN BURT

>> tvö góð þyngdarstjórnunarefni saman! <<

### Raspberry Ketones

Eitt mest selda fitubrennsluefnið

Sykurlöngun og snarlþörf minnkar og fitubrennslan eykst.



### Trim-It

NÝTT þyngdarstjórnunarefni

Trim-It örvar meltinguna og hjálpar til við hreinsun líkamans.



### Losnaði við sykurþörfina – 19 kíló farin!



Raspberry Ketones hefur gert kraftaverk fyrir mig. Ég fann strax mikinn mun og kílóin fuku af mér. Ég bætti Trim-It við og held áfram að léttast. Ég er orkumeiri, borða minna og hollara og sleppi sælgæti algjörlega.

**Karen Hauksdóttir** starfar við garðyrkju

### Sykurlöngunin hvarf, mittismálið minnkaði!




Raspberry Ketones hefur gert frábæra hluti fyrir mig. Ég fann mun strax á fyrstu vikunni því sykurlöngunin nánast hvarf. Raspberry auðveldar mér að borða minna og hollari mat. Ég mæli 100% með þeim.

**Sigrún Emma Björnsdóttir** íþróttakona og einkaþjálfari

**Sölustaðir:** Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verzlana.

Georg Holm, bassaleikari Sigur Rósar, á sviði í Helsinki í lok síðustu stóru tónleikaferðar sveitarinnar.



MYND/DORIT SALUTSKIJ

# ENNPÁ ROSA GAMAN

Annasamt ár er framundan hjá meðlimum **Sigur Rósar**. Sveitin hefur bráðlega fyrstu stóru tónleikaferð sína í þrjú ár og kemur við í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Eftir nær 20 ár í bransanum er enn gaman.

Meðlimir Sigur Rósar eru þessa dagana að leggja lokahönd á undirbúning fyrir næstu tónleikaferð sveitarinnar um heiminn, þá fyrstu síðan 2012-2103 þegar sjöttu og sjöunda breiðskífum sveitarinnar, Valtara og Kveik, var fylgt eftir.

Ferðalagið hefst í Barcelona snemma í næsta mánuði þar sem sveitin kemur fram á Primavera Sound tónlistarhátíðinni. Þaðan liggur leiðin á ýmsar tónlistarhátíðir í Evrópu næstu þrjú mánuði með stuttri viðkomu í Japan og Ástralíu. Haustið og fyrri hluti vetrar verður svo tileinkaður Kanada og Bandaríkjunum auk þess sem Sigur Rós spilar í Kína og Singapur í nóvember.

Í fyrri tónleikaferðum um Evrópu hefur sveitin bæði spilað á tónlistarhátíðum og haldið eigin tónleika en í þetta sinn er eingöngu einblínt á tónlistarhátíðir að sögn Georgs Holm, bassaleikara sveitarinnar. „Við byrjum á því að þræða tónlistarhátíðir í Evrópu, bæði stórar og smáar, þekktar og minna þekktar. Þarna eru hátíðir sem við höfum spilað á áður en líka margar þar sem við komum fram í fyrsta sinn, t.d. nokkrar í Austur-Evrópu. Þetta verður nokkuð þétt dagskrá en um leið líka skemmtileg.“

## PERSÓNULEGRI TÓNLEIKAR

Fyrirkomulagið verður annað í Bandaríkjunum og Kanada þar sem hljómsveitin mun einungis spila á eigin tónleikum. „Sú tónleikaferð verður persónulegri enda spilum við þar á aðeins minni stöðum. Sviðsmyndin verður þó sú sama og öllu tjaldað til. Tónleikagestir munu finna meiri nálægð og lagavalið verður aðeins öðruvísi, þar spilum við m.a. rólegri lög og höfum meira pláss fyrir smáatriðin.“

Eins og fyrr segir kemur sveitin fram í Kína og Singapur síðar á árinu auk þess sem hún kemur fram á Fuji Rock Festival í Japan í sumar. „Viðtökurnar í Asíu hafa komið okkur skemmtilega á óvart. Við spilum á nokkrum tónleikum þar í síðustu stóru tónleikaferð okkar, t.d. í Taívan, Singapur og Malasíu. Okkur finnst ekki óeðlilegt að spila fyrir framan 8-12.000 manns í Evrópu og Bandaríkjunum en þegar við mætum til Taívans og Singapur var uppselt. Það kom okkur mjög á óvart hvað fólk þekkti tónlist okkar vel og það var óneitanlega sérstök tilfinning að spila fyrir 10.000 manns þar sem allir sungu með á íslensku.“

## KEMST UPP Í VANA

Það eru næstum tveir áratugir síðan fyrsta plata Sigur Rósar kom út og eftir útkomu Ágætis byrjunar árið 1999 hefur líf Georgs og félag hans einkennst af löngum tónleikaferðum. Hann segir þetta brólt allt komast upp í vana og eftir því sem árin líði læri hann betur á slíkt lífverni. „Í dag getur þetta þó stundum verið þínulítið strembið því nú er ég fjölskyldumaður. Fjölskyldur okkar reyna þó, eins og hægt er, að eyða tíma með okkur. Þar sem við spilum bara á tónlistarhátíðum í sumar myndast oft gótt sem henta fjölskyldum okkar vel. Þegar við byrjum Evrópulegginn okkar í næsta mánuði í Barcelona ætlum við fjölskyldan að mæta nokkrum dögum fyrr og njóta samverunnar þar í borg. Næst er förinni heitið til Porto í Portúgal og þar verður sami hátturinn hafður á.“

## NYTT EFNI AÐ FÆDAST

Félagarnir hafa ekki setið auðum höndum í vetur, frekar en fyrri daginn. „Við höfum verið að dunda okkur við að semja nýtt efni saman en líka unnið að öðrum verkefnum samhliða því. Jónsi hefur verið að vinna að eigin plötu og við Orri gerðum tónlist við heimildarmyndina The Show of Shows, í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Okkur fannst sú tónlist nógu góð til að vera gefin út á plötu og kom hún út fyrr á þessu ári.“

Síðasta plata Sigur Rósar, Kveikur, kom út árið 2013 og eru aðdáendur sveitarinnar orðnir óþreyjufullir eftir nýju efni. Georg segir þá féлага vissulega langa til að gefa út nýja plötu en engin dagsetning sé þó komin á hreint. „Nú þegar er eitt lag tilbúið sem gæti litið dagsins ljós fljótlega og verður þá hluti af henni. Það eru langar og stífar tónleikaferðir framundan á árinu og því lítill tími til að klára nýju lögin eins hratt og við vildum.“

## BREYTTAR ÚTSETNINGAR

Hluti nýju laganna mun þó heyrast á tónleikumum í ár. „Mikið af nýja efninu eru ókláraðar hugmyndir. Okkur langar í sumar að gera það sem við gerðum þegar við fylgðum Ágætis byrjun eftir á sínum tíma. Þá prófuðum við nýju lögin okkar,



„Við höfum unnið að því undanfarna mánuði að endurútsetja gömlu lögin og gera þau spennandi fyrir okkur á ný,“ segir Georg Holm. MYND/VILHELM

sem sum enduðu á svigaplötunni, á tónleikum áður en þau voru fullsamin. Við ætlum að gera þetta aftur í sumar og prófa nýja efnið þannig.“

Annað sem tónleikagestir munu heyra eru breyttar útsetningar á eldri lögum sveitarinnar. „Við höfum unnið að því undanfarna mánuði að endurútsetja gömlu lögin og gera þau spennandi fyrir okkur á ný. Þar sem við erum bara þrjú á sviðinu höfum við líka þurft að hugsa um lögin upp á nýtt, t.d. þegar kemur að pianóþörtum laganna. Orri er reyndar orðinn jafnvígur á pianó og trommur og spilar stundum á bæði hljóðfærin á sama tíma.“

## ENNPÁ SPENNANDI

Eftir nær tvo áratugi er engan bilbug að finna á félögum. „Við höfum komist að því að það skiptir engu máli hvað við erum gamlir eða hversu lengi við störfum saman; á meðan þetta er gaman þá höldum við áfram. Og þessa dagana er rosalega gaman og reyndar mun skemmtilegra en áður. Ég fann sömu stemninguna þegar við gerðum Kveik 2013, þá var sama spennan í loftinu og er til staðar í dag. Ég held að enginn okkar átti sig á því hvert við erum að stefna tónlistarlega séð núna en sú stefna er allavegana sérstök.“

## SKRÚFUR OG VOGAÍDÝFA

Után anna með hljómsveitinni tekur Georg lífinu með ró og sinnir fjölskyldunni. „Undanfarnar vikur hefur fjölskyldan t.d. að mestu leyti haldið sig uppi í sumarbústað. Þar eyðum við löngum stundum úti á bát við veiðar sem mér finnst eiginlega besti staður í heimi til að vera á.“

Meðal annarra áhugamála nefnir hann mótörhjól en þeim áhuga deilir hann með öðrum hljómsveitarméðlimum. „Svo er ég fallinn fótboltaáhugamaður og vil helst ekki missa af leik. Mér finnst mest svekkjandi þessa dagana að komast ekki á leik með íslenska landsliðinu á EM í Frakklandi en við erum held ég að spila alla leikdagana.“

Lokakeppni Eurovision fer fram í kvöld og víst að stór hluti þjóðarinnar mun fylgjast með. Georg er ekki mikill áhugamaður um tónlistina sjálfa þótt keppnin sem slík sé áhugaverð og stundum skemmtileg. „Þetta er svona fjölskyldustund þegar pítsa er pöntuð, fylgst er með stigagjöfnum og skrúfur og Vogaídyfa er á borðum. Á það ekki einmitt að vera svoleiðis?“ [starri@365.is](mailto:starri@365.is)

AFNÁM  
TOLLA  
OG HAGSTÆÐARA  
GENGI SKILAR SÉR  
TIL VIÐSKIPTAVINA  
LEVI'S

LEVI'S buxur 501-0114

14. maí 2015

14. maí 2016

kr. 17.990

kr. 13.990

LIVE IN Levi's®

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi



Glinor-nefúði við ofnæmi er ætlaður fyrir fullorðna og börn allt niður í 4 ára aldur.

“Vegna verkunarmátans er meðferðin fyrirbyggjandi í eðli sínu og því hægt að hefja notkun áður en ofnæmistímabilið byrjar.

Hákon Steinsson

# GLINOR: NEFÚÐI VIÐ OFNÆMI

**LYFIS kynnis:** Glinor-nefúði við ofnæmisbólgu í nefi. Hefur fyrirbyggjandi verkun. Fæst á góðu verði án lyfseðils í næsta apóteki.

„Glinor-nefúði inniheldur virka efnið natriumcromoglicat, efni sem hindrar losun bólgvaldandi boðfna eins og histamíns,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Vegna verkunarmátans er meðferðin fyrirbyggjandi í eðli sínu og því hægt að hefja notkun áður en ofnæmistímabilið byrjar.“ Glinor er eini nefúðinn með þessu innihaldsefni sem fæst án lyfseðils á Íslandi en LYFIS hefur unnið markvisst að því að auðvelda aðgengi landsmanna að lyfjum sem áður hafa einungis fengist gegn lyfseðli.

Glinor er notað við ofnæmisbólgu í nefi en algeng einkenni hennar eru hnerri, nefrennsli, kláði og nefstífla. Lyfið er ætlað fyrir fullorðna og börn, allt niður í fjögurra ára aldur. Skammtur fyrir fullorðna og börn er einn údaskammtur í hvora nös tvisvar til fjórum sinnum á dag. Glinor-nefúðinn veldur ekki syfju. Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér meðfylgjandi. Glinor nefúði fæst án lyfseðils í apótekum.

## Einkenni ofnæmisbólgu í nefi

- Hnerri
- Nefrennsli
- Kláði í nefi
- Nefstífla

**LYFIS**  
Traust í lyfjum  
**ratiopharm**

**Notkunarsvið:** Glinor nefúði inniheldur natriumcromoglicat og er ætlaður við ofnæmisbólgu í nefi. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir natriumcromoglicati, benzalkonklóríði eða einhverju hjálparefnum. **Varúð:** Innihaldsefnið benzalkonklóríð getur valdið ertingu í húð. **Meðganga og brjóstgjöf:** Engin skadleg áhrif á fóstur hafa komið fram við notkun natriumcromoglicats. Engu að síður skal forðast notkun á fyrsta þriðjungi meðgöngu og einungis skal nota lyfið á seinni stigum meðgöngu ef þörf er á. Natriumcromoglicat skilst í litlu magni út í brjóstamjól. Þessi útskilnaður er sennilega skaðlaus en einungis skal nota lyfið hjá meðrum með barn á brjósti ef þörf er á. **Skömmun:** Fullorðnir og börn, 4 ára og eldri: Einn údaskammtur í hvora nös tvisvar til fjórum sinnum á dag. **Algengustu aukaverkanir:** Ertung í nefslímhúð getur komið fram í upphafi meðferðar en þessi áhrif eru skaðlaus og tímabundin. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Desember 2015.

**LYFJA**  
- Lífið heil

Lægra verð  
í Lyfju

lyfja.is



Nýttu tekifærið  
**20%**  
afsláttur  
Við stefnum að velliðan

Glinor nefúði er á 20% afslætti í Lyfju út maí.

**Procto-eze™**  
Léttir á einkennum gyllinæðar

Við gyllinæð  
og annarri ertingu og  
ópægindum í endaparmi



## PROCTO-EZE KREM

- ✓ Dregur úr óþægindum og flýtir bata
- ✓ Byggir á náttúrulegum innihaldsefnum
- ✓ Inniheldur ekki stera
- ✓ Má nota á meðgöngu
- ✓ Þoldist vel í 12 vikna klínískri rannsókn
- ✓ Auðvelt í notkun - stjaka fylgir með

## PROCTO-EZE HREINSIR

- ✓ Mild og þægileg froða
- ✓ Hreinsandi og róandi verkun
- ✓ Góður í sturtuna
- ✓ Kemur í stað sápu sem getur ert viðkvæma húðina

FÆST Í APÓTEKUM

**LYFIS**  
Traust í lyfjum

**30%**  
út maí

Við kvefi og  
særindum í hálsi

- Vörn gegn sýklum
- Línar særindi í hálsi
- Flýtir bata á kvefi og endurnýjun slímhimnu í hálsi

**Coldfri munnúði**

Nýtt apótek að Hraunbergi 4, beint á móti Gerðubergi  
frábært verð - góð þjónusta - kíktu í heimsókn!

Procto-eze krem og hreinsir

Við gyllinæð  
og annarri ertingu og  
ópægindum í endaparmi

**KAUPAUKI**  
PROCTO-EZE HREINSIR  
FYLGR FRÍTT MEÐ KREMI



**Hraunbergsapótek**  
Heilbrigð skynsemi

S. 530 9500  
Opíð mán.-fös.  
8:30 - 18:00

# MINNI ÁHUGI Á EUROVISION ÞEGAR ÍSLAND ER EKKI MEÐ

Ísland er ekki með í Eurovision í kvöld. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hægt sé að halda gott partí. Margar fjölskyldur hittast á Eurovision-kvöldi, borða góðan mat og horfa saman á keppnina. Sumir hafa þó minni áhuga á keppninni þegar Ísland dettur út. Þá er bara að finna sér eitthvert annað uppáhaldslag. Nokkrir þingmenn voru spurður hvernig þeir ætli að eyða kvöldinu, hvort það væri partístemning hjá þeim í kvöld þótt Ísland væri ekki meðal keppenda.



## STYÐUR ARMENÍU

Ásta Guðrún Helgadóttir, þingmaður Pírata, verður í Eurovision-boði hjá frænkum sínum og fjölskyldum þeirra í kvöld. „Það verður sko stuð,“ segir hún. „Ég horfi yfirleitt á Eurovision með

spekingslegum svip og dæmi lögín að geðþótta. Annars ætlum við að grilla, er það ekki klassísk fyrir Eurovision?“ spyr Ásta og ætlar að styðja Armeníu. Henni finnst keppnin ekkert sífri þótt Ísland sé úr leik.

## FULLMIKIL TÆKNI

Óttar Proppé, alþingismaður Bjartrar framtíðar og Eurovision-fari, ætlar ekki að halda partí í kvöld. „Ég verð ekki í bænum en ég reyni að fylgjast með keppninni engu að síður ef netsamband verður gott. Venjulega held ég ekki sjálfur partí á Eurovision-kvöldum en mér er oft boðið í veislu, hjá vinum eða fjölskyldunni. Ég hef verið svo heppinn að upplifa Eurovision við alls konar skrítn tækifæri. Svo er rosalegt partí að taka þátt í keppninni. Það tekur mörg ár að ná sér niður eftir það,“ segir hann. „Ég hef fylgst með þessari keppni frá því ég var krakki og haft gaman af. Það er samt önnur stemning þegar Ísland er ekki með í aðalkeppninni.“



Mér finnst fjölbreytnin skemmtileg í þessari keppni og hef oft fallið fyrir furðulegustu lögum. Ég hef aðeins fylgst með undankeppninni núna en ekki eins vel og oft áður vegna anna. Það eru margir skemmtilegir flytjendur. Ég upplifi hana samt svolítið eins og menn séu að uppgötva tæknina og það bitnar á sumum atriðunum. Tæknin spilar kannski aðeins of stórt hlutverk fyrir minn smekk,“ segir Óttar sem viðurkennir að vera hrifnastur af lagi Tékklands.

## KÓSÍKVÖLD HJÁ VILLA

Vilhjálmur Árnason, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, segir að heima hjá honum sé kósíkvöld þegar Eurovision-keppnin er í gangi. „Við fáum okkur snakk í skál og fylgjumst með. Þannig verður það líka núna. Mér finnst reyndar stigagjöfin oftast skemmtilegust. Annars er keppnin mun minna spennandi þegar Ísland er ekki með,“ segir hann.



## FÁ VERÐLAUN

Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingar, segist ekki ætla að halda partí að þessu sinni. „Við gerum það oftast og þá er fólk á öllum aldri. Börnunum hefur verið boðið upp á popp, kók og súkkuláði. Við höfum gaman af stigatöflunni þegar Ísland er með í keppninni og spáum hver og einn í hvaða sæti við lendum. Sá sem kemst næst niðurstöðunni fær verðlaun. Þegar Ísland er ekki með í úrslitakeppninni missi ég yfirleitt áhugann á því að fylgjast með,“ segir Oddný.



## BÖMMER ÁN ÍSLANDS

Katrín Jakobsdóttir, þingmaður VG, segist ætla að vera með lítið Eurovision-partí með vinafólki í kvöld. „Ég hef horft á Eurovision frá barnaldri þó að það kæmi nokkurra ára skeið þar sem ég taldi mig of töff til að fylgjast með þessu. Eftirminnilegast er þó þegar við hjónin vorum að keyra með elsta son okkar sex mánaða gamlan norðan úr Skagafirði og við hlustuðum á keppnina í útvarpinu – en þá vann Finnland með hljóm-sveitina Lordi. Held að öll mín ætt hafi kosið það lag eins oft og mögulegt var! Undanfarin ár höfum við svo haldið upp á Eurovision með einhverjum hætti, núorðið eru þetta yfirleitt lítil partí og fjölskylduvæn þar sem barnafólk kemur saman. Venjulegast höfum við alltaf bakað pitsur en ætlum að breyta til í ár – hafa tapas-þema sem verður mjög spennandi og kannski misheppnað. Það er auð-



viðað ákveðinn bömmur að Ísland verði ekki með! En maður horfir samt og velur sér þá bara einhvern til að halda með – það mun ráðast á kvöldinu sjálfu hvern ég mun styðja því ég er ekki búin að hlusta á öll lögín,“ segir Katrín.

## MEÐ RUSLÖNU

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, ætlar ekki heldur að halda partí í kvöld. „Ég þarf að vera vel úthvíld fyrir viðtöl sem ég þarf að fara í á morgun,“ segir hún. „Mín gullaldar Eurovision-ár voru þegar ég var við nám á Bifröst. Þar voru sko partí og allt það besta í boði auk þess sem við starfræktum veðbanka. Eitt árið bar ég sigur úr býtum þegar ég gekk alla leið með Ruslönu. Á þessum árum vorum við á milli 15 og 25 að horfa á keppnina og allir með krakkana með sér. Þegar ég hef haldið Eurovision-partí heima býð ég yfirleitt upp á snakk, osta og svoleiðis léttar veitingar. Síðan koma gestir með drykki með sér,“ segir Vigdís. [elin@365.is](mailto:elin@365.is)

## LEIÐSÖGU SKÓLINN

### ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

## Draumastarfið í draumalandinu Kannt þú erlend tungumál?

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og kref andi starfi í vaxandi atvinnugrein.

INNTRITUN STENDUR TIL 25. MAÍ

WWW.MK.IS

Leiðsöguskólinn sími: 594 4025



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



SKRÁÐU ÞIG Í  
EUROVISION LUKKU-  
POTTINN Í VERSLUNINNI!

4 heppnir þátttakendur hljóta  
10.000kr gjafabréf í ZikZak  
Drögum mánudaginn  
16. maí



**Kaupauki**  
Fjölnota burðarpoki fylgir  
með öllum kaupum!

Stærðir  
36-56

# EUROVISION PARTÝ Í ZIK ZAK!

Glænýjar vörur, frábær tilboð og skemmtilegt  
happdrætti dagana 10.-14.maí

# ZIK ZAK

TÍSKUHÚS



**KJÓLL**  
7.990kr  
st. S-XXXL



**TÚNIKA**  
5.990kr  
st. S-XXXL



**PEYSA**  
5.990kr  
st. 36-48



**KJÓLL**  
5.990kr  
st. S-XXXL



**KJÓLL**  
6.990kr  
st. S-XXL



**KJÓLL**  
5.990kr  
st. S-XXXL



**PEYSA**  
6.990kr  
st. S-XXL



**KJÓLL**  
5.990kr  
st. S-XXXL



**PEYSA**  
5.990kr  
st. 36-48



**KJÓLL**  
7.990kr  
st. S-XXXL

Heiðar Jónsson verður á staðnum og aðstoðar þig við að finna rétta eurovision dressið, kl 14-17 í dag!



Tilboðsverð  
7.990,-  
Áður 9.990,-  
st. 36-41



Tilboðsverð  
6.990,-  
Áður 8.990,-  
st. 36-41



Tilboðsverð  
9.590,-  
Áður 11.990,-  
st. 36-41



Tilboðsverð  
3.990,-  
Áður 4.990,-  
st. 36-41



Einnig til  
í svörtu!

**ÚLPA**  
ÁÐUR 12.990  
NÚ 9.990  
St. 36-56



**ÚLPA**  
ÁÐUR 12.990  
NÚ 9.990  
St. S-XXL



Einnig til  
í svörtu!

**ÚLPA**  
ÁÐUR 12.990  
NÚ 9.990  
St. 42-56



Einnig til  
í rauðu!

**ÚLPA**  
ÁÐUR 12.990  
NÚ 9.990  
St. S-XXL



Einnig til  
í gráu og  
svörtu!

**ÚLPA**  
ÁÐUR 12.990  
NÚ 9.990  
St. 42-56t



**Flottar í sumar**

Stretchbuxur á 12.900 kr.

- háar í mittið
- vasar að framan
- 6 litir: blátt, svart, hvítt, ljósgrátt, teinótt blátt/hvítt.

Opið virka daga kl. 11–18  
Opið laugardaga kl. 11–15

**black pepper**  
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516  Kíkið á myndir og verð á Facebook



Einar Már Guðmundsson rithöfundur gengur um Heima- og Vogahverfið í dag. Gangan hefst klukkan eitt. MYND/GVA

## ÚTHVERFAMAÐUR LEIÐIR SÖGUGÖNGU

Rithöfundurinn **Einar Már Guðmundsson** ólst upp í Vogahverfinu í Reykjavík og er hverfið söguvið margra bóka hans. Hann leiðir göngu um Heima- og Vogahverfið í dag og segir sögu þess og íbúanna.

Einar Már Guðmundsson rithöfundur leiðir söguþyrsta um Heima- og Vogahverfið í leit að minningum og horfnum mannvirkjum klukkan eitt í dag. Söguvið margra skáldsagna sinna sækir Einar Már til Vogahverfisins þar sem hann ólst sjálfur upp þegar hverfið var að byggjast, en þá var það eitt fyrsta úthverfi borgarinnar.

### ENGINN EINN SANLEIKUR

Einar þekkir því sögu hverfisins vel og kann ýmsar skemmtilegar sögur af fólkinu sem bjó þar, krökkunum sem fylltu hverfið af lífi og húsum sem ýmist eru horfin eða standa enn. „Ég hef aldrei kallað hverfið sínu rétta nafni í bókunum, bara talað um hverfið enda er það allt í stílinn fært þó það byggji á ákveðnum minningum og myndum. Ég er búinn að teikna leiðina sem farin verður í dag upp í huganum nokkuð ógreinilega en svo gerist þetta bara. Við förum um víðan völl, löbbum að skólanum og að ýmsu sem er minnisstætt,“ segir Einar spurður að því við hverju göngumenn megi búast í dag.

Ef einhverjir hafa velt því fyrir sér hvort Einar ætli að benda á foheldna húsið úr Riddurum hringstigans sem drengirnir í hverfinu ímynduðu sér að væri kastali þá

eru eflaust ekki miklar líkur á því enda segir hann að það megi nú ekki taka allt frá fólki. „Margir sem lásu söguna á sínum tíma spurðu mig hvort ég meinti ekki þetta hús eða þetta hús en enginn nefndi sama húsið. Þegar fólk les sögu þá sviðsetur það alltaf söguna sjálft. Þannig að þegar veruleikinn er orðinn að skáldskap þá er enginn einn sannleikur þar sem hægt er að segja „svona var það“.“

### YFIRLEITT Í ÚTHVERFI

Einar segist vera úthverfamaður enda hefur hann lifað mestan hluta ævinnar í úthverfum. „Ég ólst upp sem strákur í Vogahverfinu. Svo þegar Breiðholtið var nýtt flutti ég þangað og tel mig einn af fyrstu Breiðhýltingunum. Svo þegar ég fór að búa sjálfur eftir að hafa búið víða erlendis og niðri í miðbæ flutti ég í þá alveg glænýjan hluta Grafarvogsgins. Þannig að ég er úthverfamaður, ég leita út á jaðarinn og hef alltaf haft mestan áhuga á fólki á jaðrinum þegar ég skrifa bækur. Fólki sem fer sínar eigin leiðir,“ segir hann og brosir.

### MINNINGAR SVEIPAÐAR LJÓMA

Í bókum Einars er tímanum og samfélaginu á sjötta og sjöunda áratugnum lýst en hann segir að í Heima- og Vogahverfi þess tíma hafi myndast alveg sérstak-

ur heimur. „Það sem gerir þetta hverfi kannski sérstakt þegar mín kynslóð var að vaxa úr grasi þar er að þar voru svo margir krakkar. Það var heldur ekki allt þetta regluverk og stofnanir sem eru í dag, barnagæsla og annað, þannig að við ólum okkur upp svolítið sjálf. Þetta var bara gatan og heimilið og mikið frjálsræði. Ég er ekki að segja að það sé betra eða verra, ég held að allir tímar geti lært hver af öðrum.“

Að sögn Einars einkenndist hverfið af hráslagaleika á þeim tíma sem það var að byggjast upp. „Á Facebook er til síða sem heitir „Vogahverfi – safn til sögu þess“, þar sem fólk setur inn gamlar myndir og þá sér maður hvað þetta hefur breyst rosalega. Þetta hverfi sem einkenndist samkvæmt myndunum af ofboðslegum hráslagaleika er rötgróið hverfi í dag. Þegar ég sé þennan hráslagaleika á myndunum kannast ég hins vegar ekki við hann úr minningunum, þær eru sveipaðar einhverjum ljóma,“ segir hann og hlær.

liljabjork@365.is

**Lagt verður upp frá Borgarbókasafninu í Sólheimum klukkan eitt og göngunni lýkur á Café Flóru í Grasagarðinum. Gangan tekur um það bil einn og hálfan klukkutíma.**



Heilsuréttir fjölskyldunnar

Indverskar grænmetisbollur með dödlumauki og jógurtsósu



ALLAR HELGAR 

MEÐ AFA Skoppa og Skritla

HELGARFJÖR FYRIR FLOTTASTA FÓLKID

 Afinn sem allir elska og fjöru vinkonurnar Skoppa og Skritla skemmta börnum og foreldrum á laugardags- og sunnudagsmorgnum á **Stöð 2**.

365.is | Sími 1817 **365**



### LEITAÐ AÐ VALLA

Borgarbókasafnið í Árbæ bregður á leik dagana 17. til 31. maí. Þá verður boðið upp á skemmtilegan ratleik fyrir krakka. Leikurinn snýst um að finna Valla og vini hans sem hafa falið sig hér og þar um safnið. Allir krakkar sem finna Valla og félagi og svara tveimur lauflettum spurningum komast í verðlaunapott. Þrír heppnir verða svo dregnir út 1. júní og hljóta verðlaun.

Bækurnar um Valla eru flestum að góðu kunnar. Fyrsta bókinn um Valla kom út árið 1987 en höfundur Vallabókanna er Martin Handford. Valli er upprunalega breskur, og heitir þar í landi Wally og Waldo í Bandaríkjunum, en vinsældir hans ná langt út fyrir heimalandið og bækurnar um hann hafa verið gefnar út í yfir 30 löndum um allan heim.

## Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Tilgangur Samtakanna er að gæta hagsmuna íslenskra fyrirtækja í sjávarútvegi.

Aðild að Samtökunum geta fengið fyrirtæki og sjálfstæðir atvinnurekendur sem starfa í sjávarútvegi.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins með þeim réttindum og skyldum sem kveðið er á um í samþykktum þeirra.

Nánari upplýsingar um Samtökin má finna á heimasíðu þeirra [www.sfs.is](http://www.sfs.is).

## Framkvæmdastjóri SFS

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi óska eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að öflugum einstaklingi í krefjandi stjórnunar- og leiðtogastarf þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

### Helstu verkefni

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri
- Eftirfylgni með stefnu og ákvörðunum stjórnar og samþykktum aðalfundar
- Ábyrgð á starfsemi SFS gagnvart stjórn
- Stuðlar að góðum tengslum við félagsmenn um allt land, styður og samhæfir starf þeirra
- Samningagerð
- Stjórnun og ábyrgð á starfsemi Samtakanna á erlendum vettvangi

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla
- Þekking á sjávarútvegi er kostur
- Reynsla af erlendri samvinnu
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Skipulögð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Rík ábyrgðartilfinning og faglegur metnaður
- Góð færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Góð tungumálakunnátta er skilyrði, a.m.k. enska og eitt Norðurlandamál

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa sett sér menntastefnu og umhverfisstefnu sem finna má á heimasíðu Samtakanna.

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson ([thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is)) og Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) fyrir 1. júní 2016 og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Made in Iceland  
**BIOEFFECT**



## MARKAÐSSTJÓRI FYRIR BIOEFFECT HÚÐVÖRUR

ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða hæfileikaríkan og öflugan einstakling til að leiða alþjóðlega markaðssetningu á BIOEFFECT. Leitað er að afburða einstaklingi með víðtæka reynslu á sviði markaðsmála. Viðkomandi leiðir markaðsstarf fyrirtækisins á þessu sviði með sérstakri áherslu á erlenda markaði. Starf markaðsstjóra felst í að fylgja eftir og efla enn frekar alþjóðlega markaðssetningu á BIOEFFECT vörumerkinu.

BIOEFFECT er nú þegar í fremstu röð, hefur hlotið fjölda alþjóðlegra verðlauna og var í fyrra valin fimmta besta vara í heiminum af Madame Figaro Beauty Guide. BIOEFFECT er selt í 30 löndum, yfir 1000 verslunum og seldist fyrir 3.5 milljarða árið 2015.

[www.bioeffect.com](http://www.bioeffect.com)

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson ([thordur@intellecta.is](mailto:thordur@intellecta.is)) og Helga Rún Runólfssdóttir ([helga@intellecta.is](mailto:helga@intellecta.is)) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225.

Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 23. maí 2016

ORF  
LÍFTÆKNI



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI  
AKUREYRI HOSPITAL

## Sérfræðingur í bráðalækningum - Sjúkrahúsið á Akureyri

Laus er til umsóknar staða sérfræðings við bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri. Um er að ræða fulla klíniska stöðu í dagvinnu með þátttöku í kennslu unglækna og annarra heilbrigðisstétta. Möguleiki á vöktum í sjúkraflugi. Umsækjendur skulu hafa íslenskt lækningaleyfi og fullgild réttindi í bráðalækningum en til greina kemur að horfa til annarra sérfræðiréttinda.

Staðan veitist frá 1. júlí 2016 eða eftir nánara samkomulagi.

Bráðamóttakan sinnir móttöku veikra og slasaðra, hún er opin allan sólarhringinn og er sú stærsta á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Árlega eru komur á bráðamóttöku um 16.500. Bráðamóttakan er starfrækt í nýendurbættu húsnæði. Við ráðningu verður lögð áhersla á faglega þekkingu ásamt hæfileikum á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Næsti yfirmaður er forstöðulæknir bráðalækninga.

### Laun eru samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Nánari upplýsingar um stöðuna veitir Stefán Steinsson, forstöðulæknir bráðalækninga, í síma 4630100 eða í tölvupósti [stefan@sak.is](mailto:stefan@sak.is). Einnig gefur Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs upplýsingar um stöðuna í síma 4630100 eða í tölvupósti [hildig@sak.is](mailto:hildig@sak.is)

**Umsóknarfrestur er til og með 30. maí 2016.**

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef sjúkrahússins [www.sak.is](http://www.sak.is)

Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt upplýsingum um fræðilegar rannsóknir, rit- og kennslustörf og staðfest afrit af fylgigögnum.

**Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: Öryggi – samvinna – framsækni.

Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins sem er reyklaus vinnustaður.

Sjúkrahúsið hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun á starfsemi sinni.



## Starfsmaður í markaðs- og þjónustudeild

[noxmedical.com](http://noxmedical.com)

Nox Medical er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu í þróun og framleiðslu á búnaði til greiningar á svefnröskunum. Vörur okkar bæta líf fólks með því að gera svefngreiningar einfaldari og þægilegri.

### »» Þjónustufulltrúi óskast í markaðs- og þjónustudeild Nox Medical

Þjónustufulltrúi þarf að tileinka sér afbragðs þekkingu á framleiðsluvörum Nox Medical og kerfum sem þeim tengjast. Þjónustufulltrúi er hluti af markaðs- og þjónustudeild Nox Medical sem aðstoðar og leiðbeinir viðskiptavinum.

Starfið krefst framúrskarandi samskiptahæfileika og þarf viðkomandi að eiga auðvelt með að koma frá sér flóknum upplýsingum á auðskilin hátt. Polinmæði og þjónustulund gagnvart öllum er lykilatriði.

#### Ábyrgð

- › Veita viðskiptavinum og dreifingaraðilum stuðningsþjónustu.
- › Veita viðskiptavinum tækni- og bilanagreiningarþjónustu.
- › Annar tilfallandi stuðningur við markaðs- og þjónustudeild.

#### Hæfni og reynsla

- › Tæknimenntun.
- › Reynsla og þekking á upplýsingatækni og netþjónustu.
- › Afburða enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli.
- › Þjónustulund gagnvart viðskiptavinum.
- › Hæfileikar til að vinna sjálfstætt og sem mikilvægur hluti af teymi.
- › Reynsla af þjónustu við viðskiptavini, augliti til auglitis.

Umsóknir og starfsferilsskrá skal senda á [work@noxmedical.com](mailto:work@noxmedical.com).

Ítarlegri upplýsingar má nálgast á [www.noxmedical.com/careers](http://www.noxmedical.com/careers) eða með því að senda póst á netfangið [ingvar@noxmedical.com](mailto:ingvar@noxmedical.com).

**Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2016.**

Öllum fyrirspurnum og umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar af fyllsta trúnaði.

**Nox Medical**  
Katrínartún 2 | [noxmedical.com](http://noxmedical.com)

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

#### Leikskólar

- Aðstoðarmatráður í leikskólann Austurkór
- Leikskólakennari í leikskólann Dal
- Leikskólakennari í leikskólann Baug
- Leikskólasérkennari í leikskólann Marbakka

#### Grunnskólar

- Deildarstjóri á eldra stig í Álfhólsskóla
- Tónmenntakennari í Hörðuvallaskóla
- Umsjónarkennari í Hörðuvallaskóla
- Dönskukennari í Kópavogsskóla
- Skólaliði í dægradvöl í Lindaskóla

#### Velferðasvið

- Starfsfólk á heimili fatlaðs fólks
- Félagráðgjafi í barnavernd

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is), þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

# VARMA

*The Warmth of Iceland*

**Við leitum að drífandi og jákvæðum starfsmanni með áhuga á ullariðnaði, í þróun og verk- smiðju okkar að Ármúl 31, 108 Reykjavík.**

#### Starfssvið:

- Rekstur, forritun og viðhald þróunavala

#### Menntun:

- Nám í vélvirkjun, rafeindavirkjun eða sambærilegum iðngreinum er kostur.

#### Starfsreynsla:

- Reynsla af vélavíðgerðum og vinnu við framleiðsluvélar

#### Hæfniskröfur:

- Metnaður, drifkraftur og áreiðanleiki
- Góðir skipulagshæfileikar og geta unnið sjálfstætt.
- Góðir samskiptahæfileikar
- Tölvu- og enskukunnatta.

Glófi ehf er stærsti framleiðandi á þróun- og mokaþöru á Íslandi. Aðalvörumerki fyrirtækisins er VARMA the warmth of Iceland. Markmið og áherslur fyrirtækisins er að þróa og nýta íslenskt hráefni sem mest og setja á markaðinn fallegar og vandaðar þróun- og mokaþöru. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi. Umsvif fyrirtækisins eru í stöðugri aukningu og og leitum við því að einstakling sem hefur áhuga og metnað til að taka þátt í uppbyggingu á þessu gamlagróna vörumerki. Sjá einnig [www.varma.is](http://www.varma.is) og á Facebook undir VARMA the warmth of Iceland

Umsóknir sendist á [saeunn@varma.is](mailto:saeunn@varma.is) fyrir 27.maí.

**GLÓFI**





## Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ auglýsir eftir matreiðslumanni

Við leitum að faglærðum matreiðslumanni til að stýra mótuneyti Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. Mótuneytið er rekið í anda heilsu-eflandi framhaldsskóla og áhersla lögð á hollan og næringarríkan mat.

Viðkomandi þarf að vera hugmyndaþráður og sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa farsæla reynslu af sviðum rekstri, góða færni í mannlegum samskiptum og áhuga á að umgangast ungt fólk.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 2016.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast Jóni Eggerti Bragasyni skólameistara á netfangið joneggert@fmos.is í síðasta lagi 30. maí 2016. Umsóknir þurfa ekki að vera á sérstökum eyðublaðum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Skólameistari



Samtök áhugafólks  
um áfengis- og  
vímuefnavandann

## NÁM Í ÁFENGIS- OG VÍMUEFNARÁÐGJÖF

Lausar eru til umsóknar stöður nema í áfengis- og vímuefnaráðgjöf við Sjúkrahúsið Vog. Starfshlutfall er 100%.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Námið fer fram á heilbrigðisstofnunum SÁÁ þar sem áfengis- og vímuefnaráðgjafanemar fá starfs- og námsaðlögun auk kennslu. Sjá nánar námskrá <http://saa.is/grein/um-afengis-og-vimuefnaradgjafa-saa/>

**Hæfniskröfur**

Stúdentspróf æskilegt.

Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð  
Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og SFR. Umsóknum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á: [hjalti@saa.is](mailto:hjalti@saa.is)

Nánari upplýsingar veitir Hjalti Björnsson, dagskrárstjóri  
s. 8247620, netfang: [hjalti@saa.is](mailto:hjalti@saa.is)



Samtök áhugafólks  
um áfengis- og  
vímuefnavandann

## ÁFENGIS- OG VÍMUEFNARÁÐGJAFI

Laus er til umsóknar staða áfengis- og vímuefnaráðgjafa við Sjúkrahúsið Vog. Starfshlutfall er 100%. Staðan er laus nú þegar eða eftir samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

Þátttaka í daglegri ráðgjöf á Sjúkrahúsinu Vog og öðrum starfsstöðum SÁÁ. Þetta innifelur m.a. vaktskyldu, samskipti og þjónustu við sjúklinga auk þverfaglegar samvinnu.

**Hæfniskröfur**

Löggilding til starfa sem áfengis- og vímuefnaráðgjafi á Íslandi.

Góð færni í mannlegum samskiptum og skipulögð vinnubrögð  
Kjör fara eftir kjarasamningi SÁÁ og SFR. Umsóknum skal skilað á Sjúkrahúsið Vog, Stórhöfða 45, 110 Reykjavík eða í tölvupósti á: [hjalti@saa.is](mailto:hjalti@saa.is)

Nánari upplýsingar veitir Hjalti Björnsson, dagskrárstjóri  
s. 8247620, netfang: [hjalti@saa.is](mailto:hjalti@saa.is)

Viltu verða

# Framkvæmdastjóri

Við leitum að hugmyndaþráttum leiðtoga sem hefur áhuga á eflingu starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu í allri sinni mynd og getuna til að hafa yfirsýn yfir fjölbætta starfsemi SÍMEY.

Umsóknarfrestur

**29. maí**

Starfssvið

- Dagleg stjórnun og rekstur.
- Stefnumótun og skipulag á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu.
- Þróunar- og markaðsstarf.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Samskipti við stofnanir, fyrirtæki og samstarfsaðila.
- Upplýsingagjöf til stjórnar.

Upplýsingar og umsókn

**[capacent.is/s/2906](http://capacent.is/s/2906)**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýttist í starfi.
- Rekstrar- og stjórnunarreynsla skilyrði.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og gott orðspor.
- Þekking á fullorðins- og framhaldsfræðslu.
- Frumkvæði, sjálfstæði og lausnamiðuð hugsun.
- Góðir skipulagshæfileikar, sveigjanleiki og víðsýni.
- Góð tungumálakunnátta og tölvufærni.



Símenntunarmiðstöðin er sjálfseignarstofnun, starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hlutverk SÍMEY er að efla símenntun og auka samstarf milli atvinnulífs og skóla. Styrkja þannig samkeppnishæfni fyrirtækja og stofnana á svæðinu og stuðla að því að einstaklingar þar hafi aðgang að þekkingu á öllum skólastigum.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Spennandi starf

# Sérfræðingur í skipulagsmálum

Starfið er á sviði aðalskipulags, sem er eitt fjögurra fagsviða á Skipulagsstofnun. Meðal helstu verkefna þess eru leiðbeiningar og eftirlit með gerð aðal- og svæðisskipulags og afgreiðsla þess ásamt að veita ráðgjöf um skipulagsmál. Laun eru samkvæmt kjarasamningi ríkisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur

**30. maí**

Starfssvið

- Leiðbeiningar, afgreiðsla og eftirlit með gerð aðal- og svæðisskipulags og umhverfismati þess.
- Ráðgjöf og samskipti við sveitarfélög, samstarfsaðila og almenning.
- Þátttaka í verkefnisteymum svo sem um framfylgd landsskipulagsstefnu, gerð leiðbeininga og þróun verklags.

Upplýsingar og umsókn

**[capacent.is/s/2905](http://capacent.is/s/2905)**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistaragráða á sviði skipulagsmála, svo sem í skipulagsfræði, bæjahlönnun, arkitektúr eða landfræði.
- Reynsla af gerð skipulagsáætlana æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Frumkvæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.



Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir með sjálfbæra nýtingu auðlinda og vandaða byggð að leiðarljósi. Stofnunin vinnur í viðtæku samráði við sveitarfélög, önnur stjórnvöld og hagsmunaaðila. Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um umhverfismat áætlana og heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

# Ertu frábær í mannlegum samskiptum?

www.tm.is

## TM auglýsir starf innan tjónaþjónustu félagsins.

### Starfssvið:

- Almenn tjónaafgreiðsla lausafjártjóna, gæludýratjóna o.fl.
- Bakvinnsla tjóna
- Önnur tilfallandi verkefni innan tjónaþjónustu TM

### Hæfniskröfur:

- Góð almenn menntun (stúdentspróf eða ígildi þess)
- Góð tölvukunnátta ásamt góðri íslensku- og enskukunnátta
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Geta til að starfa sjálfstætt og sem hluti af hópi

Einstaklingar sem uppfylla framangreindar hæfniskröfur og hafa til að bera frumkvæði, kraft og útsjónarsemi eru hvattir til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. maí n.k. Umsækjendur eru beðnir að senda ferilskrá ásamt kynningarbréfi á netfangið [starf@tm.is](mailto:starf@tm.is).**

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

**Upplýsingar veitir Ólafur Haukur Ólafsson, forstöðumaður eignatjóna TM ([olafur@tm.is](mailto:olafur@tm.is))**

Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í öllum sínum samskiptum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Í því felst að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái ávallt framúrskarandi þjónustu við úrlausn sinna mála hvort heldur við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu. TM hefur staðið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni í fjórtán skipti af sautján og er það íslenska fyrirtæki sem oftast allra hefur hlotið viðurkenninguna.

Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar megin viðfangsefni.



## Framkvæmdastjóri Klifurfélags Reykjavíkur

Stjórn Klifurfélags Reykjavíkur auglýsir eftir kraftmiklum einstakling með áhuga á íþróttum og íþróttastarfi í starf framkvæmdastjóra félagsins sem er fullt starf.

### Starfssvið

- Umsjón með daglegum rekstri Klifurhússins
- Innkaup á aðföngum og vörum til endursölu
- Skipulagning þjálfunar og hópa
- Starfsmannahald og skipulagning vakta
- Samskipti við birgja og bókara
- Ýmis önnur verkefni í samráði við stjórn

### Hæfniskröfur

- Viðkomandi þarf að vera drífandi og jákvæður
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Rík samskiptafærni, sveigjanleiki og þjónustulund
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg

Klifurfélag Reykjavíkur er áhugamannafélag og er tilgangur þess að stuðla að framgangi klifuríþróttá hér á landi og auka áhuga almennings á íþróttinni. Félagið hyggst ná tilgangi sínum með því að gangast fyrir námskeiðahaldi, keppnum og annars konar kynningarstarfsemi, auk þess sem félagið hyggst stuðla að því að félagsmönnum standi til boða fullnægjandi æfingaaðstaða. Klifurhúsið er staðsett í Ármúla 23 þar sem verður starfsvettvangur framkvæmdastjóra.

Umsókn sendist á [andrimar1993@gmail.com](mailto:andrimar1993@gmail.com) og skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Andri Már Ómarsson formaður Klifurfélags Reykjavíkur [andrimar1993@gmail.com](mailto:andrimar1993@gmail.com) eða í síma 869 1178

**Umsóknarfrestur er til 28. maí 2016**

## BÓKARI

### hjá ORF Líftækni

ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða bókara til að sjá um bókhald ORF Líftækni og dótturfélags þess, BIOEFFECT ehf. Leitað er að atorkusömum og traustum starfsmanni með góðan skilning á bókhaldi, reynslu í notkun bókhaldskerfa og skilningi á tengslum bókhalds við starfseiningar fyrirtækja og reikningskil. Hlutastarf til að byrja með kemur til greina.

ORF Líftækni er íslenskt líftækniyrirtæki sem framleiðir frumuvaka (human growth factors) með plöntuerfðatækni, þar á meðal EGF frumuvakann (Epidermal Growth Factor). ORF Líftækni er eina fyrirtækið í heiminum í dag sem framleiðir húðvörur með þessari aðferð. Húðvörurnar eru markaðssettar undir vörumerkinu BIOEFFECT sem er nú þegar í fremstu röð á snyrtivörumarkaði. BIOEFFECT er selt í 30 löndum, yfir 1000 verslunum og seldist fyrir 3.5 milljarða árið 2015.

Nánari upplýsingar veita **Helga Rún Runólfssdóttir** ([helga@intellecta.is](mailto:helga@intellecta.is)) og **Ari Eyberg** ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja starfsferilskrá. Farið verður með allar fyrirsurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. maí 2016**

Nánari upplýsingar má finna á [www.orf.is](http://www.orf.is) og [www.bioeffect.is](http://www.bioeffect.is)  
This advertisement can be seen in English on [www.orfgenetics.com](http://www.orfgenetics.com)

### Starfssvið

- Ábyrgð á bókhaldi félagsins ásamt dótturfélagi
- Umsýsla með reikninga og samþykktir þeirra
- Afstemmingar og uppgjör
- Uppgjör virðisaukaskatts
- Samskipti við birgja, viðskiptavini og yfirvöld er tengjast stöðu í bókhaldi og uppgjörum
- Eftirlit með innheimtu og öðrum þáttum er tengjast bókhaldi
- Miðlun upplýsinga úr bókhaldskerfinu
- Önnur tengd verkefni, s.s. innleiðing og uppsetning á nýju bókunarkerfi

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðurkenndur bókari eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla af notkun bókhaldskerfisins Microsoft Dynamics Nav. er æskileg
- Nákvæm vinnubrögð
- Góður almennur skilningur á bókhaldi og tengslum þess við rekstur félagsins
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti





**Stjórnstöð ferðamála** er samráðsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífsins, sem stofnaður var með samkomulagi ríkisstjórnar Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka ferðaþjónustunnar um eflingu íslenskrar ferðaþjónustu til loka árs 2020. Hlutverk Stjórnstöðvar ferðamála er að byggja traustan grunn fyrir farsæla og sjálfbæra þróun ferðaþjónustu á Íslandi. Helstu verkefni Stjórnstöðvarinnar eru tilgreind í Vegvísi í ferðaþjónustu sem út kom í október 2015 sjá [www.stjornstodin.is](http://www.stjornstodin.is). Fagleg uppbygging ferðaþjónustunnar á traustum grunni í sátt við land og þjóð er leiðarstef þess samkomulags um eflingu íslenskrar ferðaþjónustu sem Stjórnstöð ferðamála byggir á. Verkefni eru margslungin og snerta málaflokka þeirra ráðuneyta sem helst tengjast ferðaþjónustu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka ferðaþjónustunnar.

Forsætisráðherra skipar stjórn Stjórnstöðvarinnar og iðnaðar- og viðskiptaráðherra er formaður stjórnar.

## Framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála

Rekstrarfélag Stjórnstöðvar ferðamála óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra. Leitað er að öflugum leiðtoga sem er reiðubúinn að leggja sitt af mörkum við að móta framtíð íslenskrar ferðaþjónustu.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Dagleg stjórnun og rekstur
- Stjórnun á fjölþættum og yfirgripsmiklum verkefnum
- Samþætting, skipulag og stefnumótun
- Byggja upp tengslanet við og á milli helstu hagaðila, leiða samstarf og samráð þeirra á milli
- Greiningar og skýrslugerð
- Kynningarmál og samskipti við fjölmiðla

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla af verkefnastjórn, stefnumótunarvinnu og áætlanagerð
- Viðtæk þekking og reynsla af rekstri og stjórnun
- Mikil færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, metnaður, sjálfstæði og agi í vinnubrögðum
- Leiðtogahæfni
- Færni í að greina og miðla upplýsingum
- Mjög góð færni í íslensku og ensku



### Upplýsingar veita:

**Katrín S. Óladóttir**  
katrin@hagvangur.is

**Sverrir Briem**  
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)**  
**Umsóknarfrestur er til og með 30. maí nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



## Við leitum að öflugum stöðvarstjóra með mikla skipulags- og stjórnunarhæfni

Í starfinu felst rekstur, eftirlit og viðhald aflstöðva á Þjórsársvæði og ber viðkomandi ábyrgð á að öryggiskröfum Landsvirkjunar sé framfylgt í daglegum rekstri. Við leitum að einstaklingi sem býr yfir hæfni til að miðla upplýsingum, sýna frumkvæði og vera sjálfstæður í vinnubrögðum.

- Stjórnunarþekking og reynsla af rekstri eru skilyrði
- Færni í samskiptum við ytri og innri hagsmunaaðila
- Reynsla á sviði öryggis- og viðhaldsstjórnunar er æskileg
- Reynsla af gæða- og umhverfisstjórnun er æskileg
- Tæknimenntun á rafmagns- eða vélasviði er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Sótt er um starfið á vef Capacent, [capacent.is](http://capacent.is). Nánari upplýsingar um starfið veitir Sturla Jóhann Hreinsson ([sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is](mailto:sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is)) og Hilmar Garðar Hjaltason ([hilmar.hjaltason@capacent.is](mailto:hilmar.hjaltason@capacent.is)). Umsóknarfrestur er til og með 28. maí.



Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

[www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is)





Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

## SJÚKRAPJÁLFARI – SELJAHLIÐ

**Seljahlið heimili aldraðra óskar eftir sjúkrapjálfa til starfa á heimilið í 50% starf.  
Viðkomandi getur auk þess leigt aðstöðuna á heimilinu til frekari starfa.**

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipuleggur, stjórnar og ber ábyrgð á sjúkrapjálfun íbúa
- Skoðar og metur ástand, getu og færni íbúa
- Gerir meðferðaráætlanir byggðar á skoðun og mati
- Metur þörf fyrir og velur hjálpartæki við hæfi
- Skipuleggur vinnu aðstoðarmanns síns
- Fundar með og leiðbeinir öðru starfsfólki
- Mat á þörf fyrir, val á, pöntun og kennsla á hjálpartæki
- Samskipti við T.R. og stoðtækjasmíði

### Hæfniskröfur

- Íslenskt starfsleyfi sem sjúkrapjálfi
- Reynsla af starfi með öldruðum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum, þolinmæði og jákvætt viðmót.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

### Við bjóðum upp á:

- Heimilislegt vinnuumhverfi
- Krefjandi og spennandi verkefni
- Sveigjanlegan vinnutíma
- Skemmtilegan og faglegan starfsmannahóp

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sjúkrapjálfafélags Íslands

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Árdís Ósvaldsdóttir forstöðumaður í síma 540-2400 eða með því að senda fyrirspurnir á margret.ardis.osvaldsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um stöfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Umsóknarfrestur er til 28. maí n.k.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.

# LEITUM AÐ ÖFLUGUM REKSTRARSTJÓRA Á AKRANESI

## Leitum að sterkum leiðtoga í krefjandi stjórnunarstarf

### Ábyrgðarsvið

- Rekstur og stjórnun verslunar
- Að framfylgja stefnu fyrirtækisins
- Ráðgjöf, þjónusta og sala til viðskiptavina
- Tilboðsgerð

### Hæfniskröfur

- Þjónustulund, áhugi og metnaður
- Reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af verslun og þjónustu æskileg
- Frumkvæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Menntun sem nýtist í starfi

### Í boði er

- Krefjandi stjórnunarstarf hjá góðu fyrirtæki
- Gott og öruggt starfsumhverfi
- Góður starfsandi
- Rekstrarstjóri tilheyrir hópi lykilstjórnenda fyrirtækisins



Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

Metnaður  
Þjónustulund  
Sérþekking

Umsóknir berist fyrir 24. maí n.k.  
og sendast til [atvinna@husa.is](mailto:atvinna@husa.is)



Byggjum á betra verði

## Starfsmaður óskast

Steyppustöðin ehf. óskar eftir duglegum starfskrafti sem allra fyrst í eftirfarandi starf:

### • Einingarverksmiðja Hafnarfirði:

Maður vanur log- suðu og rafsuðu, eða mjög handlaginn aðili. Um framtíðarstarf er um að ræða.

Umsóknarfrestur er til 31. maí 2016

Umsóknnum skal skilað til Kjartans Salómonssonar Stöðvarstjóra í Hafnarfirði á netfangið [kjartan@steyppustodin.is](mailto:kjartan@steyppustodin.is).

Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.



## Skiltagerð

ÓSKUM EFTIR SKILTAGERÐAMANNI!

Vegna aukinna verkefna óskar Ferró eftir skiltagerðamanni. Um er að ræða spennandi og ógrandi framtíðarstarf.

### Starfssvið:

Áliming á skilti, bíla o.fl.  
Samskipti við viðskiptavinum.

### Hæfniskröfur:

Lipur í mannlegum samskiptum.  
Duglegur, stundvís og eiga gott með að vinna með öðrum.  
Íslenskumælandi og með bílpróf.

Ferró er framsækið og ört vaxandi skiltagerðafyrirtæki með nýjustu prentvélar og tæki til merkinga.



Langholtiavegi 130 · Sími 581 4400  
[www.ferroehf.is](http://www.ferroehf.is) · [ferro@ferroehf.is](mailto:ferro@ferroehf.is)

Umsóknir sendist á [ferro@ferroehf.is](mailto:ferro@ferroehf.is)



## Eyjafjarðarsveit óskar eftir að ráða aðstoðarleikskólastjóra fyrir leikskólann Krummakot.

Um er að ræða 100% stöðu frá 8. ágúst 2016.

Leitað er að einstaklingi sem er framsýnn í skólamállum og býr yfir góðri leiðtoga- og samskiptahæfni.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem leikskólakennari.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar og/eða reynsla af stjórnun er æskileg.
- Reynsla af kennslu, deildarstjórn og vinnu með börnum.
- Leiðtogaþæfileikar, metnaður, hugmyndaauðgi og skipulags-hæfni.
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum.

Krummakot vinnur markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnustaðnum og hvetur karla jafnt sem konur að sækja um starfið. Það er til samræmis við jafnréttislög nr. 10/2008.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags stjórnenda í leikskólum og Launanefndar sveitarfélaga.


Upplýsingar um starfið veitir Hugufrún Sigmundsdóttir leikskólustjóri í sínum 464 8120 og 892 7461 eða í gegnum netfangið [hugrun@krummi.is](mailto:hugrun@krummi.is). Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Einnig nöfn meðmælenda sem hafa má sam-band við.

Umsóknarfrestur er til og með 30. maí.

Umsóknnum skal skilað á netfangið [krummakot@krummi.is](mailto:krummakot@krummi.is)

# GÆÐAFULLTRÚI

Framsækið þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða gæðafulltrúa til liðs við sig. Um nýtt starf er að ræða sem heyrir undir gæða- og mannauðsstjóra.



## STARFSSVIÐ

- Umsjón með gæðamálum og gæðahandbók
- Úttektir, eftirfylgd með stöðlum og gerð þeirra
- Skráning gagna og skýrslugerð
- Verkefnastýring
- Önnur fjölbreytt verkefni á gæða- og mannauðssviði

## MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Áhugi og þekking á gæðamálum
- Reynsla af verkefnastjórn og innleiðingum er kostur
- Góð greiningarhæfni
- Mjög góð samskiptafærni skilyrði

## SÆKJA UM

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, [agla@radum.is](mailto:agla@radum.is). Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum [www.radum.is](http://www.radum.is).

**ráðum**  
ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 24. maí nk.

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)

ÍSLENSKA STAJS ICE 79843 05/16



## ICELANDAIR ÓSKAR EFTIR FLUGMÖNNUM TIL STARFA

Vegna aukinna umsvifa óskar Icelandair eftir að ráða flugmenn til starfa. Áhugavert og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæða vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

Umsækjendur þurfa að hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun. Þeir þurfa að hafa lokið bóklegu námi til réttinda atvinnuflugmanns 1. flokks (ATPL) og námskeiði í áhafnasamstarfi (MCC).

Atvinnuflugmannsskírteini umsækjenda skal hafa verið gefið út af Samgöngustofu eða sambærilegri stofnun í öðru aðildarríki Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA).

Krafa er um 300 flugtíma að lágmarki, þar af 100 flugtíma reynslu sem flugstjóri. Umsækjendur með færri en 500 flugtíma þurfa að hafa lokið Jet Orientation Course (JOC) áður en þjálfun hefst.

Vegna fyrirsjáanlegra árstíðabundinna sveifla í umsvifum Icelandair er gert ráð fyrir að nýir flugmenn hefji störf næsta vor og starfi til hausts 2017.

Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi.

### UMSÓKNUM ÞURFA AÐ FYLGJA EFTIRFARANDI GÖGN:

- | Afrit af gildu atvinnuflugmannsskírteini ásamt áritunum
- | Afrit af gildri blindflugsáritun á fjölhreyflaflugvél
- | Afrit af gildu heilbrigðisvottorði
- | Afrit af gildu vegabréfi
- | Afrit af MCC skírteini
- | Afrit af JOC skírteini (staðfestingu þarf að skila áður en þjálfun hefst)
- | Afrit af prófskírteinum ásamt einkunnum fyrir allt bóklegt flugnám
- | Afrit af stúdentsskírteini eða sambærilegum prófskírteinum ásamt einkunnum
- | Afrit af síðustu 100 fartímum í flugdagbók
- | Nýtt sakavottorð (ekki eldra en 30 daga)

### Á UMSÓKN SKAL VERA SUNDURLIÐUN FLUGTÍMA SEM HÉR SEGIR:

- | Heildarfartími
- | Fartími sem kennari
- | Fartími í blindflugi
- | Fartími sem flugstjóri
- | Fartími á fjölhreyflaflugvél
- | Fartími á fjölstjórnarflugvél (MPA)
- | Fartími á þotu og skrúfuþotu

### Umsóknarfrestur:

Umsóknarfrestur er til og með 1. júní 2016 vegna ráðninga fyrir fyrstu námskeið sem haldin verða sumarið 2016. Eftir þann tíma verður hægt að leggja inn umsóknir fyrir námskeið sem hefjast síðar og seinni tíma ráðningar.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið á vef félagsins: [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn)  
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

### Fyrirspurnum svara:

Starfsmannasvið | [flug@icelandair.is](mailto:flug@icelandair.is)  
Hilmar B. Baldursson, flugrekstrarstjóri | [hba@icelandair.is](mailto:hba@icelandair.is)  
P. Haukur Reynisson, yfirflugstjóri | [thr.crew@icelandair.is](mailto:thr.crew@icelandair.is)

ICELANDAIR



## Rue de Net - skrifstofuumsjón

Rue de Net óskar eftir að ráða einstakling í skrifstofuumsjón. Um er að ræða tímabundna stöðu í 9-12 mánuði vegna afleysingar. Leitað er að fjölhæfum einstaklingi með reynslu af bókhaldi og almennum skrifstofustörfum.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Sjá nánari upplýsingar á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

## Spennandi störf hjá BM Vallá

### Sölumaður í söludeild við Breiðhöfða

#### SUMARSTARF

- Skemmtilegt og krefjandi sölustarf í fallegu umhverfi.
- Helstu verkefni: Sala á hellum og garðeiningum, tilboðsgerð og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Viðkomandi þarf að hafa þjónustulund og áhuga á sölumennsku.

### Lagerstarfsmaður á hellu- og smáeiningalager á Breiðhöfða

- Æskilegt er að umsækjandi sé með reynslu og réttindi á lyftara (J).
- Viðkomandi þarf að vera reglusamur, stundvís og duglegur til starfa.
- Vinnutími er frá kl. 08:00–18:00, en oft er mikið að gera yfir álagstímabil. Unnið er samkvæmt bónuskerfi.

### Bílstjóri á vörubíl í útkeyrslu á hellum og smáeiningum

- Starfið snýr að útkeyrslu á hellum og smáeiningum á höfuðborgarsvæðinu.
- Umsækjandi þarf að hafa C-réttindi og það er kostur ef umsækjandi er með CE-réttindi eða hefur reynslu af því að vinna á krana.
- Viðkomandi þarf að vera reglusamur, stundvís og duglegur til starfa.
- Vinnutími er frá kl. 08:00–18:00, en oft er mikið að gera yfir álagstímabil. Unnið er samkvæmt bónuskerfi.

Umsóknarfrestur er til og með 31. maí 2016.  
Umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið [asbjorn@bmvalla.is](mailto:asbjorn@bmvalla.is).

[bmvalla.is](http://bmvalla.is)



BM·VALLÁ



## Óskum eftir að ráða tvo stöðvarverði á Mývatnssvæði

Stöðvarvörður annast rekstur, eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja á Mývatnssvæði við Kröflu, Bjarnarflag og Þeistareyki. Viðkomandi vinnur markvisst að auknu rekstraröryggi og hagkvæmni í rekstri. Jafnframt hefur stöðvarvörður eftirlit með að öryggiskröfum Landsvirkjunar og annarra opinberra aðila sé framfylgt.

- Vélfræði-, rafvirkja-, iðnfræði- eða tæknifræðimenntun
- Þekking á rekstri og viðhaldi búnaðar; gufu-, loft-, kæli-, vökva- og rafkerfa
- Þekking á teikniforritum, iðntölvum og stjórnkerfum er kostur
- Þekking á öryggis-, gæða- og umhverfismálum
- Reynsla af störfum tengdum raforkuvirkjum eða iðnaði er æskileg
- Frumkvæði, skipulag, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna með öðrum
- Geta til að kynna starf sitt og starfsvettvang fyrir hópum og einstaklingum

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar, [landsvirkjun.is](http://landsvirkjun.is). Nánari upplýsingar veita Hildur Jóna Bergþórsdóttir ([hildur.jona.bergthorsdottir@landsvirkjun.is](mailto:hildur.jona.bergthorsdottir@landsvirkjun.is)) og Þóra María Guðjónsdóttir ([thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is](mailto:thora.maria.gudjonsdottir@landsvirkjun.is)). Umsóknarfrestur er til og með 29. maí.



Jafnlaunaúttekt  
PwC  
2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

[www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is)

## Vélahönnuður

Óskum eftir að komast í samband við reyndan vélahönnuð, tækni- eða verkfræðing sem langar í nýjar áskoranir í starfi.

## C og C++ forritun

Óskum eftir að komast í samband við reyndan C eða C++ forritara sem langar í nýjar áskoranir í starfi.

intellecta  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

Spennandi tækifæri í boði. Sjá nánar á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

## Yfirperna óskast

- Yfirperna hefur yfirumsjón með þrifum hótelsins.
- Einstaklingur þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa ríka þjónustulund og stjórnunarhæfileika.
- Aðeins þeir sem eru 25 ára eða eldri koma til greina.

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2016

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið: [hafrun@hotelgardur.is](mailto:hafrun@hotelgardur.is)



## Smiðir óskast

Gluggar og Garðhús hf. óskar eftir að ráða vana smiði í fullt starf sem fyrst við smiðar og uppsetningar. Vinsamlega sendið inn umsókn á [gluggar@solskalar.is](mailto:gluggar@solskalar.is)



GLUGGAR & GARÐHÚS

Smiðsbúð 10 • 210 Garðabær • Sími 554 4300 • [www.solskalar.is](http://www.solskalar.is)



GER  
INNFLUTNINGUR

GER innflutningur, rekstraraðili Húsgagnahallarinnar, Betra Bak og Dorma óskar eftir bílstjórum og lagerstarfsmönnum:

## Bílstjóra- og lagerstörf 100% VINNA

Hægt er að hefja störf strax.

Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjanda sendist á netfangið

[vinna@ger.is](mailto:vinna@ger.is)

Starfsferilskrá og meðmæli eru æskileg fylgigögn. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Öllum umsóknum svarað.



HÚSGAGNA  
HÖLLIN



DORMA  
Lattu drauminn rættast

## Starfssvið

- Ábyrgð á að framfylgja stefnu SI í mennta- og mannauðsmálum
- Ábyrgð á framkvæmd og fjármálum menntaverkefna
- Ábyrgð á álitserðum og umsögnum í mennta- og mannauðsmálum
- Samskipti við hagsmunahópa mennta- og mannauðsmála
- Tengiliður SI í mennta- og mannauðsmálum
- Þátttaka í stjórnun og nefndum vegna mennta- og mannauðsmála

## Menntun og hæfni

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á mennta- og mannauðsmálum á Íslandi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og lausnamiðað viðhorf
- Sjálfstæð og fagmannleg vinnubrögð
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsóknarfrestur er til og með 22. maí næstkomandi. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Umsóknir berist á netfangið [starf@attentus.is](mailto:starf@attentus.is). Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI, netfang [almar@si.is](mailto:almar@si.is).

Í Samtökum iðnaðarins eru 1.400 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda um allt land. Fjölbreytni einkennir starfsemi samtakanna enda eru fyrirtækin og félögin af ýmsum stærðum og gerðum. Þrjú megin svið samtakanna eru byggingar og mannvirki, framleiðsla og matvæli og hugverk og þjónusta. Hlutverk Samtaka iðnaðarins er að efla íslenskan iðnað með samkeppnishæfni að leiðarljósi því öflugur iðnaður leiðir til aukinnar verðmætasköpunar og góðs lífs. Helstu stefnumálin eru á sviði menntunar, nýsköpunar og framleiðni. [www.si.is](http://www.si.is)



Samtök  
iðnaðarins





Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

### Sérfræðingur – Fjármálainnviðir (yfirsýn)

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing til starfa á sviði Fjármálainnviða bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Hlutverk Seðlabankans á sviði greiðslumiðlunar er margþætt. Sviði Fjármálainnviða tilheyrja þrjár starfseiningar sem hafa með höndum útgáfu, vörslu og umsýslu reiðufjár, rekstur rafrænna greiðslukerfa Seðlabankans (störgreiðslu- og jöfnunarkerfi) og yfirsýn með kerfislega mikilvægum innviðum. Sérfræðingurinn sem óskað er eftir að ráða mun starfa á vettvangi yfirsýnar.

Markmið yfirsýnar er að stuðla að öryggi, virkni og hagkvæmni kjarnainnviða íslensks fjármálakerfis og þar með fjármála-stöðugleika. Starfseiningin leggur reglubundið mat á öryggi og virkni *kerfislega mikilvægra innviða* á grundvelli alþjóðlega viðurkenndra viðmiða um bestu framkvæmd, er í samskiptum við kerfisstjóra um rekstrarfrávik/uppákomur, viðbúnað og áhættustýringu, auk þess sem henni er ætlað að gera tillögur um breytingar á innviðum/umgjörð þeirra eftir því sem ástæða þykir til m.a. með vísan til tækni- og lagaumgjarðar. Starfseiningunni er jafnframt ætlað að sinna rannsóknum og greiningu á sviði *greiðslumiðlunar í víðu samhengi* (einkum með tilliti til kerfisáhættu) og að hafa með höndum stefnumótun innan Seðlabankans á því sviði. Málaflokkurinn er í deiglunni alþjóðlega, ekki síst vegna órrar framþróunar tækni- og viðskiptalausna á vettvangi greiðslumiðlunar og því um spennandi rannsóknarsvið að ræða. Einingin hefur umsjón með árlegri útgáfu ritsins Fjármálainnviðir og á virkt samstarf við önnur svið og einingar innan bankans, svo og utanaðkomandi s.s. Fjármálaeftirlitið og erlenda seðlabanka.

#### Helstu verkefni:

- Rannsóknir og áhættugreining á sviði kerfislega mikilvægra fjármálainnviða og greiðslumiðlunar í víðu samhengi, þ.m.t. mat á virkni, rekstraröryggi og regluverki.
- Þróun á greiningaraðferðum og mælikvörðum til að greina og meta mögulega kerfisáhættu tengda fjármálainnviðum/greiðslumiðlun.
- Aðkoma að stefnumótun og tillögugerð um þróun umgjarðar innviða/greiðslumiðlunar á Íslandi, með hliðsjón af alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum um bestu framkvæmd og erlendum fyrirmyndum.
- Skrif í rit Seðlabankans, sér í lagi *Fjármálainnviði*.
- Verkefnastjórnun, önnur tilfallandi verkefni, umsagnir og ráðgjöf á ábyrgðarsviðum einingarinnar/sviðsins.

#### Hæfniskröfur:

- Áskilið er að viðkomandi hafi lokið prófi frá viðurkenndum háskóla í hagfræði eða viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegu.
- Starfsreynsla á vettvangi greiðslumiðlunar eða öðrum sviðum fjármálamarkaðar er æskileg.
- Þekking á fjármálainnviðum (greiðslu- og uppgjörskerfum) og innbyrðis tengslum innviða á sviði greiðslumiðlunar er kostur.
- Greiningarhæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum eru nauðsynlegir eiginleikar.
- Mikilvægt er að umsækjandi búi yfir áhuga og getu til að afla sér aukinnar þekkingar og leysa úr vandasömum álitafnum.
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti, er veigamikill hluti af starfinu.
- Góð kunnátta í ensku. Færni í Norðurlandamáli æskileg.
- Færni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í boði er mjög áhugavert starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, frumkvæði og sjálfstæði. Þverfaglegt samstarf og fjölbreytt krefjandi verkefni. Æskilegt er að viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Rafnar Pétursdóttir, forstöðumaður, í síma 569 9600.

Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is), í síðasta lagi miðvikudaginn 1. júní næstkomandi. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Maids/cleaning staff wanted

Work period is from beginning of June until end of August. Working hours are from 9:00 – 17:00 according to a shift plan.

#### Requirements:

- Applicants must be at least 18 years old
- Have to speak English or Icelandic
- Have to have work experience in cleaning
- Must be able to understand and follow instructions and put tasks in order
- Have to get along well with supervisors and the guests they serve
- Have to have a friendly manner and a willingness to assist others

#### Main tasks are:

- Clean guest rooms, lobby, breakfast room, hallways and restrooms.
- Wash, dry and fold laundry.

Please send applications to [hafrun@hotelgardur.is](mailto:hafrun@hotelgardur.is)  
Last day to apply is May 25th 2016.



## Skólastjórar í Vesturbyggð

### Skólastjóri Patreksskóla

Staða skólastjóra við Patreksskóla er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað fyrir menntun barna og unglunga, býr yfir þekkingu og reynslu af skólastarfi og veitir faglega forystu til framtíðar þar sem tekið er tillit til mismundi þarfa, áhuga og getu nemenda. Birkimelsskóli á Barðaströnd mun einnig heyra undir Patreksskóla.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vesturbyggðar [www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is)

### Skólastjóri Bíldudalsskóla

Staða skólastjóra við Bíldudalsskóla er laus til umsóknar. Leitað er að einstaklingi með mikinn metnað fyrir menntun barna og unglunga, býr yfir þekkingu og reynslu af skólastarfi og veitir faglega forystu til framtíðar þar sem tekið er tillit til mismundi þarfa, áhuga og getu nemenda.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vesturbyggðar [www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is)

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.





UMHYGGJA  
félag langveikra barna

**Umhyggja – félag langveikra barna,**  
auglýsir eftir  
**sálfræðingi eða fagaðila með**  
**sambærilega menntun**  
til að starfa með fjölskyldum langveikra barna.

**Verksviðið** er að veita fjölskyldum ráðgjöf og stuðning vegna þess álags sem fylgir því að sinna barni með langvinn veikindi eða fötlun. Starfið felur meðal annars í sér að stuðla að því að efla fjölskyldur í krefjandi hlutverki og að leiðbeina þeim við að finna fleiri stuðningsúrræði eftir því sem við á.

Skilyrði er að umsækjendur hafi menntun, sérþekkingu og reynslu á þessu sviði.


Starfshlutfall er háð samkomulagi.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 3. júní og sendist til:

Umhyggja – félag langveikra barna  
Háaleitisbraut 13  
108 Reykjavík

**Nánari upplýsingar veitir**

Ragna K. Marinósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju,  
sími: 552-4242, netfang: ragna@umhyggja.is



## Spennandi starf hjá Fjarðabyggð

### Umsjónarkennari við Grunnskóla Eskifjarðar

**Staða umsjónarkennara við Grunnskólann á Eskifirði skólaárið 2016 til 2017 er laus til umsóknar. Starfshlutfall er allt að 100%.**

Leitað er að kennara sem er reiðubúinn að ganga til liðs við öflugan hóp starfsfólks sem innir af hendi skemmtileg og krefjandi störf með nemendum skólans sem eru um 150 talsins í 1.- 10. bekk.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu á grunnskólastigi, starfsreynsla er æskileg.
  - Góð hæfni til samskipta og samstarfs.
  - Frumkvæði og faglegur metnaður.
  - Ábyrgð í starfi og stundvísi.
- Skipulagshæfileikar.

Við skólann starfar samhentur hópur starfsfólks sem leggur metnað í góð samskipti og því gerum við kröfu til starfsmanna að þeir búi að ríkulegri samskiptahæfni.

Laun samkvæmt kjarasamningum KÍ og SNS.

#### Umsóknarfrestur til 31. maí 2016.

Frekari upplýsingar veita Hilmar Sigurjónsson skólastjóri, í síma 895 9975 eða á netfanginu hilmar@skolar.fjardabyggd.is eða Friðrik Þorvaldsson, aðstoðarskólastjóri, í síma 476 1355 eða á netfanginu frissi@skolar.fjardabyggd.is.

Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.800 talsins í sex byggðarkjörnum, sem eru Mjólfjörður, Neskaupstaður í Norðfirði, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.



FJARÐABYGGÐ  
fjardabyggd.is



## Allt nám í framtíðinni er tækninám

Tækniskólinn auglýsir eftir jákvæðum og skemmtilegum kennurum í fjölbreyttan hóp starfsmanna. Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar.

#### Véltækniskólinn

Véltækni- eða vélaverkfræðingur og vélfræðingur með starfsreynslu.

Rafmagnstæknifræðingur með góða þekkingu á rökrásum og iðnstýringum.

Upplýsingar veitir Egill Guðmundsson: [egud@tskoli.is](mailto:egud@tskoli.is)

#### Raftækniskólinn

Rafvirkjameistari eða tæknifræðingur á sterkstraumssviði.

Rafeindavirkjameistari eða tæknifræðingur á veikstraumssviði

Upplýsingar veitir Valdemar G. Valdemarsson: [vgv@tskoli.is](mailto:vgv@tskoli.is)

#### Upplýsingatækniskólinn

Tölvunarfræðingur eða sambærileg menntun

Upplýsingar veitir Guðrún Randalín Lárusdóttir: [grl@tskoli.is](mailto:grl@tskoli.is)

#### Skipstjórnarskólinn

Skipstjórn SD/SE

Upplýsingar veitir Vilbergur Magni Óskarsson: [vmo@tskoli.is](mailto:vmo@tskoli.is)

#### Vefskólinn

Vefforritari eða vefhönnuður

Upplýsingar veitir Ragnhildur Guðjónsdóttir: [rag@tskoli.is](mailto:rag@tskoli.is)

#### Margmiðlunarskólinn

Leikjahönnuð eða leikjaforritara (afleysing)

Upplýsingar veitir Ragnhildur Guðjónsdóttir: [rag@tskoli.is](mailto:rag@tskoli.is)

#### Byggingatækniskólinn

Múrarameisari

Upplýsingar veitir Gunnar Kjartansson: [gkj@tskoli.is](mailto:gkj@tskoli.is)

Umsóknir berist til Þórs Pálssonar aðstoðarskólameistara

[thp@tskoli.is](mailto:thp@tskoli.is)

Umsóknarfrestur er til og með 29. maí 2016.

Öllum umsóknum verður svarað.

**Tækniskólinn**   
skóli atvinnulífsins

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins er líflegur vinnustaður með um 270 starfsmenn. Helstu starfsstöðvar skólans eru á Skólavörðuholti, Háteigsvegi og í Flatahrauni. Skemmtilegir nemendur og uppátækjasamt starfsfólk einkennir vinnustaðinn.



**Skrifstofa Alþingis**  
auglýsir laust til umsóknar  
starf forstöðumanns nefndasviðs.  
Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

## Þjónar í hlutastarf

Veitingastaðurinn Kol Skólavörðustíg leitar að hressum og skemmtilegum þjónum í hlutastarf. Lífsgleði, metnaður og reynsla eru skilyrði.

Umsækjendur skulu senda ferilskrá  
á [info@kolrestaurant.is](mailto:info@kolrestaurant.is)

Nánari upplýsingar eru  
veittar í síma: 517 7474

**KOL**  
KITCHEN • BAR



## Fagstjóri hjúkrunar Heilsugæslan Glæsibæ

Fallegur Auris Terra árg. 2013, nýleg heilsársdekk og álfelgur. Beinskíptur bensín. Ek. 55 þús. Verð kr.2.290.000.- Uppl.í s. 895 3000.-



VOLVO XC90 DIESEL Árg 2010 hlaðinn búnaði, ek.ca 110 þús., ssk, 7 manna, leður, skoða skipti, verð 5.990þús, STGR. s. 8477663



Grand Cherokee Limited. árg 03/04. ekinn 206.000þ. Vel farinn, leður, topplúga, dráttarkrókur. Verð 900.000. Uppl. í 8952559



Citroen C4 árg.2006 ek. 122.000 km. Snyrtilegur bíll, gott viðhald. verð kr 590.000.- Uppl. í s. 664 5884



Range Rover Sport 3,0 HSE dísel. Árg. 2014 ek. 26þús svartur metallic, leður ivory, bíll frá BL. Engin skipti. Stgr. verð 13.900.000. Uppl. í s. 843 9950



Toyota Auris árg '07 e. 140 þús k.m 1 eigandi öll þjónusta á Toyota Selfossi Verð 1090 þús. uppl. í 896-5757



### VEIÐIBÍLLINN ER KLÁR !

Ford 150 2004 Ný vél og nýtekinn í gegn sjálfskipting. Verð 1.650 skoða skipti Uppl. í s. 840 0149



Chervolet Aveo árg. 2012 ek. 112þús sjálfsk. Verð 1.480þús S. 821 5619

## Bílar til sölu



TOYOTA Land cruiser 120 GX 8 manna. Árg.2008 ek. 131þús, dísel, sjálfsk. krókur. Engin skipti. Verð 4290.000 Uppl. í s. 899 2838.



### CORVETTE

Glæsileg svört Corvette 2006, beinsk., ek. aðeins 64þ. km. Hvítt leður. TOPPEINTAK. Skipti ath. Verð 6,8 millj. Uppl. 822-4850

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**  
Má þarfnast lagfæringa.  
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Hóperðabílar



### STRÆTÓ TIL SÖLU.

MAN árg. '92, 20 í sæti og 42 í stæði. Aðal og hóperðask. Með góðu hljóðkerfi. V. 800 þús. Sk.koma til greina. Uppl. í síma 699 6684



54 sæta Benz '85. Góð dekk, nýir geymar og hljóðkútur. Nýskoðaður. Verð 2 mil. Sími 893 4246



Uppsmiðaður 40 sæta Benz '81 fjallabíll Verð 9 mil. Sími 893 4246

## Húsbílar



Til sölu húsbíll VW LT 35 árg. 2001 ek. 129þús. Sk. '17 með bílaða vél. Verð 650þús Uppl. í s. 861 0096

## rotor.is



## Dótabúð

Rótor ehf, s. 5554900  
Helluhrauni 4, H.f

## Hjólhýsi



Til sölu Hobby Excellent hjólhýsi árgerð 2007 mjög vel með farið, ný sjónvarpsgreiða, markísa, sólarsetla og fl. Ásett verð 2.700.000 Uppl. í s. 866-7022

## Fellihýsi



A-Liner Expedition fellihýsi árg. 2009 Mjög vel með farin. Sömu eigendur frá upphafi. Aldrei farið á malarveg. Aukahlutir, Sólarsetla, sóltjald ofl. Verð 1.990.000- Uppl.í s. 896-9620



Rockwood freedom jeppafellihýsi til sölu, 10 fet. árg. 2011. Verð:2.100.000 Uppl. í s. 899-4989 eða hallaruna72@simnet.is

## Tjaldvagnar Fellihýsi Hjólhýsi Húsbílar

Umboðssala  
Risasýningarsvæði  
Korputorgi

Korputorg í 112 Reykjavík  
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is



## Vinnuvélar



## BÍLALYFTUR- DEKKJAVÉLAR

Tveggja pósta bílalyftur 3,8T, höfum einnig dekkjavélar (affelgunar og ballance vélar) á tilboðsverði, ATH eigum enfremur vörubíla dekkjavél. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050. okspares@simnet.is



Til sölu smágrafa og kerra. Komatsu PC15 árg 1999, aðeins 2.200 vst. Ifor Willams kerra árg 2005, burðargeta 1900kg. Tilboð fyrir bæði saman 2.450.000.- kr án vsk. Uppl veitir Viktor s. 898-3523.



Ekinn **3.000**

**VW Golf VII** **4.190.000** KR

E-Golf Electric 2015

Leiðsögukerfi - Bakkmyndavél - Fjölrofa stýri  
Led aðalhljóð og dagljós - Íslenskt leiðsögukerfi  
Framúðuhitari - ISOFIX festingar

Klettháls 13  
HeklaNotadírBílar.is  
590 5040

**HEKLA NOTADÍR BÍLAR**

## Bátar

## Alternatorar og startarar í báta.



Mikið úrval í bæði 12V og 24V.

## Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði  
Sími 564 0400  
www.bilaraf.is

Útanborðsmótor óskast 10h, helst fjörgengis. Uppl. í síma : 8939777

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

## PÍPULAGNIR

Faglaerðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Tek að mér þríf á einkaheimilum. Öll almenn heimilisþríf í boði. Vönduð vinnubrögð. Aneta s:7854272. Pantanir frá 17-22

## Hjólbarðar



## TECHKING VINNUVÉLADEKK

Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvélaðekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Of. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is



## FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Garðyrkja

## Garða og heimilisþríf

Hringdu og fáðu verðtilboð!

Við komum með brosið, förum með ruslið.  
Sími 861 8752

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

## GARÐAUMSJÓN

Ódýr alhliða garðyrkja. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Húsviðhald

## VIÐHALD FASTEIGNA



Tímavinna eða tilboð

Sími 544 4444  
Gsm 777 3600  
jaiðnaðarmenn.is  
johann@2b.is

## HAGSTÆÐIR SMÍÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM.

Gluggaskipti, glerskipti, þakviðgerðir, sólpallar, innréttingar, parketlög, öll trésmíði.

Upplýsingar í síma: 782-6029 eða framsmiði@framsmiði.is

## SMÍÐIR

## NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.

Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinnu, parketlagnir og allt almennt viðhald. Erum farnir að taka niður tímabantanir f. sólpallasmíði f. sumarið 2016.

Uppl. í s. 663 3944 Ingi og 663 3955 Ragnar



LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is  
www.golflist.is



Eru þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, Þakmálun, Stíflulosun og alla aðra blikk eða smíðavinnu. Uppl. í s. 6996980

## Málarar

## MÁLNINGI

Alhliða málningarpjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

## SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## 661 3839 - SÍMASPÁ

Opið frá kl. 14 alla daga.

## SPÁSÍMI 908 7000

Spámiðlun, tarot, fyrirbæni, algjör trúnaður. Opið til 22.

## Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjódum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímaferfi, töfluskripti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum. Íslenskir rafvirkjar. Kjartan s. 894 3110 brekkuas@simnet.is

## KEYPT &amp; SELT

## Óskast keypt

## STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringur, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupungull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

## KAUPUM GULL - JÓN &amp; ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Byggingastjórn og öll almenn hönnun mannvirkja. Geometric ehf. 8680474 7790004

Til sölu nýlegur 20ft gámur með rafmagnstöflu. Verð 400þús Uppl. í s. 865 9590

## SKÓLAR &amp; NÁMSKEIÐ

## Námskeið

## SIGLINGANÁMSKEIÐ

Lærðu að sígla seglskútu. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - 895 1551

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og akstursmat. Evar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökuþróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Dáleiðsla**  
Hætta að reykja, betri svefn, léttast/þyngjast, og láta sér líða betur á margan annan máta.  
Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslufræðingur  
s. 864 2627 • bernhoft@gmail.com

NÝ VIEFVIERSLUN MÍÐ BARNAFÓT  
GOGA.IS  
Facebook: GOGA KIDS FASHION

**Stórt sumarhús til leigu í Grímsnesi!**  
12 manns. Verð 40.000 þús kr. nóttin virka daga og 45 þús kr. nóttin um helgar. Lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna.  
Uppl. í síma 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com

Sími 550 9800 www.tjaldaleiga.is  
**Tjaldaleiga skata**  
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

**LOK Á HEITA POTTA**  
• Einangrunarlok  
• Yfirbreiðslur  
• Metum ástand og gerum við  
www.fjardarbolstrun.is  
Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

**VARAHLUTIR**  
Iveco • Benz • Man • Renault  
Varahlutapjónusta  
VÉLANAUST ehf  
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Parketslípun  
sólpallaslípun | parketlagnir  
551 1309 / 690 5115  
golflist@golflist.is | www.golflist.is  
99% RYKFRITT

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA**  
alhliða bílaviðgerðir  
Tímabantanir s: 445 4540/697 4540  
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

**BLIKK**  
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting  
Heildsala • Smásala  
ishúsið ehf  
Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## HEIMILIÐ

## Dýrahald



Til sölu hreinræktaðir Ensk Setter hvolpar. Tilbúin til afhendingar 24. maí. facebook.com/RJUPNABREKKA/ s:8957263

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

## PARHÚS

til leigu á besta stað í Reykholti í Borgarfirði. Í 2-4 mán. Tilboð óskast. Uppl. í s. 849 3230

## LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

## PÝSKA SENDIRÁÐIÐ

leitar að íbúðarhúsnæði, 5 herb. án húsgagna, 2 baðherb. bílskúr, til leigu í 4 ár frá ágúst 2016 á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Uppl. info@reykjavik.diplo.de s. 530 1100

## ÓSKA EFTIR ÍBÚÐ!

3-4ra herb. íbúð til leigu, helst á sv. 109 eða 111, skoða allt. Langtímaleiga. Uppl. í s. 866 8295

24 ára karlmaður leitar af einstaklingsíbúð. Reglusamur, reyklus og snyrtilegur. Skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 779 1575

## Sumarbústaðir



## STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!

12 manns. Verð 40.000 þús kr. nóttin virka daga og 45 þús kr. nóttin um helgar, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & [ktsumarhus@gmail.com](mailto:ktsumarhus@gmail.com)

## Atvinnuhúsnæði



## ATVINNUHÚSNÆÐI TIL LEIGU

Stórhöfði 33, 135m<sup>2</sup>. Tvennar innkeyrsludyr 4,2mtr á hæð, 2,8 og 3,7mtr á breidd, lofthæð 4,6mtr. Nánari upplýsingar í síma 660-4012

## TIL LEIGU

120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

## Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 25% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

## SUMARTILBOÐ

á geymsluplássi. Sækjum og sendum. [geymslulausnir.is](http://geymslulausnir.is) s:615-5005

GEFÐU  
HÆNU

[gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is)  
907 2003

Hjálparstarf  
kirkjunnar

## ATVINNA

## Atvinna í boði

FISKBÚÐ Á  
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

óskar eftir hressu og þjónustulipru starfsfólki í bæði fullt starf og hlutastarf. Íslenskukunnátta skilyrði og reynsla af afgreiðslustörfum æskileg.

Nánari upplýsingar fást hjá siggi@sjofiskur.is

## KÖKUHORNID

Óskum eftir starfskrafti í pökkun og útkeyrslu í bakarið okkar í Bæjarlind sem fyrst. Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði.

Nánari uppl. gefur Guðni í s. 861 4545

milli kl. 9-18

## Endalaust 365



**GSM**  
2.990 KR.\*

ÓTAKMARKAÐ TAL SMS OG ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN

\*Greitt er aukalega fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Nánari upplýsingar á 365.is

1817 | 365.is



Laugardaginn 14. maí  
19:00 Eurovision í beinni

Leikir helgarinnar

Sunnudaginn 15. maí  
13:50 Man.United - Bournemouth  
13:50 W.B.Albion - Liverpool

<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn



Pórður Braga,  
Siggi Grétars,  
Bjarki Hall og  
Árni Hjalta  
spila um helgina.

Allir velkomnir

Gullnámán

Stundum þarf maður  
bara smá frið

VENTS   
hljóðlátu vifturnar



íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



# BRNABÆKUR\*



Hugljúf og skemmtileg saga um kosti þess að skera sig úr hópnum




„Engillinn í vesturbænum er sannur gleðigjafi ...“

KASTLJÓS, RÚV




**NÝ**



**Freyja og Fróði eru Tumi og Emma 21. aldarinnar.**

Lesið líka bækurnar Freyja og Fróði í sundi og Freyja og Fróði hjá tannlækni



**Semdu þitt eigið ævintýri**

Kynnum börnin fyrir töfrandi veröld Múmínálfanna



**NÝ**



Tvær nýjar bækur um myndustu mæðgur í heimi



# Heillandi og skemmtileg tómstund

Fuglaskoðun er að mörgu leyti heppilegt tómstundagaman fyrir börn. Fuglarnir sjálfir eru fallegir og skemmtilegir en fuglaskoðun krefst líka útiveru og um leið oft ferðalaga og gönguferða í náttúrunni. Byrjendur geta nálgst upplýsingar um fugla víða á netinu.

Áhugi landsmanna á fuglum fer vaxandi enda er fuglaskoðun bæði heillandi og skemmtilegt tómstundagaman fyrir börn jafnt sem fullorðna að sögn Jóhanns Óla Hilmarssonar, formanns Fuglaverndar og náttúruljósmyndara. „Fuglar eru alls staðar og fanga athygli okkar með látbragði og leikjum. Þessar fiðruðu skepnur eru merkilegar. Fjaðraskraut þeirra getur verið ægifagurt, þeir fljúga langar leiðir, byggja sér hreiður og verpa eggjum. Auk þess er fuglaskoðun heilsusamleg og fræðandi á margan hátt, henni fylgja gönguferðir, útivera og ferðalög. Við höfum orðið rækilega vör við þennan aukna áhuga hjá Fuglavernd, en það er eina félagið sem sinnir fuglum, fugla-áhugamönnum og hagsmunum beggja.“

## Um allt land

Góða fuglaskoðunarstaði má finna um allt land að sögn Jóhanns og því lítið mál að stíga fyrstu skrefin og kynna fugla landsins fyrir börnum og unglingum. „Það á sérstaklega við um vorin og sumrin. Það fer nokkuð eftir landshlutum, hversu ríkuleg fuglafánan er á veturna. Þeir sem búa í Reykjavík geta farið niður að Tjörn en fyrstu kynni margra höfuðborgarbúa af fuglum eru þar. Við Reykjavíkurtjörn hafa sést yfir 100 fuglategundir og þar er tilvalið að æfa sig í að greina endur og máva. Út um allt land eru svipaðar tjarnir og spakir fuglar. Til að nefna nokkra



Jóhann við myndatöku. MYND/HALLA H.



Fuglaskoðun með grunnskólanemendum á Álftanesi. MYND/JÓHANN ÓLI HILMARSSON


## Auk þess er fuglaskoðun heilsusamleg og fræðandi á margan hátt.

Jóhann Óli Hilmarsson

staði má byrja á Suðurnesjum, þar eru víða fuglaríkar fjörur og tjarnir. Innnes bjóða upp á marga góða fuglastaði, t.d. Álftanes, Sel-tjarnarnes og Elliðaavatn. Á Vesturlandi má nefna Breiðafjörð, en Látrabjarg er í toppsæti á Vestfjörðum, Mývatn er væntanlega kunnasti staðurinn á Norðurlandi, á Austfjörðum mætti nefna



Hrossagaukar í vordansi og ungur haförn. MYNDR/JÓHANN ÓLI HILMARSSON



Djúpavog sérstaklega, á SA-landi Lón og Höfn og á Suðurlandi Friðlandið í Flóa, Vestmannaeyjar og hálendisstaðina Veiðivötn og Þjórsárver.“

## Sjónauki nauðsynlegur

Til að stunda fuglaskoðun er nauðsynlegt að eiga sjónauka segir Jóhann. „Það er líka mjög gott að hafa meðferðis fuglabók auk vasabókar og blýants. Þannig er hægt að punkta hjá sér það sem fyrir augu ber, t.d. lista yfir fugla sem sjást þann daginn, lýsingar á fuglum o.fl. Síðar, þegar áhuginn er orðinn meiri, fá fuglaskoðarar sér oft fjarsjá (e. telescope). Fjarsjá er stór, eineygður sjónauki með 20-60 sinnum stækkun. Myndavél með aðdráttarlinsu verður þá einnig oft og tíðum hluti af útbúnaðinum.“

Fuglavernd vinnur nú að bók sem ætlað er að kynna fugla og líf þeirra fyrir börnum. Á fletti-spjöldum á kápu bókarinnar eru myndir af algengustu fuglategundum sem reikna má með að sjá í íslenskri náttúru. „Einnig má nefna Íslenskan fuglavísi sem kjörna handbók fyrir fuglaskoðara á öllum aldri. Fuglavefur námsgagnastofnunnar (www1.nams.is/fuglar) hefur notið vinsælda og vefur og fésbókarsíða Fuglaverndar eru vinsæl (fuglavernd.is). Fuglavernd hefur auk þess gefið út handbók leikskólakennara um fugla, en hún nýttist einnig yngri bekkjum grunnskóla.“

# Gleðin við völd í Danslistarskóla JSB

Danslistarskóli JSB stendur fyrir stuttum og bráðskemmtilegum vörnamskeiðum fyrir krakka á aldrinum þriggja til tólf ára. Þar geta krakkar og foreldrar þeirra fengið að kynnast dansinum og séð hvort þau langi að læra meira. Innritun fyrir skólaárið 2016-2017 er einnig hafin.

„Við höfum haldið þessi vörnamskeið í fjöldamörg ár og þau hafa ávallt mælst mjög vel fyrir. Við hugsum þau sem kynningu fyrir krakka og foreldra sem vilja fá örlitla innsýn inn í heim jazzballettsins og um hvað nútímalistdans snýst,“ segir Bára Magnúsdóttir, eigandi Danslistarskóla JSB. Vörnamskeiðin hefjast 24. maí, standa yfir í þrjár vikur en kennt er tvisvar í viku. „Það er tilvalið núna þegar skólunum er að ljúka að leyfa krökkunum að hreyfa sig og dansa,“ segir Bára.

Boðið er upp á jazzballett fyrir krakka á aldrinum 7-9 og 10-12 ára en dans- og leikjanámskeið fyrir 3-6 ára börn. „Börnin þurfa ekki að hafa lært neitt í dansi áður enda er þetta skemmtileg leið fyrir þau að vita hvort þau hafi gaman af jazzballett,“ segir Bára glaðlega. Hún segir dansinn afar skemmtilegan. „Í jazzballett er alltaf verið að segja einhverja sögu og í raun dregur það fram listamanninn í krökkunum.“

JSB er annars vegar með almennt danslistarskóla sem sérhæfir sig í jazzballett. Námið er vinsælt og fjölbreytt og við hæfi allra. Megináhersla er lögð á jazzdans (street jazz, lyrical jazz, musical jazz, temporary jazz o.fl., alhliða líkamshjálfun og danstækni). Hins vegar rekur JSB einnig sérstaka listdansbraut sem hefst með fornámi fyrir 7-9 ára börn en tíu ára gömul geta þau tekið inntökuþróf inn á listdansbrautina. Á menntaskólaárum gildir námið í skólunum til 51 einingar.



Jazzballett er fjölbreyttur og bráðskemmtilegur.

## Börnin þurfa ekki að hafa lært neitt í dansi áður enda er þetta skemmtileg leið fyrir þau að vita hvort þau hafi gaman af jazzballett.

Bára Magnúsdóttir

„Við höfum nú opnað fyrir innritun fyrir skólaárið 2016 til 2017 og ég hvet fólki til að skrá börnin sín sem fyrst, bæði þau sem hafa verið í skólunum síðustu ár og þau sem vilja hefja nám í haust, því aðsóknin er íðulega mikil,“ segir Bára.

Nánari upplýsingar má fá í síma 5813730 og á jsb.is



Gleðin skín úr hverju andliti.



Nemendur í Danslistarskóla JSB eru á öllum aldri. Hér má sjá þá yngstu á nemendasýningunni sem haldin var í Borgarleikhúsinu.



Nemendasýning Danslistarskóla JSB er hápunktur vetrarstarfsins enda má þar sjá frábær atriði.

© Inter IKEA Systems B.V. 2016

# Sumarlífið er barnaleikur

VANDRING BJÖRN mjúkdýr 2.690,-/stk.

2.890,-/stk.  
MAMMUT barnastólar

MAMMUT barnaborð 4.890,-/stk.

GULLGOSSE mjúkdýr 1.150,-

1.550,-/10 í setti  
DUKTIG kaffi-/tesett

MAMMUT barnakollar 1.150,-/stk.

6.490,-/stk.  
MAMMUT hringlaga barnaborð



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)



Það er góð regla að kaupa nýja sólvörn á hverju sumri.

## Ekki nota gamla sólarvörn

Rannsóknir sýna að gömul sólvörnarkrem eru stúf full af bakteríum og sveppum. Sérstaklega er sólarvörn slæm sem hefur legið í hita, til dæmis á baðströnd. Kaupið því nýja í stað þess að taka upp sólarvörnina síðan í fyrra. Danskur yfirlæknir, Hans Christian Wulf, ráðleggur fólki í samtali við danska útvarpið að henda gömlu vörninni og kaupa nýja. Hann bætir síðan við: „Ef þið eigið afgang síðan í fyrra þá hafið þið notað of lítið af vörn. Það þarf að setja sólarvörn á sig nokkrum sinnum yfir daginn og á allan líkamann, líka andlitið,“ segir hann. Ekki má gleyma eyrunum. „Það er helst í kringum nef og eyru sem Danir fá húðkrabbamein,“ segir læknirinn.

Hans Christian er ekki endilega á því að einhverjar merkjavörur séu bestar í sólarvörnum. „Maður á að nota það sem hentar húðinni best.“



Allur er varinn góður.

## Nauðsynlegt öryggistæki

Allir foreldrar eru hræddir um börnin sín á ferðalögum, hvort sem ferðast er innanlands eða utan. Öryggisband sem fest er á handlegg barnsins er því afar sniðug lausn. Á armbandið er skrifað nafn barnsins, dvalarstaður, símanúmer og annað sem skiptir máli.

Norskt fyrirtæki sem starfrækt er í Stavanger framleiðir öryggisarmböndin og hægt er að pantast þau til Íslands í gegnum síðuna [www.travelsafety.no](http://www.travelsafety.no). Hægt er að velja um sjö líti en í pakknum eru 10 armbönd, 10 nafnspjöld og einn vatnsheldur penni. Armböndin líkjast þeim sem notuð eru við tónlistarhátíðir. Armbandið er vatnshelt og ekki er hægt að losa það af nema með skærum.

Auðvitað vill enginn missa sjónar á barni sínu og betra að það gerist ekki. Öryggisarmbandið getur losað foreldra við sífelldar áhyggjur af barninu. Ef það verður viðskila er það í öllu falli merkt. Okkur er ekki kunnugt um að öryggisarmbandið fái hér á landi.

## VINSÆLL PITSUFISKUR

Stundum er erfitt að fá börn til að borða grænmeti og fisk. Þá má reyna að kalla matinn spennandi nöfnum. Á vefsíðunni Uppáhaldsuppskriftir leikskólalabarna er að finna uppskriftir að vinsælum réttum sem eldaðir eru á leikskólum landsins. Þar á meðal er uppskrift að pitsufiski en flest börn sperra eyrun þegar þau heyra orðið pítsa og eru líkleg til að vilja smakka. Í sósunni er mikið af grænmeti og kryddjurtum sem heyra til pítsu. Grænmetið er hins vegar maukað niður og hellt yfir fiskinn en með því að mauka grænmeti má oft tryggja að börnin borði það. Fiskurinn er falinn á botninum og er yfirleitt borðaður með bestu lyst enda pítsubragðið yfirgnæfandi.

### PITSUFISKUR

Ýsa eða þorskur í bitum  
2 hvítlausrif  
1 rauð paprika  
1 gul paprika  
1 græn paprika  
2 msk. basilíka eða steinselja  
1 dós saxaðir niðursoðnir tómatar eða nýr vel þroskaðir tómatar

- Allt grænmetið ásamt tómötunum er maukað saman í matvinnsluvél eða finsaxað og hrætt saman.
- Fiskurinn lagður í eldfast mót, grænmetismaukinu hellt yfir. Að lokum er osti dreift yfir.
- Bakað í ofni við 200 gráður í um 15-20 mín.
- Hér er hægt að breyta magni grænmetis sem og tegundum, allt eftir því hvað er til hverju sinni.



# Sjónvarp 365

Heim

Horfa á sjónvarp

Kauptu stakan leik

Aðrar þjónustur

Myndir mánaðarins í boði 365

Skemmtipakkinn - Myndir á 0 kr.

Útvarp

Í leigu

365

Frelsi stöðvanna

Stöð 2 Marapön

## NÝTT – BÍÓMYNDIR Á 0 KR.

Sjónvarp 365 veitir áskrifendum að völdum tilboðspökkum\* aðgang að frábæru sjónvarpsefni fyrir 0 kr. – og margt fleira

- Yfir 130 bíómyndir fylgja með í hverjum mánuði
- Aðgangur að Stöð 2 Marapön með yfir 500 íslenska og erlenda þætti á 0 kr.
- Níu erlendar sjónvarpsstöðvum á 0 kr.

- Tímaflakk og Stöð 2 Frelsi þegar þér hentar
- Möguleiki á að kaupa aðgang að stökum íþróttaviðburðum

\*Fylgir með Skemmtipakkanum, Stórapakkanum og Risapakkanum.

**NÝTT - Grettisgata 16 (3ja hæð og ris / útsýni) í Reykjavík**

Bókið skoðun hjá mér í síma 690 3111 / andri@smarinn.is  
183 ferm | 6 herb | verð 84.000.000 | uppl veitir **Andri**



**NÝTT - Kirkjubraut 13 (með auka íbúð) á Seltjarnarnesi**

Bókið skoðun hjá mér í síma 663 2300 / thore@smarinn.is  
324,5 ferm | einbýli | verð 112.000.000 | uppl veitir **Pórey**



**NÝTT - Kornakur 3 (miklir möguleikar) í Garðabæ**

Bókið skoðun hjá mér í síma 663 2300 / thore@smarinn.is  
397,9 ferm | einbýli | verð TILBOÐ | uppl veitir **Pórey**



**NÝTT - Rauðarárstígur 9 (íb 301) í Reykjavík**

Bókið skoðun hjá mér í síma 690 3111 / andri@smarinn.is  
46,7 ferm | 2ja herb | verð 25.500.000 | uppl veitir **Andri**



**ÚTSÝNISÍBÚÐ - Norðubru 1 (íb 101) í Garðabæ**

Bókið skoðun hjá mér í síma 663 2300 / thore@smarinn.is  
103 ferm | 3ja herb | verð 42.500.000 | uppl veitir **Pórey**



**SÉR INNG OG GARÐUR - Asparás 5 (íb 102) í Garðabæ**

Bókið skoðun hjá mér í síma 663 2300 / thore@smarinn.is  
117,8 ferm | 4ra herb | verð 44.900.000 | uppl veitir **Pórey**



**NÝTT - Opið hús að Hrísríma 9 (íb 102) í Grafarvogi**

Priðjudaginn 17. maí milli kl 17:30 og 18:00  
157,4 ferm | 3ja herb | verð 37.900.000 | uppl veitir **Pórey**



**NÝTT - Opið hús að Akraholti 18 í Mosfellsbæ**

Priðjudaginn 17. maí milli kl 17:15 og 18:00  
195,2 ferm | einbýli | verð 63.900.000 | uppl veitir **Andri**



**Viðarás (einstök staðsetning / útsýni) á Kjalarnesi**

Bókið skoðun hjá mér í síma 690 3111 / andri@smarinn.is  
199,2 ferm | einbýli | verð 48.900.000 | uppl veitir **Andri**



**TVENNAR SVALIR - Þorlaksgeisli 5 í Grafarholti**

Bókið skoðun hjá mér í síma 663 2300 / thore@smarinn.is  
139,9 ferm | 4ra herb | verð 44.900.000 | uppl veitir **Pórey**



**STÓR BÍLSKÚR - Blikahólar 6 (íb 202) í Reykjavík**

Bókið skoðun hjá mér í síma 690 3111 / andri@smarinn.is  
167,4 ferm | 4ra herb | verð 34.500.000 | uppl veitir **Andri**



**SUMARHÚS - Stráksmýri í landi Indriðastaða**

Bókið skoðun hjá mér í síma 690 3111 / andri@smarinn.is  
65,7 fm + 9 fm útiskúr | GÓLFHITI | verð 24.900.000



Magnús  
Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



**H**önnunarmiðstöð Íslands var stofnuð á vordögum árið 2008 þegar enn lék allt í lyndi í íslensku atvinnulífi, svona eftir því sem flestir best vissu, en við erum afkvæmi kreppu og hluti af nýrri hugsun og annarri nálgun en áður hafði verið í íslensku atvinnulífi,“ segir Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

#### Menning og atvinnulíf

„Styrkur Hönnunarmiðstöðvar Íslands er fölginn í því að hún er beintengd grasrót og atvinnulífi hönnunargreina, því það eru níu félög eða 1.200 félagar sem eiga og reka Hönnunarmiðstöð með stuðningi ráðuneyta atvinnu og nýsköpunar og mennta og menningar. Upplaggið er einstakt því Hönnunarmiðstöð sameinar arkitekta, vöru-, grafíska, fata-, skartgripa-, keramik- og textílhönnuði. Þetta veitir okkur sjálfstæði og nægilega breidd til að gera okkur fært að vinna jafnt að menningarlegum og viðskiptalegum áherslum. Áhersla á skapandi greinar gengur einmitt út á að hætta að líta á menningu og atvinnulíf sem ólíka og jafnvel andstæða póla.

Ég kem úr auglýsingageiranum, er grafískur hönnuður, en að loknu námi og starfi á Íslensku auglýsingastofunni þá stofnuðum við nokkur Grafit, hönnunar- og auglýsingastofu árið 1990, sú stofa varð að Fiton sem var ein af stærstu stofnunum þegar ég hætti og seldi minn hlut vorið 2008. Reynsla úr auglýsingageiranum hefur verið mér mikils virði í Hönnunarmiðstöð, þar skiptir jafn miklu máli að hafa skilning á hönnun og reynslu úr atvinnulífi, þar sem selja þarf hverja klukkustund svo reksturinn gangi upp.“

#### Vanda sig meira

Halla segir að meginverkefni Hönnunarmiðstöðvar sé að sameina hönnunargreinar og kynna virði þeirra fyrir samfélagi, ekki síst atvinnulífi. „Við erum meðvituð um að á Íslandi er ekki sterk hefð fyrir hönnun, enda erum við auðlindabjód ólíkt t.d. Dönun og Holendingum sem hafa lifað á hugverki og viðskiptum öldum saman. Við þurfum því að spyrja okkur hvort við þurfum ekki meiri fjölbreytni í atvinnulífið og tækifæri fyrir ungt vel menntað fólk? Ef svo er þarf að leggja raunverulega áherslu á að auka þessa fjölbreytni og ekki líta á það sem einhvers konar hobbí að ryðja nýjar brautir. Ég er auðvitað sannfærð um að aukin áhersla á hönnunargreinar er verulega mikilvæg enda sannað að áhersla á hönnun getur skilið á milli feigs og ófeigs í þróun vöru, þjónustu og sem tæki til að eiga við þær samfélagsbreytingar sem blasa við okkur í samtímanum.

Það er mikilvægt að draga fram sérstöðu okkar á Íslandi og vinna markvisst með hana. Við verðum að keppa á sérstöðu, hugviti, mynd og gæðum. Það er eina færa leiðin. Þarna hefur hönnun og arkitektúr gríðarlegu hlutverki að gegna. Gott dæmi er sprengingin í ferðamennsku, þar verðum við að vera klók, vanda okkur, grípa rétt tækifæri og nýta þau vel. Göslast minna og vanda okkur meira. Fjárfesting í hönnun, sérstöðu og gæðum mun skila sér margfalt inn í hagkerfið þegar til lengri tíma er lítið.

#### Gjá á milli heima

Áður en ég færði mig yfir í Hönnunarmiðstöð hafði ég alltaf starfað í viðskiptalífi og með fyrirtækjum en hafði litla þekkingu á stjórnkerfi og hinu opinbera. Mér fannst strax snúið að eiga samskipti við stjórnkerfið því þar er erfitt að átta sig á hvernig ákvarðanir eru teknar og á hvaða forsendum, en það er mjög



Halla Helgadóttir framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands allt frá stofnun miðstöðvarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Við erum tilbúin til þess að taka næstu skref

**Halla Helgadóttir**, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands, kallar eftir því að ríki og borg komi að uppbyggingu hönnunargeirans á Íslandi í mun meira mæli en verið hefur því þar felist gríðarleg tækifæri sem samfélagið geti ekki lengur látið fram hjá sér fara.

áhugavert að öðlast reynslu og þekkingu á þessum ólíku heimum. Mér finnst samt merkilegt hvað það virðist vera mikil gjá á milli viðskiptalífs og stjórnkerfis. Skilningurinn á báða bóga er furdulitill og færa færa sig á milli.

Margir innan stjórnkerfis hafa óraunhæfar hugmyndir og minni

þekkingu á atvinnulífinu en þeir halda sjálfir. Einnig er innan stjórnkerfis of mikið af gömlum farvegum sem eru hamlandi. Tregðan við að skapa rými fyrir nýjar áherslur og hugsu stórt í því samhengi er of mikil. Orkan fer í að verja það sem er fyrir og halda því nýja frá. Þess vegna er mjög snúið að reyna að skapa

rými fyrir Hönnunarmiðstöð. Viðbrögðin eru oft að ef lögð er áhersla á hana sé verið að taka frá öðrum í stað þess að líta svo á að verið sé að byggja nýtt sem skilar samfélaginu gæðum. Þetta er því miður innbyggt í kerfið.

Á þessum átta árum höfum við mörgum sinnum lent í óvæntum

aðstæðum þar sem við þurfum ýmist að berjast fyrir tilvist okkar eða gegn skritnum hugmyndum um sameiningar, eða skerðingu á því litla sem við höfum. Það fer óhemju mikil orka í þetta og í tilviljunarkenndum vinnubrögðum felst mikil sóun. En sem betur fer höfum líka átt mjög góða að; framsýnir stjórnálmenn og -konur, metnaðarfullir starfsmenn stjórnkerfis og öflug fyrirtæki hafa stutt okkur dyggilega og án þeirra værum við ekki til.



**STAÐREYNDIN ER AÐ ÞESSI**

**HÓPUR ER EKKI TEKINN**

**ALVARLEGA, NÝTUR EKKI**

**SANNGIRNI OG VIRÐINGAR**

**OG ER FÁRÁNLEGA**

**VANMETINN.**

#### Sköpunin býr við virðingarleysi

Viðskiptalífið bregst hraðar og skýrar við sem er kostur. Mér sýnist samt atvinnulífið hafa oft óraunhæfar hugmyndir um stjórnkerfið og dæma það stundum ranglega. Þetta endurspeglast t.d. í ályktunum frá Viðskiptaráði um hagræðingar innan stjórnkerfis sem virka einfeltningslegar. Árangurs hvati viðskiptalífs er ólíkur stjórnkerfis. Margt má gera betur en það er stundum eins og fólk haldi að sameining sé lausn allra vandamála og í henni felist alltaf hagræðing. Því fer auðvitað fjarri. T.d. er lítið fyrirtæki eða verkefni eins og Hönnunarmiðstöð sem rekin er, með stuðningi hins opinbera, af þörf og ástríðu alltaf hagkvæmara í rekstri en stærra apparat eða stofnun sem er hattur yfir mörg ólík verkefni. Það má ekki vanmeta mátt áhuga og ástríðu sem er miklu öflugri drifkraftur fyrir marga en fé.

Það er hollt að skipta um eins og ég gerði og það hefur vakið mig til umhugsunar um stöðu skapandi fólks og listafólks m.a. vegna þess að ég hef sjálf fundið fyrir forðum sem tengjast því að ég er hönnuður. Staðreyndin er að þessi hópur er ekki tekinn alvarlega, nýtur ekki sanngirni og virðingar og er fáránlega vanmetinn. Nema örfáir sem ná yfirburðarárangri sbr. Björk, Baltasar, Ragnar Kjartansson. Það er ástríða fyrir innihaldinu sem drífur skapandi fólk áfram ekki fé sem þarf vissulega að vera til staðar en er ekki hvatinn. Það þarf þekkingu, menntun, hæfileika, úthald og allt of oft kjark til að ná árangri á sviði skapandi greina og lista. Þess vegna hefur mér brugðið þegar fólk sem hefur ekki neina sérþekkingu á þessu sviði telur sig geta ráðlagt þeim sem hafa hana og sýnir jafnvel hroka. Það er ótrúlegt að á okkar tímum séum við ekki komin lengra. Ég tek þetta ekkert persónulega og sef róleg því þetta er stærra mál en svo að það snúist um einstaklinga en við verðum að fara að hendast inn í nútímann og sjá stóra samhengið í því sem skapar verðmæti.

#### Starfið vex og dafnar

Þegar við byrjuðum 2008 vorum við með samning upp á tuttugu milljónir frá ráðuneyttunum tveim. Árleg veltuaukning hefur verið að meðaltali um 18% úr 20 í um 90 milljónir króna. Fyrir hverja krónu sem ríkið hefur varið í miðstöðina höfum við náð að afla tveggja til viðbótar, þrátt fyrir kreppu og óáran. Miðstöðin er rekin eins og frumkvöðlafyrirtæki þar sem hver króna er nýtt mörgum sinnum og starfsmenn brenna fyrir verkefnunum.

# WHIRLPOOL DAGAR


ÖLL WHIRLPOOL HEIMILISTÆKI  
MEÐ ALLT AÐ 40% AFSLÆTTI



Whirlpool

# LOKADAGAR

ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR  
HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR



Whirlpool

40%

**Whirlpool AKM9010NE**  
60 cm helluborð með 4 keramik  
hellum og rofum. 1 x 2100W hella  
21 cm. 1 x 1700W hella 18 cm.  
2 x 1200W Hella 14,5 cm. Stærð  
(bxhxd): 58 x 49 x 51 cm.

**TILBOÐ**

**29.995**

FULLT VERÐ 49.995



22%

**Whirlpool WHS1021**  
100 lítra frystikista með hraðfrystingu  
og LED skjá sem sýnir hitastig.  
Orkuflokkur A+. Frystigeta 9kg.  
Geymslutími eftir straumrof 22 klst.  
Stærð (hxhxd): 86x52,7x56,9 cm.

**TILBOÐ**

**34.995**

FULLT VERÐ 44.995



38%

**Whirlpool ACM2200**  
Eldavél án blásturs með 4 steyptum  
hellum. 53 lítra ofn. Yfir og undirhiti.  
Grill. Tvöfalt gler í hurð. Geymsluskúffa  
og barnalæsing. Orkuflokkur A. Stærð  
(HxBxD): 85-92 x 50 x 50 cm.

**TILBOÐ**

**49.995**

FULLT VERÐ 79.995



10 ára  
ábyrgð á  
kælipressu

21%

**Whirlpool BSNF8121W**  
Kælikápur með 97 lítra frysti og 222 lítra  
kæli. No Frost. 6th SENSE Fresh Control.  
Multiflow kælivífta. AntiBacteria Filter. LED  
lýsing. Orkuflokkur A+. Frystigeta 4kg / 24  
klst. Stærð (hxhxd): 188,5 x 59,5 x 65,5 cm.

**TILBOÐ**

**74.995**

FULLT VERÐ 94.995



Rollsinn frá  
Whirlpool

20%

**Whirlpool ADPU2030IX**  
Uppþvottavél með 10 kerfi og 6th Sense  
með gufu. PowerClean. LCD skjár. Vatns-  
flæðivörn. Sjálfhreinsandi sía. Þurrkar með  
hita og viftu. Þvottahæfni A. Orkuflokkur  
A+++.

**TILBOÐ**

**99.995**

FULLT VERÐ 119.995



Heimplistæki ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT



Halla fyrir framan núverandi húsnæði Hönnunarmiðstöðvar sem þarf að flytja þaðan á næstunni og því er orðið brýnt að finna viðeigandi húsnæði á góðum stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Strax í upphafi fórum við í stefnumótunarvinnu með baklandi okkar. Við hlógum vantrúuð að því sem þar lenti efst á blaði, „alþjóðleg hönnunarhátíð í Reykjavík“, en viti menn, hér erum við átta árum síðar með HönnunarMars sem vex að gæðum á ári hverju, alþjóðleg hátíð vel þekkt erlendis. Við höfum sinnt kynningarstarfi, rekið vefi á íslensku og ensku, blogg og verið virk á samfélagsmiðlum. Við stóðum fyrir gerð hönnunarstefnu Íslands með tveimur ólíkum ríkisstjórnunum. Í kjölfar hennar var stofnaður hönnunarsjóður sem nú veitir 50 milljónir árlega til verkefna á sviði hönnunar og arkitektúrs. Góður grunnur en auðvitað allt of lítið fé til að byggja undir nýja atvinnugrein. HA – tímarit um hönnun og arkitektúr kom fyrst út 2014 en þá voru líka veitt fyrstu Hönnunarverðlaunin. Þar að auki höfum við staðið fyrir mörgum verkefnum og sýningum erlendis. Starfsemin vex og dafnar og verkefnum fjölga í hlutfalli við það.


#### Miðborgin

Við höfum búið mjög ódýrt í Vonarstræti 4b frá 2009, húsið var tomt og það átti að rífa það. Staðsetningin er frábær og húsið nýttist vel, en við höfum líka þurft að glíma við margvislegar uppákomur, eins og titt rafmagnsleysi, leka, klósett sem flæða yfir, erfiða hljóðvist og jafnvel heimsóknir óvinsælla ferfætlinga. En þægindi starfsmanna eru ekki í forgangi heldur verkefni.

Starfsemi eins og okkar hentar best í miðborg. Þannig getum við þjónustað þá sem til okkar leita, staðið fyrir líflegri starfsemi gestum og gangandi til ánægju um leið og við kynnum, upplýsum, stöndum fyrir sýningum og viðburðum í þágu borgaranna og faggreinanna. Hingað í bakhúsið leitar fjöldi ferðamanna í leit að upplýsingum um hönnun auk þess sem húsgaflinn okkar er einn sá ljósmyndadasti í borginni með verki eftir Sigga Eggertsson.

Það sem okkar gestir dást helst að er hversu sérstök og fjölbreytt miðborgin er með fjölda lítilla hönnunarverslana með eigin vörumerki, skemmtilegar sérverslanir, einstök

## Fjárhagsáætlun menningar- og ferðamálsviðs Reykjavíkurborgar 2016



Myndinni er einungis ætlað að varpa ljósi á hlut hönnunargreina.

veitinga- og kaffihús í bland við gömul og rötgróin fyrirtæki. Þetta er að víkja fyrir keðjum og grátlega einsleitum verslunum. Þar óttast maður gamla íslenska sólbaðsstofu-, fótanuddtækja- eða refabúaaðið sem allir vita hvernig endar. Hvað gerist þegar jarðvegurinn sem ferðaþjónustan í miðborginni byggir á hverfur? Við eigum bara eina alvöru verslunarmiðstöðvar svo það er barnalegt að bera okkur saman við New York eða London þar sem skapandi fólk færir sig yfir í ný hverfi þegar fjármagn hefur innreið sína. Spyr einhver það fólk hvað það vill, langar það að láta hrekja sig út í niðurnídd hverfi til að hressa þau

við svo að aðrir geti komið og sópað upp verðmætunum? Ég held ekki.

Núna eru fyrirtæki hönnuða, sem mörgum gengur vel, að hætta og hrekjast burt úr miðborginni. Þetta er auðvitað hrikalegt fyrir minni sérverslanir sem lifa á því að vera nálægt viðskiptavinum, ferðamönnum og Íslendingum sem eru vanir að versla í miðborginni og njóta þess utan sérstöðunnar sem felst í að vera margar á litlu svæði. Hverjum dettur í hug að þær eiga eftir að lifa af einar langt úr alfaraleið?

Það vantar öflugri leikreglur til að auðvelda uppbyggingu, tryggja eðlilega þróun, jafnvægi og lágmarka árekstra. Stjórnvöld eru í stöðugri vörn og gengur erfiðlega að stjórna,



### SPYR EINHVER ÞAÐ FÓLK

#### HVAÐ ÞAÐ VILL, LANGAR

#### ÞAÐ AÐ LÁTA HREKJA SIG

#### ÚT Í NIÐURNÍDD HVERFI

#### TIL AÐ HRESSA ÞAU VIÐ

#### SVO AÐ AÐRIR GETI KOMIÐ

#### OG SÓPAÐ UPP VERÐMÆT-

#### UNUM? ÉG HELD EKKI.

Því við erum eins og ofvirkur ókurt-eis krakkaskari sem virðir ekki reglur, allir rekast á, meiða sig og rifast. Það á ekkert að hefta okkur í vond kerfi og regluverk, en þetta kaos er of erfitt og tímafrekt.

#### Viljum samstarf við borgina

Við höfum áhyggjur af næstu skrefum. Hönnunarmiðstöð er fyrirtæki rekið á samfélagslegum forsendum, og hvernig sem við snúum því þá er niðurstaðan að það er ekki hægt að reka svona verkefni án stuðnings frá hinu opinbera sem þarf að tryggja rekstrargrunn sem við byggjum ofan á. Ef við náum því ekki er hætt á að verkefnið allt falli aftur á bak um mörg ár miðað við þá uppbyggingu sem hefur átt sér stað. Uppbyggingu sem hefur verið stjórnvöldum verulega ódýr. Það væri glötuð niðurstaða.

Markmiðið er að flytja starfsemina í þokkalegt húsnæði og eðlilegt að Reykjavíkurborg, sem nýtur mjög góðs af starfseminni, styðji það. Við veitum borginni þó nokkra þjónustu, sennum upplýsingum við gesti og gangandi sjáum um samskipti við erlenda blaðamenn. Þar að auki viljum við taka að okkur umsjón með sýningum og kynningum á samkeppnum arkitekta og skipulagsverkefnum borgarinnar. Með öflugri kynningarstarfi og samtali um arki-

tektúr og borgarþróun væri mögulegt að færa umfjöllun til betri vegar öllum til hagsbóta.

Þar að auki er fjöldi aðila sem vill gjarnan vera með okkur í húsnæði, m.a. sumir af þeim sem eru að missa húsnæði í miðborginni; verslanir, sérverkefni og fyrirtæki á okkar sviði. Þess vegna vantar okkur í raun stórt hús á góðum stað. En til að svo geti orðið þurfum við öflugan samstarfsaðila, borgina eða framsýnan og samfélagslega þenkjandi einkaaðila í lið með okkur.

#### Tækifæri og verðmætasköpun

Í skapandi greinum, hönnun og arkitektúr felast mikil tækifæri til verðmætasköpunar. Arkitektar og grafískir hönnuðir tilheyra nú þegar blómstrandi atvinnulífi, meðan vöru- og fatahönnuðir eru að ryðja nýjar brautir og byggja sitt umhverfi upp. Nýjum greinum hönnunar fjölga svo sem viðmótshönnun, þjónustuhönnun, upplifunarahönnun auk hönnunar sem tæki til stefnumótunar.

Hönnunarmiðstöð er á krossgötum. Við náum að halda í horfinu en erum ekki að vaxa og dafna. Hönnunarstefna er til en henni þarf að hrinda í framkvæmd með fjármagn. Er einhver atvinnugrein á Íslandi sem hefur virkilega blómstrað án þess að fá eða hafa í upphafi fengið stuðning eða einhvers konar fyrirgreiðslu frá stjórnvöldum, beina eða í innviði; landbúnaður, sjávarútvegur, orkuviðnaður, matvæla- og ferðaþjónusta, fjármálastarfsemi, tæknigeirar, rannsókn- og vísindaheimur?

Hönnun og arkitektúr eru virðisaukandi og fjárfesting í þeim greinum skilar sér til baka inn í samfélagið, í formi fjármagns og ekki síður betri lífsgæða. Hönnunarmiðstöð er tilbúin til að taka næstu skref og það eru mikil sóknarfæri. Þörfin fyrir öflugri þjónustu frá okkur er mikil, svo hægt sé byggja upp sterkari innviði og ná meiri árangri. Það er búið að vinna mikið kynningarstarf sem nú þarf að fylgja eftir. Ég er praktísk og árangursdrifin og finnst rugl að þeir sem vinna við að styðja aðra sóluandi dýrmetum tíma í stöðuga baráttu fyrir eigin lífi. Þar að auki erum við að tala um smáaura, a.m.k. miðað við jarðgöng.



# ALLTAF VIÐ HÖNDINA



Þú getur alltaf nálgast Fréttablaðið á þægilegan og fljótlegan hátt. Blaðið er einnig aðgengilegt í heild sinni á [visir.is](http://visir.is) og í Fréttablaðs-appinu fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.


FRÉTTABLAÐIÐ

... allt sem þú þarft

Þú færð appið á [extras.visir.is/fbl](http://extras.visir.is/fbl) eða beint í gegnum



## TÆKNI



Quantum Moves hefur slegið í gegn og þá sérstaklega á Íslandi. Vísindamennirnir í Árósum velta því fyrir sér hvort Ísland sé einhvers konar skammtaþjóð.

Kjartan Hreinn  
Njálsson  
kjartanh@365.is



Á sviði hins agnarsmáa skammtaheims er ekki hægt að ganga að neinu sem vísu. Agnirnar eru svona og stundum hinsegin. Stundum eru agnirnar bæði svona og hinsegin. Stundum er ögnin hérna. Stundum er hún hérna og alls staðar. Skammtaheimurinn er furðulegur. Það alheimssvið sem við þekkjum er stórt og ápreifanlegt. Náttúruleg málin eru huggun okkar þegar hinn kunnuglegi heimur virðist skyndilega framandi og handahófskenndur. Því í grunninn er leiksvið okkar rökrétt. Það er því athyglisvert að þegar kemur að því að leysa vandamál á sviði hins örökretta skammtasviðs virðist innsæi og reynsla nútímamannsins afar öflugt tól.

#### Líkja eftir náttúrulegum kerfum

Möguleikar skammtatölvunnar eru við fyrstu sýn ekki augljósir, en stórbrotin eru þeir sannarlega. Slík vél kemur til með að hjálpa okkur að svara stórum spurningum. Þetta eru spurningar er varða loftslagsbreytingar, lyfjaþróun, leitina að framandi lífi o.fl. Útreikningar hefðbundinnar tölvu byggjast á tvenndarkerfi (1 eða 0) og á smárum sem ýmist eru virkir eða óvirkir. Slík vél getur aldrei líkt eftir náttúrulegum kerfum. Það gæti skammtatölvun gert.


Vísindamenn vítt og breitt um heiminn vinna nú að þróun skammtatölvunnar, og stór skref hafa verið tekin á síðustu árum. Ein slík vél er í fæðingu í kjallara í háskólanum í Árósum. Stór hópur kemur að verkefninu, þar á meðal er Ottó Eliasson, 28 ára gamall doktorsnemi í eðlisfræði. Ottó og kollegar hans eiga þó við vandamál að etja.

#### Ljóstangirnar mundaðar

Framtíðartækið í kjallaranum byggir á því að róa alkalímálmaátóm (atómin sem eru lengst til vinstri í lotutöflunni). Þannig er hægt að

# Innsæi mannskepunnar hlaðið niður

Hópur vísindamanna við Árósháskóla freistar þess að virkja áræði og innsæi tölvuleikjaspilara við smíði á nýrri tegund skammtatölvu.



Leikurinn byggir á því að færa atómshjúpa eða bylgju í brunn. Vísindamennirnir mæla árangur spilara og hlaða niður upplýsingunum.

koma þeim niður í skammtafræðilegt grunnástand og þar með stjórna þeim af mikilli nákvæmni. Hægt er að líkja þessu ástandi við ský, skipað milljón atómum eða svo (í sandkorni eru að finna u.þ.b. 50 milljón milljón atóm). Leysigeislum er beint inn í skýið sem myndar ljósgrind eða ljóskristal. Atómunum er síðan raðað niður eins og eggjum í eggjabakka. Hérna flækjast málin fyrir Ottó og félagar hans.

„Við stöndum frammi fyrir því

vandamáli að við þurfum að taka eitt atóm á ákveðnum stað og flytja það á annan stað án þess að það hitni og hverfi úr þessu ástandi sínu. En um leið viljum við gera þetta hratt því kristallinn lifir ekki lengi. Við höfum ekki nema eina eða tvær sekúndur til að gera það sem við viljum gera,“ segir Ottó.

Það má líkja þessu við kvæma ferli við að missa ekki dropa úr kjaffullu vatnsglasi og keppa í spretthlaupi á sama tíma. Óflugum tölvum hefur

ekki tekist að leysa þetta verkefni. Jakob Sherson, sem fer fyrir verkefninu, fékk þá hugmynd að taka innsæi tölvuleikjaspilara og eftir að 300 spilarar skiluðu 12 þúsund niðurstöðum í fyrstu tilraun var ljóst að innsæi mannskepunnar og undarleg lögmál skammtafræðinnar fara ágætlega saman.

#### Skammtastemming

„Við sáum strax að fólk getur gert þetta betur en tölvun,“ segir Ottó. „Með því að blanda saman lausnum frá fólki og tölvuvinnu fáum við enn betri hugmyndir um hvernig í ósköpunum við getum flutt þetta atóm milli staða og um leið haldið ástandi þessi góðu.“

Tölvuleikurinn Quantum Moves byggir á framandi lögmáli skammtafræðinnar; að hugsa um atómið sem bylgju. Í leiknum þarf spilarinn að færa atómið, eða bylgjuna, í brunn eins hratt og mögulegt er og án þess að það sullist yfir brúnina. Brunnurinn er í raun ljósgrindin eða eggjabakkinn. Á meðan spilarinn notar puttana til að færa bylgjuna til safnar leikurinn upplýsingum sem vísindamennirnir í Árósum nota til að þróa betri algrím fyrir skammtatölvuna. Segja má að innsæi mannskepunnar sé hlaðið niður og þetta skammtafræðilega hugsæi krefst



BESTU

LAUSNIRNAR

SEM VIÐ HÖFUM FENGID

ERU FRÁ GRUNNSKÓLA-

NEMANDA Í JÓTLANDI OG

FRÁ LEIGUBÍLSTJÓRA. ÉG

ER SJÁLFUR GLATAÐUR

Í ÞESSUM LEIK.

ekki þekkingar á lögmálum hins agnarsmáa.

„Bestu lausnirnar sem við höfum fengið eru frá grunnskólanemanda í Jótlandi og frá leigubílstjóra. Þetta hefur ekkert með stétt eða stöðu að gera,“ segir Ottó og bætir við: „Ég er sjálfur glataður í þessum leik.“

#### Skammtaþjóðin Ísland

Niðurstöðurnar úr fyrstu tilraun með Quantum Moves voru kynntar í Nature en síðan þá hefur leikurinn slegið í gegn. „Á síðustu vikum erum við með 130 þúsund spilara og leikurinn hefur verið spilaður 6 milljón sinnum. [...] Það kom skemmtilega á óvart að leikurinn náði hæstum hæðum á Íslandi. Við erum að grínast með að Ísland sé einhvers konar skammtaþjóð.“

Það sem tekur við hjá Ottó er að smíða þetta flókna kerfi. Aðrir greina gögnin og það tekur tíma. Ottó og hópurinn í Árósum vonast til að þróa betri aðferðir við að beita ljóstöngunum sem stjórna atómum en Quantum Moves hefur um leið varpað annars konar ljósi á staðreynd sem nú þarf að rýna í: „Að skilja hvernig við erum betri en tölvurnar og athuga hvort við getum fengið tölvur til að gera það sama.“

Hægt er að nálgast Quantum Moves í App Store og Play Store.



ÞAÐ ER GRILLVEÐUR  
UM ALLT LAND Í DAG!



ÞAR SEM  
ER ÁST,  
ÞAR ER  
GRILL

TVÆR NÝJAR FÓTBOLTABÆKUR  
ÓMISSANDI Í SAFNIÐ



VEISLAN ER RÉTT AÐ BYRJA

NÚ LOKSINS FÁANLEG SEM  
KILJA BEINT Í FERÐALAGIÐ



GRÁTBROSLEG  
SAMTÍMASAGA

MÖGNUM OG  
SPENNANDI SAGA

ALLT UM  
BIEBERINN

## Saga til næsta bæjar



### Stefán Pálsson skrifar um frægan strandaglop

Sagan af skipbrotsmanninum Róbinson Krúsó er ein af þeim sögnum sem allir þekkja en fæstir hafa lesið. Eða öllu heldur: flest þekkjum við meginatriði sögunnar um sæfarann óheppna úr kvikmyndum, sjónvarpi eða einfölduðum endursögnum. Miklu færri hafa hins vegar barið sig í gegnum nærri þrjú hundruð ára gamlan frumtextann eftir Daniel Defoe.

Bókmenntafræðingar hafa kallað bókina um Róbinson Krúsó fyrstu ensku nútímaskáldsöguna. Þótt endalaust megi þrætta um slíkar skilgreiningar, er óumdeilt að áhrif hennar hafa verið mikil.

Bókin kom út vorið 1719 og lagði langur og lýsandi titillinn undir sig mestalla forsíðuna að þeirra tíma sið. Í lauslegri þýðingu er hann eitthvað á þessa leið: „Lífshlaup og hin skringilegu og óvæntu ávintýri Róbinsons Krúsó, sæfara frá Jörvík: sem lifði einn síns liðs í 28 ár á eyðieyju úti fyrir ströndum Ameríku í grennd við ósa Orinoco-fljóts, eftir að hafa einn manna lifað af skipsstrand, ásamt frásögn af því hvernig honum var að lokum bjargað á sérkennilegan hátt af sjóræningjum.“

Sú hugmynd að nauðsynlegt væri að halda söguþráðinum leyndum fyrir lesandanum var greinilega ekki búin að ryðja sér til rúms í byrjun átjándu aldar. Sama mátti raunar segja um margt annað varðandi listformið, til dæmis voru mörkin milli sannleika og skáldskapar ekkert sérstaklega skýr. Þannig var bókin ekki merkt Defoe heldur aðalsögupersónunni og það staðhæft að um raunverulegar endurminningar væri að ræða. Því fengust þó fæstir til að trúna og þegar innan árs komu út fyrstu ritlingarnir þar sem reynt var að færa sönnur á að bókin væri uppspuni.

#### Hrakningasaga

Raunar var söguþráðurinn með slíkum ólíkindum að furðulegt má telja að nokkrum hafi komið annað til hugar en um skáldskap væri að ræða. Sagan segir frá ungrri söguhetjunnni sem gerist sjómáður árið 1651 í óþökk fjölskyldu sinnar sem vildi senda hann til mennta. Ekki byrjar ferillinn á sjónum vel og ungi maðurinn fellur í hendur sjóræningja

frá Marokkó sem hneppa hann í ánaud. Eftir tvö ár tekst Krúsó að flýja úr haldi ásamt ungum afrískum pilti, Xury að nafni. Þeir sleppa um borð í portúgalskt skip sem er á leið til vesturheims. Þegar þangað er komið selur Krúsó skipstjóranum Xury vin sinn fyrir vænan skilding og er þar sleginn tónninn fyrir sögunna, þar sem sjálfsagt þykir að fólk af öðrum kynþáttum lúti stjórn og duttlungum hvíta mannsins.

